BRÚÐARTÍSKA Í BARSELÓNA
*Rómantískar brúðir í kjólum frá Lacroix*
tíska heilsa veiði heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



BÖRN
*Einar einstaki er tólf ára töframaður*
Sérblað um börn
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. maí 2008 — 144. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Sérstakt ár fyrir kórinn



Vox Feminae heldur upp á fimmtán ára starfsafmæli sitt.
TÍMAMÓT 34

### Óþekkjanlegur antíksali

Jónas Ragnar Halldórsson segir fólk ekki þekkja sig á götu eftir að hann léttist um 73 kíló.
FÓLK 58

### Tekur upp Idol-stjörnu



Snorri Snorrason stýrir upptökum á plötu annarrar Idol-stjörnu.
FÓLK 48

### Tap fyrir Walesverjum



Ísland tapaði fyrsta leiknum á Laugardalsvellinum undir stjórn Ólafs Jóhannessonar.
ÍÞRÓTTIR 52

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART VESTAN TIL** Í dag verður víðast hæg austlæg átt. Lítils háttar væta suðaustan og austan til í dag en yfirleitt bjart veður á landinu vestanverðu. Hiti 10-17 stig, hlýjast til landsins.
VEÐUR 4

# Lá á gólfinu næturlangt á dvalarheimili

**Íbúi á dvalarheimili aldraðra á Djúpavogi féll fram úr rúmi sínu og lá hjálparlaus á gólfinu næturlangt. Hvorki er næturvarsla né neyðarhnappur á heimilinu. Aðstandendur hafa sent heilbrigðisráðuneyti bréf og telja lög vera brotin.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Aðstandendur konu sem býr á dvalarheimili aldraðra á Djúpavogi hafa sent heilbrigðisráðuneytinu bréf þar sem kvartað er undan aðbúnaði á heimilinu. Konan hefur tvisvar á skömmum tíma dottið fram úr rúmi sínu að næturlagi. Í annað skiptið lá hún á gólfinu það sem eftir lifði nætur.

Engin næturvarsla er á dvalarheimilinu og enginn neyðarhnappur er í vistarverum íbúanna. Einungis er gefið upp símanúmer sem íbúunum er sagt að hringja í þurfi þeir aðstoð á nóttunni.

Í bréfi aðstandendanna kemur fram að þegar konan hafi dottið fram úr rúmi sínu hafi hún hringt í uppgefið símanúmer en ekki fengið svar.

Þegar hún varð þess vör að starfsfólk var mætt til vinnu um morguninn, skreið hún að hurðinni, barði í hana og kallaði í drykklanga stund, þar til hún fékk aðstoð.

Aðstandendurnir segja að aðstaðan brjóti í bága við lög. Í svarbréfi ráðuneytisins kemur fram að það hafi sent erindið til lækningaforstjóra og hjúkrunarforstjóra Heilbrigðisstofnunar Austurlands, þar sem stofnunin reki nú dvalarheimilið.

Lilja Aðalsteinsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands, segir reksturinn hafa verið færðan frá sveitarfélaginu til stofnunarinnar um síðustu áramót og aðstaðan sé óbreytt.

„Við eigum eftir að vinna í þessu,“ segir Lilja. Hún neitaði því ekki að íbúarnir hefðu dottið fram úr rúmum sínum á nóttunni og þurft að bíða eftir aðstoð.

„Það eru ekki fjárhagslegar forsendur til að hafa næturvakt á dvalarheimilinu, það er heila málið,“ sagði hún.

Í gær sagði hún að forsvarsmenn dvalarheimilisins væru að funda um þessi mál. **- jss**



**TÁKNMYND FÓRNARLAMBA UMFERÐARSLYSA** Sérstök umferðaröryggisvika er nú haldin á vegum Umferðarráðs í tilefni af því að 40 ár eru liðin frá því að skipt var yfir í hægri umferð á Íslandi. Á þeim 40 árum hafa 916 einstaklingar látist í umferðinni og var þeirra minnst með táknrænum hætti fyrir framan Dómkirkjuna í Reykjavík í gær þar sem 916 skópörum var raðað upp af nemendum Listaháskóla Íslands. **Sjá síðu 6** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum gagnrýna stjórnvöld fyrir þögn og seinagang:

# Óttast tafir á smíði nýrrar ferju

**SAMGÖNGUMÁL** Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum segja að ríkisstjórnin hafi í tvígang fjallað um tilboð þeirra í smíði og rekstur nýrrar farþegaferju, án þess að komast að niðurstöðu. Kristján L. Möller samgönguráðherra segir það rangt.

Bæjarráð fjallaði í gær um tilboð bæjarins og Vinnslustöðvarinnar í smíði og rekstur nýrrar farþegaferju. Fyrir fundinum lágu upplýsingar um að ríkisstjórnin hefði fjallað um málið á mánudag „en enn frestað afgreiðslu þess. Engar upplýsingar um málið hafa þó borist Vestmannaeyjabæ um hvað valdi þessum töfum og seinki ákvörðun“, segir í bókun ráðsins. Bæjarráð harmar seinagang í málinu og telur líklegt að tilboðinu verði hafnað. Samgönguráðherra hafnar því að ágreiningur sé milli stjórnarflokkanna. **- shá /** **sjá síðu 8**



**HERJÓLFUR** Óttast er að ný ferja hefji ekki siglingar á tilsettum tíma.



**FJÖGUR MÖRK** Kvennalandsliðið lék vel í Serbíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

Kvennalandsliðið í fótbolta:

## Sigur í Serbíu

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið hélt áfram frábæru gengi sínu undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar þegar liðið vann 4-0 stórsigur á heimakonum í sjöðandi hita í Serbíu en leikurinn var í undankeppni EM.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk í leiknum og hefur skorað í sex „alvöru“ landsleikjum í röð. **- óój /** **sjá síðu 54**

Fundur um Norðurskautsmál:

## Öryggi siglinga og lögsögumörk

**GRÆNLAND, AP Ráðherrar frá ríkjunum fimm sem eiga strendur að Norður-Íshafi funda nú í bænum Ilulissat á Grænlandi. Á fundinum verður rætt um yfirráð á Norðurskautssvæðinu.**

**Auk deilna um lögsögumörk eru á dagskrá viðræðnanna mál á borð við hafvernd, öryggi siglinga og skipting ábyrgðar á neyðaraðstoð ef nýjar siglingaleiðir opnast.** **- aa /** **sjá síðu 18**

Nýjar þjóðhagsspár:

## Dökkt yfir

**VIÐSKIPTI** Í nýrri þjóðhagsspá Glitnis er gert ráð fyrir lengra stöðnunarskeiði en áður var spáð. Einnig telur bankinn að vextir Seðlabanka Íslands fari lægst í 7 prósent árið 2010 og taki að hækka á ný árið 2011. Einnig segir í spánni að húsnæðisverð lækki um 15 prósent að raunvirði.

Alþýðusambandið gerir ráð fyrir að einkaneysla heimila dragist saman vegna samdráttar í kaupmætti og aukinnar vaxtabyrði. **- bþa /** **sjá síðu 24**









## SPURNING DAGSINS



*Hrafn, flýgur hrafninn ekki til Liverpool?*

„Í svona veikindum get ég sagt það eitt að Krummi svaf í Klettagjá.“

Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndaleikstjóri neyddist til að afboða sig í afmælisferð FTT til Liverpool vegna veikinda.

Flokksformenn reyni í sameiningu að finna viðunandi lausn á eftirlaunakjörum:

# Eftirlaunamálið rætt í sumar

**ALÞINGI** Formenn stjórnmálaflokkanna munu í sumar reyna að finna viðunandi lausn á eftirlaunamálinu. Geir H. Haarde forsætisráðherra greindi frá því á Alþingi í gær.

Sagði hann formenn stjórnarflokkanna hafa rætt málið ítarlega upp á síðkastið og að formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafi tekið vel í málaleitan um samstarf. Er stefnt að því að leggja fram þingmál á haustþingi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir mikilvægt að samstaða náist um að leiðrétta mistök sem gerð hafi verið við setningu frumvarpsins árið 2003.

Hún segir líklegt að afnema þurfi réttindi sem einhverjir hafi þegar áunnið sér, en ræða þurfi allar hliðar málsins í sumar.

Um leið og Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, lýsti sig samþykkan þessari tilhögun velti hann fyrir sér hvort heilladrýgst væri fyrir þingheim að kjararáð fjallaði um eftirlaun þingmanna í stað þeirra sjálfra.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, sagði tilhögun formanna stjórnarflokkanna ömurlega tilraun til kattaþvottar. Fyrir þinginu lægi frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur sem rétt væri að greiða atkvæði um. Óttaðist hann að í sumar yrði reynt að halda í einhver þau sérréttindi sem núgildandi eftirlaunalög tryggi þingmönnum og ráðherrum. **- bþs / bj**



**RÁÐHERRAR** Formenn stjórnmálaflokkanna munu að líkindum reyna að finna lausn á eftirlaunamálinu í sumar.

Tíðni giftinga og skilnaða:

# Þriðju hver hjón skilja

**FÓLK Þriðja hvert hjónaband sem stofnað er til hér á landi endar með skilnaði. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands um tíðni giftinga og skilnaða sem birtar voru í gær.**

**Uppsafnað skilnaðarhlutfall var 33 prósent í fyrra, en mældist 35 prósent árið 2006. Hlutfallið er lægra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Hæst er það í Svíþjóð þar sem 55 prósent hjónabanda enda með skilnaði.**

**Í fyrra gengu 1.708 pör í hjónaband hér á landi, auk þess sem nítján samkynhneigð pör staðfestu samvist. Skilnaðir voru 515 talsins.** **- bj**

Könnun á trausti borgarstjóra:

# Borgarstjóri svarar ekki

**SVEITASTJÓRNARMÁL Tæplega fjórtán prósent borgarbúa bera mikið eða mjög mikið traust til Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra. Ólafur hefur ekki séð sér fært að svara spurningum Fréttablaðsins vegna þessa.**

**Könnun á trausti borgarbúa til borgarstjóra var birt í Fréttablaðinu á þriðjudag. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir síðastliðna tvo daga hefur Ólafur ekki gefið kost á viðtali vegna niðurstöðunnar.**

**Könnunin leiddi í ljós að rúmlega tveir þriðju hlutar aðspurðra sögðust bera lítið eða mjög lítið traust til Ólafs.** **- bj**

Segja ránið skyndihugdettu:

# Tveir af fjórum krefjast sýknu

**DÓMSMÁL** Verjendur tveggja af fjórum piltum, sem játað hafa á sig aðild að vopnuðu ráni í Sunnubúð við Mávahlíð, krefjast sýknudóms yfir skjólstæðingum sínum. Hinir tveir krefjast lægstu mögulegu refsingar.

Við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær sögðu piltarnir allir að ránið hafi verið skyndihugdetta. Hvatirnar að baki ráninu hafi verið heimska og fíflaskapur.

Þeir voru allir sextán ára þegar ránið var framið, í nóvember á síðasta ári. Þrír þeirra réðust inn í búðina vopnaðir öxi og stálkylfu, en sá fjórði beið í bílnum. **- kg**

## LÖGREGLUMÁL

### Tekinn með kókaín

Fíkniefni fundust við húsleit í fjölbýlishúsi í Reykjavík í fyrrakvöld. Talið er að um sé að ræða 25 grömm af kókaíni. Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn vegna rannsóknar málsins.

# Verðhækkanir á olíu að sliga útgerðirnar

**Hlutfall olíukostnaðar af tekjum útgerðarinnar er yfir tuttugu prósentum. Gangi spár eftir um frekari hækkanir fer olíukostnaður langt yfir þolmörk útgerðarinnar, að mati hagfræðings LÍÚ. Veiði á einstökum tegundum gæti lagst af.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þróun olíuverðs að undanförnu er grafalvarlegt mál. Þegar olíukostnaður útgerðarinnar er kominn yfir tuttugu prósent en ætti að liggja í um átta prósentum þá hefur það gríðarleg áhrif á afkomu útgerðarinnar,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna. Frekari hækkanir heimsmarkaðsverðs á olíu gætu knésett íslensk útgerðarfyrirtæki.



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**

Allt stefnir í að íslensk útgerðarfyrirtæki muni greiða tæplega 19 milljarða fyrir olíu á þessu ári. Hlutfall olíu í kostnaði útgerðarinnar er komið yfir 20 prósent en eðlilegt telst að sá kostnaður sé í kringum átta prósent. Kostnaður við kolmunna- og úthafskarfa er orðinn rúm þrjátíu prósent af tekjum og það gæti farið svo að íslensk fyrirtæki hætti að sækja í þessar tegundir, eins og kom fram í máli útgerðarmanna sem Fréttablaðið ræddi við.

„Þetta er einfalt reikningsdæmi. Þetta fer algjörlega með afkomu margra útgerða,“ segir Friðrik en hann tekur ekki undir orð Jans Ivars Marak hjá samtökum norskra útgerðarmanna um að ríkið eigi að létta útgerðarmönnum róðurinn. „Það verður hins vegar æ furðulegra að sérstakur skattur sé lagður á útgerðina í formi veiðigjalds.“

Svartsýnustu spár um þróun olíuverðs gera ráð fyrir að tonn af hráolíu muni kosta 150 dollara fyrir lok ársins og nái 200 dollaramarkinu á næsta ári. Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ, segir málið einfalt: þróist verð á olíu með þessum hætti sé það langt út fyrir þolmörk útgerðarinnar. Verð við lok markaða í gær var um 130 dollarar fyrir tonnið.

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, segir olíuverðshækkanirnar hafa haft skelfilegar afleiðingar fyrir afkomu fyrirtækisins. „Það sem gerist er að það verður ekki arðbært að veiða tilteknar tegundir. Kolmunni er dæmi um það þar sem vertíðinni er í raun lokið og hluti kvótans fellur einfaldlega niður. Þetta mun eiga við um aðrar tegundir ef olíuverð hækkar enn þar sem það er takmarkað hvað hægt er að hafa sig í frammi við að ná í tilteknar tegundir.“

Eggert segir að útgerðirnar muni enn frekar en áður einbeita sér að því að minnka olíueyðslu skipanna. „Það er alltaf verið að skoða veiðarfæri sem útheimta minni olíueyðslu. Til dæmis hefur þetta áhrif á hvort menn nota stór troll eða nót við uppsjávarveiðar.“

svavar@frettabladid.is

**TEKJUR OG OLÍUKOSTNAÐUR ÚTGERÐAR 1998-2008**






**STARFSSYSTUR** Ráðherrarnir heilsast á síðasta fundi sínum í Washington 11. apríl síðastliðinn. NORDICPHOTOS/AFP

Utanríkisráðherrafundur:

# Condoleezza Rice í Reykjavík

**UTANRÍKISMÁL** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kemur í fyrramálið í vinnuheimsókn hingað til lands. Hún mun eiga viðræður við starfssystur sína, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrir hádegið og snæða síðan hádegisverð í boði Geirs H. Haarde forsætisráðherra í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Að því loknu hverfur hún aftur af landi brott.

Rice hefur verið utanríkisráðherra í ríkisstjórn George W. Bush Bandaríkjaforseta síðan árið 2005. **- aa**

Afborganir lána þyngjast:

# Búist við aukningu vanskila

**EFNAHAGSMÁL „Við búumst við frekari aukningu vanskila, að minnsta kosti virðist þróunin vera í þá áttina,“ segir Ragnar Hafliðason hjá Fjármálaeftirlitinu. Vanskil við banka og sparisjóði jukust á fyrsta ársfjórðungi, eftir að dregið hafði úr vanskilum frá árinu 2002. Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, segir að búast hefði mátt við auknum vanskilum. „Þá er einnig við því að búast að vanskil aukist þegar vaxtakjör verða lántakendum erfiðari.“ Þá dragi úr kaupmætti og vanskil kynnu enn að aukast, verði mikil lækkun á verði fasteigna.** **- ikh /** **sjá síðu 24**

HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ
LYFJAVER APÓTEK
Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005
Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:
Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS

ASÍ birtir samanburð á ofurlaunum stjórnenda og árslaunum verkamanna:

# Ævistarfið unnið á 66 dögum

**KJARAMÁL** Það tók æðsta stjórnanda Kaupþings aðeins 66 daga að vinna sér inn fyrir ævilaunum verkamanns árið 2006, samkvæmt upplýsingum ASÍ. Árslaun stjórnanda Kaupþings voru á við árslaun 250 verkamanna árið 2006.

ASÍ fjallar um ofurlaun í vorskýrslu hagdeildar samtakanna. Þar kemur fram að stjórnendur bankanna skeri sig nokkuð frá stjórnendum annarra fyrirtækja.

Stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins fá margföld árslaun verkamanna í laun, að meðtöldum kaupréttarsamningum og öðrum viðlíka fríðindum. Sé til dæmis miðað við 45 ára starfsævi fékk æðsti stjórnandi Kaupþings milli fimm og sex ævilaun verkamanns í laun árið 2006.

Launin hjá Kaupþingi voru heldur lægri í fyrra, á við 202 árslaun verkamanns, eða milli fjögur og fimm árslaun.

Hjá Glitni fékk forstjóri bankans árslaun 151 verkamanns á síðasta ári, og árslaun 63 verkamanna árið á undan. Forstjóraskipti voru á síðasta ári, og fékk nýr forstjóri laun á við 99 árslaun verkamanna, eða ríflega tvenn ævilaun.

**LAUN ÆÐSTU STJÓRNENDA NOKKURRA FYRIRTÆKJA**

**Reiknað í fjölda árslauna verkamanna**

| Fyrirtæki | 2006 | 2007 |
|---|---|---|
| Glitnir | 63 | 151/99* |
| Landsbankinn | 44 | 43 |
| Kaupþing banki | 250 | 202 |
| Bakkavör | 38 | 35 |
| Exista | 28 | 53 |
| FL-Group | 15 | 37 |
| Eimskipafélag Íslands | 7 | 15 |
| Marel | 14 | 24 |
| Straumur Burðarás | 25/18* | 99 |

**Heimild: ASÍ.**

*Skástrik skilur á milli forstjóra í fyrirtækjum sem skiptu um stjórnanda á árinu.

„Þau fyrirtæki sem hér eru skoðuð eru í öllum tilvikum almenningshlutafélög og því má [...] velta því fyrir sér hvort það sé forsvaranlegt gagnvart hluthöfum að greiða launakostnað á borð við þann sem hér hefur verið sýndur,“ segir í skýrslu ASÍ. **- bj**

# Toys R Us

KOMDU Á RISASTÓRA OPNUNARHÁTÍÐ OKKAR Á AKUREYRI
ÞANN 30. MAÍ KL. 10

SUNNUDAGINN 1. JÚNÍ OPIÐ 10-18

124296
**BRATZ BABYZ BRÚÐHJÓN**
Yasmin og Cameron eru nýgift. 12 cm.
Venjulegt lágvöruverð er 3499,-
½ VIRÐI
**1.749**
SPARIÐ 1.750

089262/63/9347
**BABY BORN DÚKKA**
Opnar og lokar augum. 43 sm
Hægt er að velja á milli ljósrar eða dökkrar stelpu eða ljós stráks
Venjulegt lágvöruverð er 6.499
EINSTAKT VERÐ
FRJÁLST VAL
**4.599**
SPARIÐ ALLT AÐ 1.900

471008
**LITTLE TIKES SMÁBARNARENNIBRAUT**
Verð 5.499
**2.999**
SPARIÐ 2.500
50 STK
Með mjúkri lendingarmottu

112654
**SIRKUS (4230)**
Bjóddu vinum þínum í sirkus - borðaðu popp og horfðu á allar skemmtilegu kúnstirnar. Með fígúrum og heilmikið af aukahlutum.
Þarf 2 E-rafhlöður Venjulegt lágvöruverð er 16.499
playmobil
½ VIRÐI
**8.249**
SPARIÐ 8.250
100 STK

124297
**BRATZ BABYZ TRIIIPLETS**
Með 3 BRATZ-dúkkum. 12 sm.
Venjulegt lágvöruverð er 3.999
½ VIRÐI
**1.999**
SPARIÐ 2.000

181235
**DACKO FLIP TWIZTER**
Fjarstýrð. Með rafhlöðum og hleðslutæki. Með framöxli og afturöxli sem snýst í hringi - þú getur gert magnaða hluti. 31 sm. 7 aðgerðum. 15 km/t. 40 MHz. Venjulegt lágvöruverð er 6.999
**3.999**
SPARIÐ 3.000
100 STK

062612
**ROBOSAPIEN**
Þarf 4 A-rafhlöður og 3 E-rafhlöður. Venjulegt lágvöruverð er 8.999,00
**4.999**
SPARIÐ 4.000
100 STK

211408
**CARS SKATEBOARD**
Venjulegt lágvöruverð er 3.499,00
NÝTT
**1.999**
SPARIÐ 1.500
100 STK

211135
**ATLANTA SKATE SCOOTER**
Úr áli með ABEC 5 kúlulegum og 100 mm PU kristalræru háhraða stýrihjóli. Hægt er að stilla hæðina á stýrinu.
6.899
½ VIRÐI
**3.449**
SPARIÐ 3.450
Atlanta
300 STK

211410
**CARS HLAUPAHJÓL**
Fótbremsur, handfang úr frauði, stillanlegt stýri og hæð. Auðvelt að brjóta saman.
Verð 7.299
100 STK
**4.799**
SPARIÐ 2.500

211215
**BRATZ SKATESCOOTER**
Með 120 x 24 mm hjólum, ABEC 5 kúlulegum og fótbremsu.
Er hægt að stilla á hæðina og brjóta saman. Með geymslupoka.
Venjulegt lágvöruverð er 5.499
75 STK
**2.999**
SPARIÐ 2.500




Tilboðin á þessari blaðsíðu gilda meðan birgðir endast eða til 1. júní

Það er ekki hægt að versla í gegnum póstkröfu hjá okkur.

OPNUNARTÍMAR AKUREYRI
Mánudaga-Föstudaga 10 - 18.30
Laugardaga 10 - 17
Sunnudaga 12 - 17

**AKUREYRI, GLERÁRTORG. SÍMI 461 4500**

Virðisaukaskattur er innifalinn í verði. Við gerum fyrirvara á hugsanlegar prentvillur og að vörur hafi selst upp.

## GENGIÐ 28.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,17 | 73,51 |
| Sterlingspund | 144,56 | 145,26 |
| Evra | 114,76 | 115,4 |
| Dönsk króna | 15,381 | 15,471 |
| Norsk króna | 14,588 | 14,674 |
| Sænsk króna | 12,295 | 12,367 |
| Japanskt jen | 0,6991 | 0,7031 |
| SDR | 119,16 | 119,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 147,8522

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landlæknisembætti vísar máli Magnúsar Skúlasonar geðlæknis til lögreglu:

# Gæti þurft að dvelja í ár í fangelsi

**LÖGREGLUMÁL** Máli Magnúsar Skúlasonar geðlæknis og Óskars Arnórssonar, sem titlar sig áfengisráðgjafa, hefur verið vísað til lögreglu að sögn Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis.

Magnús varð uppvís að því að svíkja út ávanabindandi lyf til eigin neyslu í nafni skjólstæðinga sinna. Óskar sótti lyfin í lyfjabúðir en hefur nú viðurkennt að hafa afhent Magnúsi þau öll.

Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður telur að Magnús gæti átt yfir höfði sér sex til tólf mánaða fangelsivist. Hann telur erfitt að segja til um hve löng skilorðsbundin refsing gæti orðið þar sem hann hann muni ekki eftir hliðstæðu máli.



BRYNJAR NÍELSSON



MATTHÍAS HALLDÓRSSON

Magnús missti fyrir tæpu ári réttindi sín til að ávísa ávanabindandi lyfjum. Hann fékk því tvo starfsbræður sína til að skrifa upp á lyf sem hann sagði ætluð sjúklingum sínum. Óvíst er til hvaða aðgerðar verður gripið í máli þeirra en Sigurður Guðmundsson landlæknir sagði í gær að þótt þeir hefðu skrifað upp á lyf í góðri trú bæru þeir enn ábyrgð á lyfjaávísunum sínum.

Matthías segir vonir standa til þess að þær breytingar sem nú verða á Sogni í kjölfar brottvikningar Magnúsar verði til þess að efla starfið á Sogni. Annar maður hefur verið ráðinn til að stjórna stofnuninni og von er á öðrum geðlækni auk reynslumikils iðjuþjálfa þar til starfa. **- kdk**

Aukin samvinna innan BHM:

# Skerðing svipuð og hjá öðrum

**KJARAMÁL** Öll aðildarfélög BHM utan eins hafa samþykkt að hefja formlega samvinnu í kjaraviðræðum við ríkið. Fyrsti sameiginlegi fundur 22 aðildarfélaga með samninganefnd ríkisins mun fara fram hjá ríkissáttasemjara í dag.

Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, segir að í því felist ekki framsal á samningsrétti, félögin muni eftir sem áður semja hvert fyrir sig.

„Það hefur verið sterk krafa að við kæmum saman,“ segir Guðlaug. Kröfugerðin sé svipuð og verið hafi, að kaupmáttarskerðing verði ekki meiri en hjá öðrum hópum. **- bj**



**FLJÚGANDI STJÓRNSTÖÐ** Ein AWACS-vél NATO var hér við æfingar í síðustu viku og önnur er hér í þessari. NORDICPHOTOS/AFP

Loftvarnaæfingar yfir Íslandi:

# AWACS-ratsjárvélar á æfingu

**VARNARMÁL** Svonefndar AWACS-vélar Atlantshafsbandalagsins, stórar þotur búnar ratsjá, sem eru í raun fljúgandi stjórnstöð loftvarna, hafa í þessari og síðustu viku verið við æfingar með frönsku Mirage 2000-orrustuþotunum sem eru nú við loftrýmiseftirlit hér á landi.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er um að ræða eigin vélar NATO, sem hafa bækistöðvar í Geilenkirchen í Norðvestur-Þýskalandi. Um borð er 29 manna fjölþjóðleg áhöfn.

Æfingarnar snúast um að þjálfa herlið NATO í að bregðast við hættuástandi sem kallar á loftvarnaviðbrögð með orrustuþotum. **- aa**

Bætur til Breiðavíkurdrengja:

# Frumvarpið bíður haustsins

**ALÞINGI Vinnu við frumvarp um bætur til manna sem beittir voru ofbeldi á Breiðavíkurheimilinu er enn ólokið. Er það til vinnslu í forsætisráðuneytinu og er stefnt að því að leggja það fram í haust.**

**Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að málið væri langt komið en þó enn á vinnslustigi. Í vetur lýsti hann vonum um að hægt yrði að leggja það fram fyrir þinglok nú í vor. Sagði hann það miður að ekki hefði tekist að ljúka málinu.** **- bþs**

# Á sjúkrahúsi eftir hnífstungu í Kaupmannahöfn

**Móðir Íslendingsins sem var stunginn í maga og bak í Kaupmannahöfn í fyrradag hafði ekki frétt af árásinni síðdegis í gær þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. Maðurinn er úr lífshættu en verður í nokkra daga á sjúkrahúsi.**

**DANMÖRK** Íslenskur ferðamaður, Ragnar Davíð Bjarnason, var stunginn sjö sinnum í kvið, bak og handlegg í söluturninum Bobbys Kiosk á horni Istedgade og Colbjörnsengade nærri járnbrautarstöðinni í Kaupmannahöfn í fyrrakvöld.

Móðir hans, Helga Þórey Heiðberg, hafði ekki frétt af árásinni síðdegis í gær þegar Fréttablaðið hafði samband við hana en hún hringdi strax í hann á sjúkrahúsið. Henni var mjög brugðið en var létt eftir að hafa talað við son sinn og sendiráðsprestinn í Kaupmannahöfn.

„Hann er mjög illa haldinn og getur lítið talað en hann fór í aðgerð,“ segir Helga Þórey eftir samtalið við son sinn. Hún segir að hann hafi verið þreyttur eftir aðgerðina en getað sagt henni að óeinkennisklæddir lögreglumenn hafi verið nálægt söluturninum og þeir komið í veg fyrir frekari átök.

Hún gerir ráð fyrir að fara fljótlega út til sonar síns.

Ragnar Davíð var með félaga sínum á ferð í Danmörku þegar árásin átti sér stað. Þeir höfðu náð í farangur sinn og ætluðu að skipta um hótel og komu við í versluninni til að kaupa frelsiskort í síma. Til orðaskipta kom milli Ragnars Davíðs og staðarhaldarans og félaga hans sem fyrir voru í versluninni og færðist hiti í leikinn. Átökin bárust út á götu og endaði með því að Ragnar Davíð var stunginn.

### ÍBÚAR Á COLBJÖRNSENSGADE 15

Camilla Krogh Holgersen, íbúi í húsi númer 15 við Colbjörnsensgade, segist hafa heyrt hróp og köll fyrir utan húsið og farið út í glugga til að sjá hvað væri um að vera. Þá hafi hún séð blóð á götunni og fljótlega hafi sjúkrabíll verið kominn á vettvang. Þá hafi hún einnig séð meinta árásarmenn handtekna. Camilla er þrátt fyrir þetta ekki hrædd við að versla í söluturninum. Henni sé þó brugðið enda um afar ógeðfellt mál að ræða.

Í sama streng tekur Jonas Abrahamsen, íbúi í sama húsi. „Ég sá ekki þegar maðurinn var stunginn heldur bara það sem fylgdi í kjölfarið, þegar lögreglan kom á vettvang og handtók þá sem eru grunaðir.“ Hávaði utan við húsið dró hann einnig að glugganum. „Þetta er leiðindaatburður en hins vegar er þetta ekki gott hverfi svo að maður er orðinn vanur því að það séu einhver læti í gangi.“




**ÁRÁSARSTAÐURINN** Íslendingurinn var stunginn á Bobbys Kiosk nærri járnbrautarstöðinni í Kaupmannahöfn, eins og sjá má á þessu korti.

Óeinkennisklæddir lögreglumenn voru fyrir tilviljun í nágrenninu og komu strax á staðinn. Ragnar Davíð fékk samstundis aðhlynningu og var færður á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn. Hendrik Svindt, yfirmaður hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn, segir að hann sé ekki í lífshættu en gerð hafi verið aðgerð á honum og líðan hans sé stöðug. Hann verði sennilega á sjúkrahúsinu í þrjá til fjóra daga.

Svindt segir að ekki sé vitað um hvað rifrildið snerist. Lögreglan hafi strax handtekið árásarmanninn og félaga hans en árásarmaðurinn hafi verið búinn að henda frá sér hnífnum. Lögreglan hafi rætt við Ragnar Davíð á sjúkrahúsinu í gær en orðið að láta frekari yfirheyrslur bíða til morguns.

Búist var við að krafist yrði gæsluvarðhalds yfir árásarmanninum og jafnvel félaga hans líka en samkvæmt B.T. voru þeir látnir lausir í gær.

Ragnar Davíð var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir tilraun til manndráps, líkamsárás og árás á lögreglumann haustið 2000. **- ovd/ghs**




30% AFSLÁTTUR AF HJÁLMUM

Viðskiptavinir í Stofni fá fjölbreytt úrval af hjólahjálmum á **30% afslætti** í Markinu, Ármúla 40, 108 Reykjavík.

ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ STOFN

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**

Seint á morgun eða annað kvöld gengur úrkomuloft inn á landið vestanvert. Þessi bakki gengur austur yfir land aðfaranótt laugardags og má því búast við vætu norðaustan til fyrir hádegi þann dag. Eftir hádegi léttir til norðaustan til. Úrkomulítið verður vestan til. Á sunnudag fer að rigna suðvestanlands eftir hádegi en bjart verður norðaustan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 22° |
| Ósló | 24° |
| Stokkhólmur | 22° |
| Gautaborg | 22° |
| Helsinki | 21° |
| Eindhofen | 25° |
| Amsterdam | 20° |
| London | 20° |
| Berlín | 27° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 29° |
| París | 19° |
| Basel | 26° |
| Barcelona | 22° |
| Alicante | 24° |
| Algarve | 21° |
| Tenerife | 20° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

NISSAN

# NISSAN NOTE
# Á FRÁBÆRU VERÐI



## NISSAN NOTE SJÁLFSKIPTUR

aðeins: ~~2.390.000 kr.~~

6 loftpúðar, 3ja punkta öryggisbelti í öllum sætum, ISOfix bílstólafestingar, ABS hemlar, NATS þjófavörn

ATH! TILBOÐSVERÐ Á NOKKRUM BÍLUM

**2.190.000 kr.**

ENNEMM / SIA / NM33998

GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

IH
INGVAR HELGASON

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

## KJÖRKASSINN



*Á Ísland að hætta þátttöku í Eurovision?*

| | |
|---|---|
| Já | 47,2% |
| Nei | 52,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga stjórnvöld að biðjast afsökunar á hlerunum á kalda stríðsárunum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Fjöldi látinna í umferðinni á Íslandi á 40 árum jafngildir öllum íbúum Blönduóss:

# Mikil er ábyrgð ökumanna

**UMFERÐARMÁL** Alls hafa 916 einstaklingar látist í umferðinni á Íslandi á þeim 40 árum sem liðin eru frá því að skipt var yfir í hægri umferð, 26. maí 1968.

Þeirra var minnst í gær utan við Dómkirkjuna í Reykjavík þar sem nemendur í Listaháskóla Íslands röðuðu 916 skópörum framan við og við hliðina á kirkjunni. Var verk nemendanna hugsað sem táknmynd þeirra fórna sem íslenska þjóðin hefur fært á vegum landsins en á meðan var kyrrðarstund í Dómkirkjunni.

Í tilkynningu frá Umferðarráði segir að koma hefði mátt í veg fyrir flest slysanna með aðgát, tillitssemi og ábyrgð ökumanna. Ábyrgð sem krefst þess að menn séu með fulla athygli, allsgáðir, noti tilheyrandi öryggisbúnað og aki samkvæmt aðstæðum. Til samanburðar má líkja fjölda látinna í umferðinni á tímabilinu við það að rétt tæplega fjórar Boeing 757 300 flugvélar hefðu farist eða að allir íbúar Bolungarvíkur eða Blönduóss hefðu farist.

Af þessum 916 einstaklingum hafa 150 látist vegna aksturs eftir neyslu áfengis eða annarra vímuefna og um 180 látist af völdum hraðaksturs. Þá létust um 120 einstaklingar vegna þess að ekki voru notuð bílbelti og um 45 dauðsföll eru rakin til þess að ökumaður hafi sofnað undir stýri. Tæpur þriðjungur látinna var innan við tvítugt. - ovd



**HUNDRUÐ SKÓPARA** Skópörunum 916 var raðað upp utan við Dómkirkjuna í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leyfi forstjóra OR að ljúka:

# Framtíð Guðmundar óráðin

**ORKUMÁL Ekki er ljóst hvort Guðmundur Þóroddsson mun snúa aftur í stól forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur hinn 1. júní eins og til hefur staðið.**

**Guðmundur fékk leyfi frá starfi forstjóra til að stýra Reykjavik Energy Invest. Því leyfi lýkur um mánaðamótin.**

**Kjartan Magnússon, stjórnarformaður OR og REI, vildi í gær ekkert tjá sig um málið, en sagði að framtíð Guðmundar muni skýrast fyrir mánaðamót.**

**Guðmundur vísaði á kjörna fulltrúa. Spurður hvort óvissan sé erfið sagðist hann „ýmsu vanur“ í þeim efnum. - bj**


Rauði þráðurinn
- Samfylkingin í beinni



Útvarp Saga fm 99,4
í dag kl. 17-18.

Aðalgestur þáttarins:
Össur Skarphéðinsson,
iðnaðarráðherra.

Saga

Sögulegt orkufrumvarp, ný atvinnustefna, byggðamál, hátækni o.fl.

Hlustendur geta hringt inn í síma 588 1994

Umsjónarmenn:
Skúli Helgason og Katrín Júlíusdóttir

Nánari upplýsingar á www.samfylking.is

Samfylkingin


# Eðlilegt að hlera síma vinstrimanna

**Dómsmálaráðherra segir símhleranir á kalda stríðsárunum hafa verið varnaðarráðstafanir lögreglu. Kommúnistar og sósíalistar hafi ekki hikað við að beita valdi í þágu málstaðar síns. Helgi Hjörvar segir ráðherrann vega að látnu fólki.**

**ALÞINGI** Trúir stefnu sinni hikuðu kommúnistar og sósíalistar hér á landi ekki við að beita valdi í þágu eigin málstaðar. Í því ljósi vildi lögregla hlera síma fólks á árum kalda stríðsins og óskaði eftir milligöngu dómsmálaráðuneytis um að fá heimildir dómstóla til símhlerana.

Þetta sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í utandagskrárumræðu á Alþingi í gær um símhleranir á árunum 1949 til 1968. Helgi Hjörvar, Samfylkingu, óskaði eftir að umræðan færi fram í kjölfar greinar Kjartans Ólafssonar í Morgunblaðinu í fyrradag. Kjartan var á þessu árabili framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins, ritstjóri Þjóðviljans og þingmaður Alþýðubandalagsins og var í hópi fjölda fólks sem sætti hlerunum.

Helgi sagði það grundvallaratriði í lýðræðissamfélagi að heiðarlegt fólk þyrfti ekki að sæta símhlerunum vegna stjórnmálaskoðana. Ekki hafi verið færður fram rökstuddur grunur um saknæmt athæfi þeirra sem hlerað var hjá. Sagði hann mikilvægt að dómsmálaráðherra viðurkenndi að viðhorf yfirvalda til símhlerana hefði breyst og kallaði eftir afstöðu hans til krafna um afsökunarbeiðni til handa þeim sem máttu þola hleranir á sínum tíma.

Björn Bjarnason sagði það tíðkast að þeir sem teldu ríkisvaldið gera eitthvað á sinn hlut sæktu rétt sinn í samræmi við lög. Kvað hann með öllu óþekkt að dómsmálayfirvöld bæðust afsökunar vegna niðurstöðu dómara. Látið væri eins og dómarar hafi verið valdalaus verkfæri í höndum dómsmálaráðherra. Í því fælist dæmalaus óvirðing við þá dómara sem í hlut ættu. Benti Björn á að sakadómarinn Þórður Björnsson, framsóknarmaður og eindreginn andstæðingur Sjálfstæðisflokksins, hefði veitt heimild til símhlerunar 1968. Spurði hann hvort trúverðugt væri að hann hefði heimilað dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins að stunda pólitískar njósnir um andstæðinga sína.

Björn sagði að ekki mætti gleyma að Sósíalistaflokkurinn – flokkur Kjartans Ólafssonar – hafi haft á stefnuskrá sinni að ná völdum í landinu með ofbeldi. Sagði hann líka að formaður miðstjórnar flokksins, Brynjólfur Bjarnason, hefði hótað þingmönnum aftöku áður en atkvæði voru greidd um inngöngu Íslands í Nató. Í ljósi þessa og fleiri þátta sé skýringu á símhlerunum lögreglu að finna. Þær hafi verið varnaðarráðstöfun.

Helgi Hjörvar sagði ræðu Björns valda sér vonbrigðum og áhyggjum. Hann hafi talið kalda stríðinu lokið. Sagði hann Björn hafa vegið að látnu fólki.

Björn kvaðst að endingu ekki skorast undan umræðu um þessi mál, hann vissi nákvæmlega um hvað hann væri að tala. Hræsnin væri orðin of mikil ef ekki mætti ræða liðna atburði.

bjorn@frettabladid.is



**HLUSTAÐ** Símar Kjartans Ólafssonar og Páls Bergþórssonar voru hleraðir á tímum kalda stríðsins. Þeir fylgdust með umræðunum á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Þurftirðu að skila jeppanum?

Þú kemst samt í sólina með Plúsferðum :)

Alicante veisla!
29. maí - 9., 12., 19. og 26. júní
Verð: 9.900 kr.
Aðra leiðina með sköttum.

Plúsferðir leggja ávallt áherslu á að bjóða utanlandsferðir á hagstæðu verði. Besta verðið bókast fyrst.

VISA MasterCard

plús FERÐIR

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

www.plusferdir.is


Fjórir ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnasmygl:

# Greiddi tæpar tvær milljónir í þóknun fyrir fíkniefnasmygl

**DÓMSMÁL** Fjórir menn eru ákærðir fyrir að hafa staðið að og skipulagt smygl á rúmlega 4,6 kílóum af amfetamíni og nærri 600 grömmum af kókaíni frá Þýskalandi í svokölluðu hraðsendingarmáli.

Þeir eru Annþór Kristján Karlsson, Tómas Kristjánsson og bræðurnir Jóhannes Páll og Ari Gunnarssynir.

Efnin voru flutt til landsins með hraðsendingarfyrirtækinu UPS, þar sem Tómas starfaði og fundu lögregla og tollur þau 15. nóvember í bifreið fyrirtækisins fyrir utan húsnæði þess á Keflavíkurflugvelli.

Annþór Kristján Karlsson er ákærður fyrir að hafa lagt á ráðin um smyglið með Ara með því að hafa látið senda fíkniefnin frá Þýskalandi til Íslands.

Annþór hugðist taka á móti þeim hér. Hann afhenti Ara 10 þúsund evrur, jafnvirði um 1,2 milljóna króna, og 500 þúsund krónur í reiðufé sem þóknun vegna innflutningsins.

Tómas Kristjánsson er sakaður um að hafa lagt á ráðin um innflutninginn ásamt Jóhannesi Páli. Samkvæmt ákæru á Tómas að hafa notað sér aðstöðu sína sem starfsmaður hraðsendingarfyrirtækisins UPS á Keflavíkurflugvelli til þess að miðla til Jóhannesar upplýsingum um hvernig haga skyldi innflutningnum. - jss



**EINN HINNA ÁKÆRÐU** Annþór Kristján Karlsson leiddur fyrir dómara.


LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í Bílaland B&L og kynntu þér kostina



INNFLUTTUR OG ÞJÓNUSTAÐUR AF UMBOÐI

BMW 530XI
Nýskr: 11/2007, 3000cc 258 hö. fjórhjóladr.,
4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 6.000.
Verð 8.900.000

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

# Kíktu í kjötborðið

## glæsilegt úrval af fersku kjöti

OPIÐ til 20 alla daga










## ferskt með flugi



Bláber | Hindber | Kirsuber | Villt jarðarber | Gæsaber | Jarðarber | Brómber | Rifsber



Ítalía balsamic edik



Ítalía pestó



Ítalía kirsuberjatómatar, ætiþistlar og sólþurrkaðir tómatar

Gildir til 1. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir forstjóri Saga Capital, sem ætlar að fljúga hringinn um landið á 24 tímum í sumar?
2. Í hvaða borg mótmæltu 300 vörubílstjórar háu bensínsverði í fyrradag?
3. Hvað komust margir inn í Lögregluskóla ríkisins fyrir stuttu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

# Eyjamenn gagnrýna ríkisstjórnina vegna ferjusmíði

**Bæjarráð Vestmannaeyja bókar að ríkisstjórnin hafi fjallað í tvígang um tilboð í smíði nýrrar farþegaferju, án niðurstöðu. Samgönguráðherra segir þetta rangt og hafnar því að ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna um málið. Eyjamenn óttast að tilboði þeirra verði hafnað og miklar tafir verði á samgöngubótum.**

**SAMGÖNGUMÁL** Ríkisstjórnin hefur fjallað í tvígang um tilboð Vestmannaeyjabæjar og Vinnslustöðvarinnar í smíði og rekstur nýrrar farþegaferju án niðurstöðu, segir í bókun bæjarráðs Vestmannaeyja í gær. Kristján L. Möller samgönguráðherra segir að heimildir Eyjamanna séu ekki réttar og enginn ágreiningur sé innan ríkisstjórnarinnar um málið. Bæjarstjóri hefur engar upplýsingar fengið um framvindu málsins eftir að svarfrestur var veittur fyrir rúmri viku. Eyjamenn túlka þögn stjórnvalda sem svo að flest bendi til þess að tilboði þeirra verði hafnað og miklar tafir verði á verkinu.

Bæjarráð fjallaði um tilboð heimamanna í rekstur og eignarhald ferju sem ganga á í Landeyjahöfn í gær. Fyrir fundinum lágu upplýsingar um að ríkisstjórn hefði fjallað um málið á miðvikudag, en frestað afgreiðslu þess í annað sinn. Í bókun fundarins harmar bæjarráð seinagang í málinu og telja flest benda til þess að tilboði heimamanna í reksturinn verði hafnað.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að ef tilboðinu verði ekki tekið liggi fyrir að á ný þurfi að leita heimilda Alþingis til að hægt verði að fara í smíði og hönnun á skipi. „Heimild samgönguráðuneytisins er að fara með verkið í einkaframkvæmd. Dragi ríkisstjórnin að taka ákvörðun öllu lengur verður ekki hægt að sækja heimildir á þessu þingi til að ríkið annist verkið, enda er seinasti starfsdagur Alþingis á föstudag. Þessi vinnubrögð eru með ólíkindum og það er þungt í mörgum Eyjamanninum. Það er vitað til þess að þetta hafi komið í tvígang til umræðu í ríkisstjórn og verið frestað í bæði skiptin án þess að nokkrar upplýsingar berist til bjóðenda eða bæjarstjórnar.“

Kristján L. Möller samgönguráðherra segir það ekki rétt að ríkisstjórnin hafi fjallað um tilboð Eyjamanna í tvígang. Málið hafi einungis verið stuttlega rætt á ríkisstjórnarfundi fyrir viku. „Ég er að láta skoða ýmislegt í kostnaðaráætluninni og tilboðinu. Málið er í ágætis vinnslu og þó að tíminn sé naumur þá þarf engu að síður að vinna þetta vel.“

Kristján hafnar því alfarið að ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna um hvernig staðið verður að smíði og rekstri ferjunnar. Spurður um hvort Eyjamenn geti vænst niðurstöðu á föstudag eins og áætlað var segir Kristján að það sé ekki ljóst. „Vonandi fæ ég gögn í hendur annað kvöld (fimmtudagskvöld) og þá get ég lagt það fyrir ríkisstjórn. Þegar ég hef fengið nauðsynleg gögn kem ég með mínar tillögur.

svavar@frettabladid.is



**NÝ FERJA** Hönnun ferjunnar sem Eyjamenn vilja smíða er áþekk gamla Herjólfi.

## STAÐREYNDIR UM VESTMANNAEYJAFERJU

- Kostnaðaráætlun ríkisins var 10,2 milljarðar króna.
- Aðaltilboð Eyjamanna var 16,4 milljarðar. Skilað var sex varatilboðum.
- Endurskoðað tilboð Eyjamanna var um 14,5 milljarðar.
- Væntanleg ferja hefur siglingar í Landeyjahöfn 1. júlí 2010 samkvæmt áætlun.
- Bæjarráð Vestmannaeyja gerir kröfu um að ferjan beri að lágmarki 400 farþega og 68 bíla, samkvæmt efri mörkum útboðsskilmála
- Ferjan skuli vera 69 metra lengd og 16 metra breidd.
- Navís, ráðgjafi ríkisins, er sagt hafa lokið forhönnun á ferju sem er 65 metrar á lengd og 13 metrar á breidd.
- Vestmannaeyjabær og Vinnslustöðin hafa veitt stjórnvöldum vikufrest til að svara því hvort endurskoðuðu tilboði þeirra í smíði og rekstur nýrrar farþegaferju verður tekið.
- Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hefur innt eftir skýringum á því af hverju beðið er um svarfrest í ljósi undangenginna skýringa- og samningaviðræðna við Ríkiskaup, Siglingastofnun og fulltrúa samgönguráðuneytisins.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Mál gegn Glitni þingfest í dag

**VIÐSKIPTI** „Ég vil einfaldlega að jafnræðis verði gætt,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, hluthafi í Glitni.



**VILHJÁLMUR BJARNASON**

Þingfest verður í dag í Héraðsdómi Reykjavíkur mál hans á hendur stjórn Glitnis, sem samdi um starfslokakjör Bjarna Ármannssonar, fyrrverandi forstjóra. Til vara stefnir Vilhjálmur bankanum sjálfum.

Málsóknin byggir á að brotið hafi verið gegn jafnræðisreglu, auk þess sem bankinn hafi ekki verið skyldur til að kaupa bréf Bjarna. Þorsteinn M. Jónsson, fyrrum stjórnarformaður, vildi ekki tjá sig um málið, þar sem það væri komið fyrir dómstóla. - ikh


TM

Gæðingamót Fáks - úrtaka fyrir Landsmót
29. maí – 1. júní 2008.
Allir velkomnir.

FÁKUR

**Fimmtudagur, 29. maí**
B-flokkur gæðinga kl. 17:00
*Hlé í 20 mínútur eftir 20. hest*

**Föstudagur, 30. maí**
A-flokkur gæðinga kl. 17:00
*Hlé í 20 mínútur eftir 20. hest*

**Laugardagur, 31. maí**
Tölt, opinn flokkur, forkeppni kl. 09:00
Tölt, meistaraflokkur, forkeppni kl 10:15
Börn kl. 11:15
*Hlé*
Ungmenni kl. 13:15
Unglingar kl. 14:30
*Hlé*
Tölt, opinn flokkur, B-úrslit kl. 17:30
Grill í Félagsheimili Fáks: kl. 18:00
250 m skeið, 2 spr. kl. 18:30
150 m skeið, 2 spr.
Tölt, opinn flokkur, A-úrslit kl. 20:00
Tölt, meistaraflokkur, úrslit kl. 20:30
100 m skeið kl. 21.15

**Sunnudagur, 1. júní**
*Úrslit:*
Skreyttir, teymdir pollar kl. 12:00
Pollagæðingakeppni kl. 12:15
B-flokkur (sæti 1-8) kl. 13:00
B-flokkur áhugamenn (sæti 1-5) kl. 13:45
Börn (sæti 1-8) kl. 14:15
*Kaffihlé*
Unglingar (sæti 1-8) kl. 15:15
Ungmenni (sæti 1-8) kl. 16:00
A-flokkur áhugamenn (sæti 1-5) kl. 16:45
A-flokkur (sæti 1-8) kl. 17:15

Starfsfólk TM verður á gæðingamótinu og býður ráðgjöf um einfaldari og víðtækari hestatryggingar TM.

**Hestatrygging** TM
**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tm.is



ÍSLENSKA SIA.IS TMI 42554 05/08




**SCOTT MCLELLAN** Leysir frá skjóðunni í ævisögu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrverandi blaðafulltrúi Bush:

## Áróðursstríðið var óheiðarlegt

**BANDARÍKIN, AP** **Scott McClellan, fyrrverandi fjölmiðlafulltrúi Hvíta hússins, segir í nýrri bók að George W. Bush forseti hafi farið í pólitíska áróðursherferð til þess að sannfæra fólk um nauðsyn þess að heyja stríð á hendur Írak, frekar en að segja bara sannleikann.**

**Bush og fylgdarfólk hans tók „ákvörðun um að hverfa af braut hreinskilni og heiðarleika þegar mest þörf var fyrir þessa eiginleika,“ segir McClellan í ævisögu sinni, sem nú er að koma út.**

**Starfsfólk Hvíta hússins virtist í gær undrandi á því hve harkalega þessi fyrrverandi blaðafulltrúi forsetans gagnrýnir nú þennan sama forseta, sem hann talaði máli fyrir áður.** - gb

**HEILSUVERND**

### Endurkoman hjólaði lengst

Annað af tveimur liðum endurkomudeildar Landspítalans stóð sig best allra 23 liða spítalans í keppninni „Hjólað í vinnunna“ sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands stóð fyrir. Alls hjóluðu eða gengu þátttakendur Landspítalans 8.770 kílómetra þá sautján daga sem átakið stóð yfir. Þar af hjólaði sigurliðið heila 1.255 kílómetra.



**Þrjár spennandi nýjungar hjá Domino's!**

**Partýpizza:** Nú býður Domino's upp á frábæra þunnbotna Partýpizzu með salsasósu, jalapenos, nachos, 100% íslenskum osti og rjómaosti á 50% afslætti.*

*Gildir til 30. júní ef sótt er.



**Brownies:** Ljúffengar Brownies með súkkulaðibitum. Eftirréttur sem hreinlega bráðnar uppi í þér. Aðeins 160 kr. stykkið.*

*Glassúr fylgir ekki.



**Vöfflur:** Heitar og ilmandi vöfflur með súkkulaðisósu. Aðeins 390 kr.

Domino's Pizza®

58·12345

dominos.is

Ó! · 11628



**MJÓLKURPÓSTUR Á HEIMLEIÐ** Þessi indverski mjólkurpóstur í Amritsar er á heimleið eftir að hafa farið hringinn með daglega mjólkurskammtinn handa viðskiptavinum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

Skipulagsstofnun svarar gagnrýni Samtaka orku- og veitufyrirtækja:

# Ber að meta umhverfisáhrif

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun vísar gagnrýni Samorku, Samtaka orku- og veitufyrirtækja, sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær, á bug. Í athugasemdum frá stofnuninni segir að henni beri samkvæmt reglugerð að gera grein fyrir forsendum umhverfismats.

Í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum segir að Skipulagsstofnun skuli gera grein fyrir forsendum matsins og niðurstöðum sínum um mat á umhverfisáhrifum. Þetta telur Skipulagsstofnun að hún hafi gert með áliti sínu um Bitruvirkjun.

Stofnunin tekur fram að hún hafi hvorki lagst gegn né hafnað byggingu virkjunarinnar; slíkt sé ekki hennar hlutverk. Hún bendir á að í aðeins þremur álitum af tólf á síðustu þremur árum, hafi niðurstaðan verið að umhverfisáhrif yrðu óásættanleg og óafturkræf.

Þá bendir Skipulagsstofnun á að í lögum segi að ef hún telji að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmd en koma fram í matsskýrslu, eða gera frekari mótvægisaðgerðir, skuli stofnunin tilgreina skilyrðin. Þá verði hún að færa rök fyrir mótvægisaðgerðunum sem hún leggur til. Það sé því rangt að segja að stofnunin hafi farið út fyrir valdsvið sitt. - kóp



**HELLISHEIÐI** Mikill styr hefur staðið um virkjun háhitasvæða á Hellisheiði, ekki síst við Bitru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álit umhverfisnefndar:

# Verði áfram veðurstofustjóri

**ALÞINGI Umhverfisnefnd vill að veðurstofustjóri verði áfram kallaður veðurstofustjóri en ekki forstjóri Veðurstofu Íslands.**

**Í frumvarpi umhverfisráðherra um sameiningu vatnamælinga Orkustofnunar og Veðurstofunnar er lagt til að æðsti yfirmaður stofnunarinnar kallist forstjóri.**

**Í áliti nefndarinnar kemur fram að Veðurstofan telji sig þurfa aukafjárveitingu þar sem átta starfsmenn geti átt rétt á biðlaunum við sameiningu stofnananna. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins telur á hinn bóginn að stofnunin eigi að geta borið kostnaðinn. - bþs**



FRÁBÆRT HELGARTILBOÐ
FIMMTUDAG - SUNNUDAGS
SUMARJAKKAR
20 – 40%
AFSLÁTTUR
stærðir 68 - 146
Margir litir
POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is



**RÁNYRKJA** Samtökin Oceana leggja til að ríkisstyrkir til sjávarútvegs verði afnumdir. NORDICPHOTOS/AFP

Hafverndarsamtökin Oceana leggja mat á ofveiði:

# Yfir 80 prósent fiskveiða ósjálfbærar

**FISKVEIÐAR** Yfir 80 prósent af fiskistofnum heimsins eru í alvarlegri hættu vegna ofveiði. Þetta er fullyrt í niðurstöðum skýrslu sem tekin var saman að frumkvæði samtakanna „Oceana", sem beita sér fyrir vernd heimshafanna. Því skora samtökin á Heimsviðskiptastofnunina, WTO, að gera það sem í hennar valdi stendur til að þvinga aðildarríki stofnunarinnar til að hætta að ríkisstyrkja fiskveiðar.

Skýrsla Oceana er byggð á rannsókn á nýjustu tölum úr ársskýrslu Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Oceana kemst að þeirri niðurstöðu að einvörðungu um 17 prósent þeirra fiskveiða sem stundaðar eru í heiminum nú séu sjálfbærar.

Aftur á móti sé ofveiði stórkostlegt vandamál, einkum á mikilvægum miðum í Atlantshafi, vestanverðu Indlandshafi og norðvesturhluta Kyrrahafs.

Oceana telur að sjávarútvegur fái minnst andvirði 148 milljarða króna árlega í ríkisstyrki. Það samsvarar fjórðungi verðgildis alls heimsaflans. - aa




Burt með bólurnar
Heildarlausn sem tekur á húðvandamálum
Outer Peace frá Aveda vinnur á orsökum vandans á mildan en áhrifaríkan hátt og leggur grunninn að hreinni og bjartri húð. 4 skrefa kerfi nær að jafnaði 92% árangri á 4 vikum í baráttu við bólur og óhreina húð. Ef 4 skrefa vörulínan er keypt fylgir 60 mín Outer Peace meðferð á Aveda spainu Borgartúni 29 frítt með en annars kostar meðferðin 6.500 kr.
Þú færð Outer Peace hjá Aveda Kringlunni og hjá UNIQUE hár & spa Borgartúni 29.
UNIQUE hár & spa Borgartúni 29, þú getur lesið allt um Outer Peace andlitsmeðferð á www.unique.is sími: 552 6789



Þróun kornræktar á áratug:

# Talsverð aukning í kornrækt

**ALÞINGI Á tíu árum hefur land sem lagt er undir kornrækt á Íslandi þrefaldast. Árið 1998 voru 1.200 hektarar lagðir undir kornrækt en 3.600 hektarar á síðasta ári. Útlit er fyrir að sáð verði í um 4.500 hektara á þessu ári.**

**Á sama tíma hefur uppskeran vaxið úr 4.680 tonnum árið 1998 í rúm 11.500 tonn á síðasta ári.**

**Þessar upplýsingar koma fram í svari Einars K. Guðfinnssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar, þingmanns Framsóknarflokksins.**

- bþs

Ráðherra viðskipta, ferðamála og handverks í Gíneu-Bissá heimsækir Ísland:

# Kynnir sér orkuframleiðslu og ferðaþjónustu

**STJÓRNMÁL** Fimm daga heimsókn hr. Herrys Mané, ráðherra viðskipta, ferðamála og handverks í Afríkuríkinu Gíneu-Bissá, til Íslands hófst í gær.

Meðal þess sem ráðherrann mun kynna sér á Íslandi eru ferðaþjónusta, verslunarrekstur, orkuframleiðsla, landbúnaður og fjarskiptarekstur. Í gær skoðaði hann Búrfellsvirkjun en í dag mun hann meðal annars heimsækja Alþingi þar sem hann á fund með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra. Auk þess á hann fundi með stjórnendum Háskólans í Reykjavík og Útflutningsráði.

Ráðherrann á svo fundi með Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra og Össuri Skarphéðinssyni, ráðherra iðnaðar- og ferðamála, og ræðir við þá aukin samskipti ríkjanna.

Þá mun hann sækja tónleika hljómsveitarinnar SuperMama Djombo frá Gíneu-Bissá en hljómsveitin heldur tvenna tónleika hér á landi og eru þeir þáttur af Listahátíð í Reykjavík.

Heimsókn Manés lýkur laugardaginn 31. maí næstkomandi en með henni er hann að endurgjalda heimsókn Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra til Gíneu-Bissá.

- ovd



**RÁÐHERRAR VIÐSKIPTAMÁLA** Herry Mané og Björgvin G. Sigurðsson í heimsókn þess síðarnefnda til Gíneu-Bissá í mars á þessu ári.



**FYRSTI ÁLFURINN FÓR Á ÖXLINA** Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, keypti fyrsta álf SÁÁ.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sala á álfum SÁÁ hófst í gær:

# Jóhanna keypti fyrsta álfinn

**FÉLAGSMÁL** Álfasala SÁÁ hófst í gær þegar Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, keypti fyrsta álfinn og sýndi þannig velvilja sinn gagnvart því forvarnarstarfi sem unnið er á unglingadeild SÁÁ. Er þetta í nítjánda sinn sem hin árlega álfasala fer fram en allur ágóði af sölunni er til styrktar unglingadeildinni að Vogi þangað sem milli tvö og þrjú hundruð ungmenni undir 20 ára aldri koma árlega. Var deildin tekin í notkun í byrjun árs 2000 en með tilkomu hennar var þjónusta við vímuefnaneytendur á aldrinum 14 til 19 ára stóraukin og bætt.

- ovd

Símaskráin 2008 komin út:

# Ný skrá með myndasögu

**ÚTGÁFUMÁL Símaskráin 2008 er komin út og að þessu sinni er hún myndskreytt af Hugleiki Dagssyni.**

**Meðal breytinga frá fyrri skrám er að í sjö landsbyggðarhlutum skrárinnar er nöfnum raðað í stafrófsröð í stað þess að hvert bæjarfélag sé tekið fyrir í einu. Þá hafa gulu síðurnar verið færðar fremst í skrána og er efnisyfirlit þeirra nú einnig á ensku og pólsku, auk íslensku. Enn fremur hafa bæst við upplýsingar um sundlaugar, golfvelli og viðburði um land allt. Símaskráin er prentuð í 200 þúsund eintökum og fæst hefðbundið eintak endurgjaldslaust en harðspjaldaútgáfan kostar 700 krónur. Hana má nálgast á afgreiðslustöðvum Póstsins.**

- ovd

Tóbakslausi dagurinn:

# Tóbakslaus framtíð

**HEILBRIGÐISMÁL** „Tóbakslaus framtíð" er þema alþjóðlega tóbakslausa dagsins í ár en dagurinn er haldinn 31. maí ár hvert.

Að þessu sinni verður sérstök áhersla lögð á ungt fólk og mun Lýðheilsustöð standa fyrir málþingi á Grand hóteli föstudaginn 30. maí. Á þinginu mun heilbrigðisráðherra afhenda þeim viðurkenningu sem þykir hafa skarað framúr í tóbaksvörnum og tóbaksmeðferð á Íslandi.

- ovd





Dagskrá:

» Stofa 158

13:00 – 13:10 Setning – Ebba Þóra Hvannberg, forseti verkfræðideildar HÍ
13:10 – 13:25 Gunnar Svavarsson, alþingismaður og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, fulltrúi 20 ára verkfræðinga
13:25 – 13:40 Björn Margeirsson, doktorsnemi: Að hefja doktorsnám í verkfræðideild HÍ

14:00 – 17:00 Meistaravarnir og kynningar á meistaraverkefnum

| | VERKEFNASTJÓRNUN (stofa 158) | TÖLVUNARFRÆÐI OG HUGBÚNAÐARGERÐ (stofa 157) | SAMGÖNGUR, SKIPULAG OG UMHVERFI (stofa 156) | JARÐVARMANÝTING (stofa 155) |
|---|---|---|---|---|
| 14:00 | Kynning á verkefni fjölþjóðlegs hóps meistaranema: A real life international project experience PM Board Game Umsjón: Helgi Þór Ingason | Meistaravörn: Guðmundur Freyr Tunerific. Gagnvirkur tónstillir fyrir farsíma Leiðb.: Jóhann P. Malmquist | Meistaravörn: Helga Þórunn Gunnlaugsdóttir Burður vega á þáatíma - úrvinnsla falllóðsmælinga Leiðb.: Sigurður Erlingsson | Meistaravörn: Oddgeir Guðmundsson Aðferðir við að greina útfellingar í varmaskiptum Leiðb.: Ólafur Pétur Pálsson |
| 15:00 | Meistaravörn: Gréta María Grétarsdóttir Stjórnun vöruþróunar Leiðb.: Helgi Þór Ingason | Meistaravörn: Anna Ólafsdóttir Björnsson Ubiquitous computing in parliament Leiðb.: Ebba Þóra Hvannberg | Kynning á meistaraverkefnum Sverrir Örvar Sverrisson Á slóðum borgarferðamannsins. Greining á landnotkun, umhverfi og stefnumótun ferðamennsku í Reykjavík Leiðb.: Sigríður Kristjánsdóttir, lektor LBHÍ, Trausti Valsson, prófessor | Meistaravörn: Caixia Sun Feasibility study of geothermal utilization of Yangbajain field in Tibet Autonomous Region, P.R.China. Leiðb.: Páll Valdimarsson |
| | | | RAFMAGNSVERKFRÆÐI (stofa 156) | |
| 16:00 | | Meistaravörn: Jónas Árnason Improving particle systems - Utilizing the GPU for general purpose programming Leiðb.: Hjálmtýr Hafsteinsson | Meistaravörn: Páll Sigurjónsson Dreifing kennistærða rafgass í tíma og rúmi í háaflspúlsaðri segulspætu Leiðb.: Jón Tómas Guðmundsson | |

17:00 – 18:00 Léttar veitingar og spjall

Allir velkomnir www.verk.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 42555 05/08



**GULLUNGI** Silfurapamóðir í apamiðstöð Japans í Inuyama heldur á gulllituðum unga sínum, sem fæddist fyrir helgi. Hann vó 350 grömm og mældist 20 sentímetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umræða um brot Magnúsar Skúlasonar reynir á starfsfólk réttargeðdeildarinnar:

# Kapp lagt á að efla Sogn

**HEILBRIGÐISMÁL** Umræðan um brot Magnúsar Skúlasonar, geðlæknis á Sogni, sem vikið hefur verið frá störfum fyrir að svíkja út lyf í nafni skjólstæðinga sinna hefur reynt mjög á starfsfólkið á réttargeðdeildinni að sögn Drífu Eysteinsdóttur, deildarstjóra þar. Drífa segir að vegna eðlis stofnunarinnar og þagnarskylduákvæða geti starfsmenn ómögulega svarað fyrir einstaka ásakanir en fullyrðir að allir leggi sig fram við að veita skjólstæðingunum sem þar dvelja hina bestu þjónustu.

Óskar Reykdalsson, framkvæmdastjóri lækninga á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, vonar að sú umræða sem farið hefur fram um Sogn verði til jákvæðrar uppbyggingar starfseminnar. Hann segir fólk sem dvelur á Sogni ávallt meðhöndlað eins og best verður á kosið. Óheppilegt sé að svara fyrir mál einstaka skjólstæðinga. „Það er þó rétt að margt má betur fara í tengslum við húsakynnin á Sogni. Við teljum þó miklar líkur á að heilbrigðisráðuneytið gangi í að vinna að því að frekari úrbætur á Sogni verði innan skamms,“ segir Óskar en fyrir tveimur árum skilaði vinnuhópur frá heilbrigðisráðuneytinu áliti þar sem fram kom að nauðsynlegt væri að stækka deildina úr sjö rýmum í um það bil 20 og gera ýmsar viðbætur til að auka enn á gæði þjónustunnar. Óskar bendir þó á að mjög góður árangur hafi náðst innan Sogns þótt þar dvelji afar erfiður hópur. - kdk



**RÉTTARGEÐDEILDIN** Aðstoðarlandlæknir vonast til að umræðan á Sogni í kjölfar brottvikningar Magnúsar Skúlasonar geðlæknis verði stofnuninni til góða. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Dæmdur fyrir líkamsárás:

# Lúbarði gestkomandi konu

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast á konu sem var gestur á heimili hans í Hveragerði.**

**Maðurinn réðst á konuna með höggum og spörkum bæði í andlit og líkama. Hún hlaut marbletti á útlimum og andliti. Í dómnum segir að komið hafi til átaka milli mannsins og konunnar eftir rifrildi þeirra á milli. Maðurinn neitaði sök og sagði konuna hafa barið sig og sparkað í sig. Dómurinn taldi það ekki rétt en hins vegar að það væri sannað að hann hefði veist að konunni og slegið hana í gólfið.** - jss

Brot á lögum um tóbakssölu:

# Einu sinni lokað

**ALÞINGI** Vitað er um eitt tilvik þar sem verslun hefur verið lokað vegna brota á reglugerð um smásölu tóbaks. Fáum áminningum hefur verið beitt undanfarin ár vegna brota á reglum.

Þetta kemur fram í svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman, VG, um eftirlit með útsölustöðum tóbaks. Í svarinu kemur jafnframt fram að fáir útsölustaðir hafi sótt um undanþágu frá aldurstakmörkum afgreiðslufólks og að ráðherra telji heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa nægilegt bolmagn til að sinna eftirliti með útsölustöðum tóbaks. - bþs

**ALÞINGI**

### Spurt um tilskipanir ESB

Atli Gíslason, VG, hefur lagt fram fyrirspurn til utanríkisráðherra um hve margar tilskipanir ESB bíði innleiðingar og upptöku. Spyr hann einnig um tímafresti óinnleiddra tilskipana og hvort eftirlitsstofnun EFTA hafi gert athugasemdir við drátt á innleiðingu.

**FRAKKLAND**

### Opna á A-Evrópubúa

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti upplýsti í gær að 1. júlí myndu Frakkar falla frá fyrirvara við frjálsa för launafólks frá Póllandi og sjö öðrum nýjustu aðildarríkjum ESB. Fyrirvarinn mun þó gilda um sinn áfram fyrir Rúmeníu og Búlgaríu.

# Svört skýrsla frá Amnesty

**Amnesty International gagnrýnir bæði Bandaríkin og Evrópuríki í nýrri ársskýrslu sinni um mannréttindabrot í heiminum. Skýrslan endurspeglar minni áhuga valdamestu ríkjanna á mannréttindum.**

**MANNRÉTTINDI** „Það er ekkert annað en hneyksli að Amnesty International þurfi í ár að gefa enn einu sinni út svarta skýrslu sem er upp á nærri 400 síður,“ segir Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, þegar hún kynnti nýja ársskýrslu samtakanna í gær.

Mannréttindasamtökin gagnrýna harðlega bæði Bandaríkin og Evrópuríki í skýrslunni, sem kynnt var í gær.

Bandaríkin eru sögð hunsa alþjóðalög með mjög svo augljósum hætti, og Evrópusambandsríki eru sökuð um tvískinnung í mannréttindamálum.

„Sem valdamesta ríki heims leggja Bandaríkin stjórnvöldum í öðrum ríkjum línurnar um hegðunarviðmið,“ segir í ársskýrslunni.

Samt hafi Bandaríkin, „með þvílíkum lagaflækjum að menn standa á öndinni, haldið áfram að grafa undan algeru banni við pyntingum og annarri illri meðferð“.

Háttsettir ráðamenn neituðu að fordæma hinar alræmdu vatnspyntingar og Bandaríkjaforseti heimilar leyniþjónustunni CIA að halda áfram leynilegum handtökum og yfirheyrslum.

Næsti forseti Bandaríkjanna, sem kosinn verður í haust, er meðal annars hvattur til að nota næsta kjörtímabil til þess að loka fangabúðunum við Guantánamo á Kúbu og annaðhvort láta fangana lausa eða draga þá fyrir almenna dómstóla í Bandaríkjunum. Tvískinnungur Evrópusambandsins er meðal annars sagður birtast í því að strangar kröfur eru gerðar í mannréttindamálum til þeirra ríkja, sem sækja um aðild að sambandinu, en þegar þau eru svo kominn inn fyrir þá geta þau í raun farið sínu fram að mestu án þess að þurfa að svara til saka.

„Sannleikurinn er sá að Evrópusambandið er ófært um að kalla aðildarríki sín til ábyrgðar í mannréttindamálum sem falla utan laga Evrópusambandsins.“

„Við erum að sjá breyttan heim, sem lýsir sér í því að ríki sem áður höfðu vægi til að gagnrýna mannréttindabrot hafa í raun ekki efni á því lengur,“ segir Jóhanna.

„Einnig eru að koma ný ríki inn á sviðið sem hafa engan áhuga á mannréttindum,“ bætir hún við, og á þar meðal annars við Kína, sem hikar ekki við að eiga viðskipti við lönd á borð við Búrma, Súdan og Simbabve.

Í ár verða sextíu ár liðin frá því að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu mannréttindayfirlýsingu sína, en ákvæði hennar eru enn þverbrotin víða um heim.

gudsteinn@frettabladid.is






**KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!**

MEÐ ÞIG Í HUGA

# SLÁÐU Í GEGN MEÐ FLOTTUM OLYMPUS LJÓSMYNDUM



### OLYMPUS / FE 310

- 8 milljón pixlar
- 5x aðráttarlinsa (37-185mm)
- Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 16 handhægar tökustillingar
- Face Detection til að ná góðum andlitsmyndum
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð
- Notar AA rafhlöður

**Verð: 15.900 kr.**



VATNSHELD
HÖGGHELD

### OLYMPUS / MJU 850SW

- 8.0 milljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (38-114mm)
- Hristivörn
- Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
- Höggheld
- Vatnsheld niður á 3 metra
- Þolir allt að 10° frost
- 23 handhægar tökustillingar
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð
- Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
- Fæst í þremur mismunandi litum

**Verð: 39.900 kr.**

## Magnaðar myndavélar – á fínu verði!



### OLYMPUS / FE 340

- 8 milljón pixlar
- 5x aðráttarlinsa (36-180mm)
- Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 18 handhægar tökustillingar
- Nett málmhús
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð
- Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja
- Taska, hliðartaska, ól og þrífótur fylgja.

**Verð: 24.900 kr.**

**FRÆÐSLUMOLI**

Í upphafi var OLYMPUS japanskt fyrirtæki sem sérhæfði sig í gerð smásjárlinsa. OLYMPUS myndavélarnar byggja því á langri hefð sem gerir miklar kröfur um gæði linsa. ***Linsan ræður úrslitum um myndgæðin.***

3ja ÁRA ÁBYRGÐ á öllum OLYMPUS® myndavélum hjá ORMSSON



VELDU ÞÉR OLYMPUS

*– þú sérð ekki eftir því!*

# ORMSSON

| | | |
|---|---|---|
| ORMSSON | **SÍÐUMÚLA 9** | SÍMI 530 2800 |
| ORMSSON | **SMÁRALIND** | SÍMI 530 2900 |
| ORMSSON | **KEFLAVÍK** | SÍMI 421 1535 |
| ORMSSON | MODEL-**AKRANESI** | SÍMI 431 3333 |
| ORMSSON | ÞRISTUR-**ÍSAFIRÐI** | SÍMI 456 4751 |
| ORMSSON | **AKUREYRI** | SÍMI 461 5000 |
| ORMSSON | BÓKABÚÐ-**HÚSAVÍK** | SÍMI 464 1515 |
| ORMSSON | VÍK-**EGILSSTÖÐUM** | SÍMI 471 2038 |
| ORMSSON | VÍK-**NESKAUPSTAÐ** | SÍMI 477 1900 |
| ORMSSON | VÍK-**REYÐARFIRÐI** | SÍMI 474 1477 |
| ORMSSON | ÁRVIRKINN-**SELFOSSI** | SÍMI 480 1160 |

KVIKA

1908 2008

Hafnarfjörður hundrað ára

*Hafnfirðingar eru allir að dubba sig upp fyrir*

# Heimboð í Hafnarfjörð
## Afmælishátíð 29. maí - 1. júní

## FIMMTUDAGUR 29. MAÍ 2008

**09:00-22:00 BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR**
Ratleikur fyrir alla fjölskylduna í krókum og kimum bókasafnsins og glæsileg verðlaun í boði. Í anddyri safnsins er sýning á innsendu efni í hugmyndasamkeppninni um Óla Run tún og verður sú sýning opin alla helgina frá 11-17.

**09:30-12:30 LEIKSKÓLAHÁTÍÐ**
Skemmtun á Thorsplani og víðar. M. a. mynda börnin árin 100 á myndrænan hátt.

**10:00 SÖNGURINN ÓMAR**
Grunnskólabörn úr fjórða bekk koma saman og taka lagið á Thorsplani. Létt skemmtidagskrá.

**16:00 GALLERY THORS**
Lárus Karl Ingason opnar ljósmyndasýninguna *Dans*.
Á sama tíma opna listakonur í Gallerý Thors samsýningu er ber heitið Matar-list. Á sýningunni eru verk eftir Elvu J. Hreiðarsdóttur, Guðrúnu Halldórsdóttur, Helenu Sólbrá, Ingibjörgu Klemnz, Lilju Bragadóttur, Maju Ólafdsóttur, Ólöfu Jónu Guðmundsdóttur, Sólveigu Hólmarsdóttur, Þóru Einarsdóttur og Æju. Að sjálfsögðu verður opið fram eftir kvöldi í tengslum við langan fimmtudag.

**18:00 BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR**
Nýtt sýningahús Byggðasafns Hafnarfjarðar, Beggubúð tekið í notkun og opnuð verslunarminjasýning. Endurbætt Byggðasafnstorg vígt á sama tíma. Sýning á munum úr Ásbúðarsafni Þjóðminjasafnsins opnuð í forsal Pakkhússins.

**18:00-22:00 GAKKTU Í BÆINN – LANGUR FIMMTUDAGUR Í MIÐBÆNUM**
Listamenn og kaupmenn í bænum bjóða heim og uppákomur verða í verslunum og galleríum til klukkan 22:00. Tilvalið að skella sér í bæinn og rölta á milli listamanna og verslana sem taka vel á móti afmælisgestum Söfn bæjarins taka einnig þátt í löngum fimmtudegi og hafa opið til klukkan 22:00. **Nánar á www.hafnarfjordur.is.**

**18:00-22:00 GAMLA BÓKASAFNIÐ MJÓSUNDI 10**
Ungt listafólk stendur fyrir litríkri dagskrá.
Þeir sem koma fram eru:
Acoustic – Lifandi trúbador dúett
Jón Þór Sigurleifsson – Ljóðaupplestur og smásögur
Margrét – Fönkað blús popp
Eyvindur Karlsson – Uppistand og upplestur
Hellvar – Electronic Rokk
Naflakusk – Gleðipopp

**20:00 HUNDRAÐ – Opnun afmælissýningar í Hafnarborg**
Sýningin HUNDRAÐ er samansafn af myndbrotum úr langri og merkilegri sögu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Brotin geta staðið ein og sér en með texta mynda þau örsögur úr bæjarlífinu sem nú hafa verið gefnar út á bók sem ber sama nafn og sýningin.

**20:00 LJÓSMYNDASÝNING ÁRNA GUNNLAUGSSONAR AF ELDRI HAFNFIRÐINGUM** – Í Sverrissal í Hafnarborg

**20:00 TÍSKUSÝNING Á THORSPLANI**
Stórglæsileg tískusýning þar sem sýnt verður það nýjasta sem verslanir Hafnarfjarðar hafa upp á að bjóða. Listrænn stjórnandi sýningarinnar er Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir og módelin koma m. a. frá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar. Hinar frábæru Hara systur hefja sýninguna með glæsilegu opnunaratriði og kynna síðan sýninguna.

**21:00 TÓNLEIKAR Í FRÍKIRKJUNNI HAFNARFIRÐI**
**GLÆSIVERK MOZARTS OG LÉTTKLASSÍK**
Kammerhópurinn *CAMERARCTICA* leikur eina af perlum W.A.Mozarts, Klarinettu–kvintettinn K.581 auk verka eftir Hoffmeister og Krommer í léttklassískum stíl.

*Góða skemmtun!*

## FÖSTUDAGUR 30. MAÍ 2008

**12:00 FRÍSKANDI FJÖR Á THORSPLANI**
Glæsileg dagskrá fyrir ungt fólk þar sem settir verða upp hjólabrettarampar á Strandgötunni svo gestir geti spreytt sig í þessari fjörlegu íþrótt. Graffiti sýning verður einnig á svæðinu en verkin eru unnin í kjölfar Graffiti námskeiða sem ÍTH stendur fyrir. Að auki verður boðið upp á dansatriði á sviði og plötusnúður þeytir skífum.

| | |
|---|---|
| 12:00 | Brettasvæði opnar |
| 14:00 | Krakkarnir koma saman á Thorsplani |
| 14:30 | Human Beat Box |
| 14:45 | Stelpuband Jennýjar og Tinnu taka nokkur lög |
| 15:00 | Grillveisla – Pylsur og Egils Mix |
| 15:00 | Dansskóli Hafnarfjarðar sýnir Hipp Hopp atriði |
| 15:15 | Rappararnir Sammi Lauf og Lilfish taka lagið |
| 15:30 | Beatur & Marlon taka beat með krökkunum |
| 15:45 | Beatur lokar dagskrá á plani og plötusnúður spilar fram til klukkan 18:00 á meðan gestir spreyta sig á hjólabrettarömpum og skemmta sér í leiktækjum |

**17:00 OPNUN VÍKINGAGÖTU**
Víkingagatan verður opnuð með pompi og prakt við Viking Hotel. Fjöldinn allur af víkingum verður á svæðinu og skapa skemmtilega stemmningu. Í veitingahúsinu Fjörunni verður framreiddur sérstakur afmælismatseðill alla helgina og í Fjörugarðinum verða Víkingaveislur eins og þær gerast bestar. Hljómsveit Rúnars Þórs leikur fyrir dansi til klukkan 03:00 föstudag og laugardag. Gylfi Ægisson mun verða sérstakur gestur á dansleiknum á föstudagskvöld.

**18:00 OPNUN BOOKLESS-BUNGALOW – VESTURGÖTU 32**
Sögu erlendu útgerðarinnar í upphafi 20. aldar verða gerð skil í Bungalowinu sem hefur verið endurbætt sem sýninga- og móttökuhús bæjarins

**21:30 BÍLABÍÓ VIÐ FLENSBORG**
Einstök bílabíóstemmning: Hin alkunna dans- og söngvamynd Grease verður sýnd á risaskjá. Allir kannast við myndina en það eru fáir sem hafa fengið tækifæri til að njóta hennar á þennan hátt. Stúkusæti verða á staðnum svo að gestir þurfa ekki að örvænta ef enginn bíll er til ráðstöfunar. Félagar úr Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar mæta á svæðið í fullum Grease-skrúða og taka nokkur spor. Aðgangur ókeypis.

**23:00 MIÐNÆTURDJAZZ Í HAFNARBORG**
**STÓRTÓNLEIKAR AÐ HÆTTI BJÖSSA THOR, PAPA JAZZ OG FÉLAGA.**
Fjöldi þekktra listamanna treður upp og boðið verður upp á léttan jazz. Meðal þeirra sem koma fram á þessum tveggja tíma tónleikum eru: Björgvin Halldórsson, Andrea Gylfadóttir, Ragnheiður Gröndal, Margrét Eir, Björn Thoroddsen, Guðmundur Steingrímsson, Hjörleifur Valsson, Eyjólfur Þorleifsson, Jón Rafnsson og Steingrímur Guðmundsson. Tónleiknum „útvarpað" til neðri hæðar Hafnarborgar sem býður þeim sem ekki komast að á efri hæð hússins notalega kaffihúsa

*Sjáumst!*

**VIÐBURÐIR SEM STANDA ALLA AFMÆLISHÁTÍÐINA**
Ljóð sjöttu bekkinga eru til sýnis víðs vegar um um bæinn
Leikskólabörn sýna verk sín í búðargluggum og í stofnunum miðbæjarins
Málverkasýningar – Ljósmyndasýningar
Fjölbreyttar og áhugaverðar sýningar og uppákomur á söfnum bæjarins
Tilboð í verslunum og á veitingastöðum



## LAUGARDAGUR 31. MAÍ 2008

**11:00 OPNUN GÚTTÓ**
Í Gúttó verður sett upp sýningin *FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR* þar sem hlutverki þessa sögufræga húss verða gerð skil. Sýningin er samstarfsverkefni Byggðasafnsins og Listar og sögu ehf.

**11:00 LÍF OG FJÖR Í STRANDGÖTUNNI**
Strandgatan iðar af lífi allan daginn og fjöldi uppákoma setur svip sitt á svæðið. Meðlimir frá Þjóðahátíð líta við klukkan 14:00 og 16:00 en þess á milli verða lifandi skemmtiatriði í göngugötunni. Götulistamenn verða á ferðinni og Fimleikafélagið Björk leiðir skemmtilegt hópatriði í götunni.
Bókasafnið og Þjónustuver Hafnarfjarðar hafa opið til klukkan 17:00.

**12:00-18:00 ÞJÓÐAHÁTÍÐ ALÞJÓÐAHÚSSINS Í ÍÞRÓTTAHÚSINU VIÐ STRANDGÖTU**
Alþjóðasamfélagið á Íslandi ljóslifandi. Komið og njótið fjölbreytileikans í samfélaginu okkar! Frábær hátíð þar sem sögurnar, takturinn, bragðið og litadýrð ólíkra menningarheima birtast í fjölþjóðlegum skemmtiatriðum.

**13:00-16:00 BARNADAGSKRÁ Á THORSPLANI**
Snæfríður og Stígur úr Stundinni okkar skemmta börnunum og stjórna fjölbreyttri barnadagskrá á Thorsplani. Meðal dagskrárliða er brúðuleikhús, söngur, dans, glens og gaman. Börn á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og því um að gera að líta við á Thorsplani. Að lokinni dagskrá spilar plötusnúður skemmtileg barnalög.

**14:00 FH- HAUKAR - BARÁTTAN UM FJÖRÐINN !!!**
FH-ingar og Haukar hafa lengi barist um hylli Hafnfirðinga og verið bæjarfélaginu til sóma. Nú er komið að því að valdir leikmenn þessara félaga eigist við í þrautum sem reyna á hug og hönd fyrir framan Fjörðinn í miðbæ Hafnarfjaðrar. Bráðfjörug og spennandi keppni sem gaman verður að fylgjast með.

**14:00 UPPBOÐ Á ANTIKMUNUM Í STRANDGÖTUNNI.**
Glæsilegt antik og listmuna uppboð í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðar. Hartnær hundrað munir verða boðnir upp og verður uppboðið haldið innan sem utandyra við ANTIKBÚÐINA, ef veður leyfir.

**14:00 HEILLANDI HEIMAR Í HELLISGERÐI**
Stórskemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna í glæsilegu umhverfi Hellisgerðis. Mikil áhersla verður lögð á lifandi umhverfi með tónlist, umhverfishljóðum og skemmtilegum uppákomum.

**15:00 ÓRAFMÖGNUÐ STEMNING Í KIRKJUM BÆJARINS**
Tæplega tveggja klukkustunda tónleikar með úrvali listamanna. Hér ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Allir tónleikarnir hefjast á sama tíma og höfða til gesta á öllum aldri.

**VÍÐISTAÐAKIRKJA:**
Ragnheiður Gröndal
Magnús Kjartansson
Lay Low

**HAFNARFJARÐARKIRKJA:**
Védís Hervör og félagar, Ólöf Arnalds,
*Rotturnar*: Margrét Eir, Regína Ósk & Heiða
Ellen Kristjánsdóttir

**FRÍKIRKJAN:**
Alda Ingibergsdóttir
Frank Aarnick og hörpuleikari
Guido Baumer og Aladar Rácz, miðevrópskur jazz

**16:00 ÍSLENSKA KVIKMYNDIN *STIKKFRÍ* SÝND Í BÆJARBÍÓI**

**17:00 - 23:00 HAFNARFJÖRÐUR ROKKAR Á VÍÐISTAÐATÚNI**
Stórglæsilegir tónleikar fyrir alla fjölskylduna sem fram fara á Víðistaðatúni. Hinir einu sönnu Simmi & Jói verða kynnar.

Margir af færustu tónlistarmönnum landsins koma fram:
Naflakusk, Vicky Pollard, Bermúda, Veðurguðir, Megas, Eurobandið, Baggalútur, Sammi BigBand, Sprengihöllin, Sálin og Björgvin Halldórsson.

Léttar og ferskar veitingar frá Kokkunum verða til sölu. Á Víðistaðatúni verða einnig útigrill þar sem tónleikagestir og fjölskyldur geta mætt með pylsur eða annað til að grilla.

*Hlökkum til að sjá þig!*

Ítarlegri dagskrá allra daganna má finna á www.hafnarfjordur.is

## SUNNUDAGUR 1. JÚNÍ 2008

**Dagskrá sjómannadags og afmælisdags Hafnarfjarðar hefst með formlegum hætti þegar fánar verða dregnir að húni árla morguns. Í framhaldi af því verður blómsveigur lagður að minnisvarða um horfna sjómenn og fram eftir degi er spennandi dagskrá við allra hæfi.**

**11:00 SJÓMANNAMESSA Í VÍÐISTAÐAKIRKJU**
**11:00 GUÐSÞJÓNUSTA Í FRÍKIRKJUNNI Í HAFNARFIRÐI**
**11:00 FJÖLSKYLDUGUÐSÞJÓNUSTA Í HAFNARFJARÐARKIRKJU**
Í tilefni sjómannadagsins verður þema guðsþjónustunnar „sjór og saga." Mikið verður gert úr söng og hljóðfæraleik og eftir guðsþjónustuna verður útihátíð og grill á kirkjuplaninu. Æskulýðsfélagið verður með leiktæki og trébátar verða á kirkjutjörninni, sem börn fá að sigla.

**11:00 ÓLA RUN TÚN NEÐAN VIÐ LINDARHVAMM**
Verðlaunaafhending vegna hugmyndasamkeppni um Óla Run túnið, veitt eru verðlaun fyrir 1. til 3. sæti auk þess sem skemmtilegasta tillagan fær verðalaun. Hrúturinn Lúlli Geirs verður á svæðinu ásamt nokkrum kindum. Um að gera að taka með sér nesti og njóta útiverunnar á túninu. Hugmyndir sem tóku þátt eru til sýnis í Bókasafni Hafnarfjarðar til klukkan 17:00.

**12:00-18:00 ÁSVALLALAUG**
Gestum og gangandi býðst að skoða húsið og þær framkvæmdir sem eru í gangi

**13:00 HÁTÍÐARFUNDUR BÆJARSTJÓRNAR Í GÚTTÓ**
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar kemur saman og heldur fund í þessu sögufræga húsi.

**14:00 HÁTÍÐARSAMKOMA Í HAFNARBORG**
Útnefning bæjarlistamanns og hvatningarstyrkir veittir og Eyjólfur Eyjólfsson syngur. Samkoman er ætluð boðsgestum.

**HAFNARSVÆÐIÐ – VEGLEG FISKIVEISLA**
**Hafnarsvæði iðar af lífi á Sjómannadaginn og margt og mikið að gerast frameftir degi og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.**

| | |
|---|---|
| 11:30 | Kænumót á vegum Siglingaklúbbsins Þyts. |
| 12:00 | Boðið til glæsilegrar fiskiveislu við höfnina við harmonikkuundirleik. |
| 12:15 | Elding heldur í fyrstu siglingu. |
| 12:30 | Sjóræningjar ganga um svæðið, skemmta börnunum og gefa blöðrur. |
| 12:45 | Fagriklettur heldur í fyrstu siglingu – sjóræningjasigling með öllu tilheyrandi. |
| 13:00 | Lúdó og Stefán leika fyrir dansi á bryggjuballi. Þessir landsþekktu listamenn taka öll sín vinsælustulög í gegnum tíðina í 90 mínútna dagskrá. |
| 13:00 | Félagar úr Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar sýna dans á bryggju. |
| 13:15 | Elding heldur í aðra siglingu. |
| 13:45 | Fagriklettur – 2. sjóræningjasigling |
| 13:30 | Sýning björgunarsveitar – listflug – heimsókn frá þyrlu. Landhelgisgæslunnar. Gera má ráð fyrir 30-45 mínútna dagskrá. |
| 14:00 | Sjómenn heiðraðir og ávörp. |
| 14:15 | Elding – 3. sigling |
| 14:40 | Bryggjuballið heldur áfram þar sem Lúdó og Stefán leika fyrir dansi. |
| 14:45 | Fagriklettur – 3. sjóræningjasigling |
| 15:00 | Fyrirtækjaáskorun á sjó. Spennandi fjölþraut í glænýjum búningi með Jónsa í Svörtum Fötum. |

**AFMÆLISHÁTÍÐ Á HJÚKRUNAR- OG SJÚKRASTOFNUNUM**

| | |
|---|---|
| 14:00 | Hin árlega kaffisala og handverkssýning verður frá kl. 14-16 að Hrafnistu. |
| 14:30 | Caprí Tríó skemmtir á Hrafnistu. |
| 15:10 | Capri Tríó á Sólvangi og boðið upp á afmælistertu. |
| 15:45 | Caprí Tríó á St. Jósefs og boðið upp á afmælistertu. |

**15:00 ÚTIKAFFIBOÐ**
**Afmælisgestum er boðið í kaffi og afmælistertu í miðbæ Hafnarfjarðar, nánar tiltekið á Strandgötunni. Í boði verður glæsileg 100m löng súkkulaðiterta merkt bæjarfélaginu. Með þessu verður boðið upp á Merrild kaffi og ískalda mjólk. Kökuboðið hefst kl. 15:00 og stendur til kl. 16:00 eða svo lengi sem birgðir endast.**

**Glæsileg skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna á Thorsplani á meðan gestir gæða sér á góðgætinu:**
Nemendur frá Lækjarskóla sýna atriði úr Jesus Christ Superstar
Hara systur taka lagið af sinni alkunnu snilld
Jónsi tekur nokkur lög og syngur afmælissönginn
Brúðuleikhús: Pétur og Úlfurinn
Plötusnúður – DJ Daddi Diskó spilar til klukkan 17:00

**16:30 HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Á ÁSVÖLLUM**
**Stórglæsilegir hátíðartónleikar með Kammersveit Hafnarfjarðar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands auk 700 manna afmæliskórs Hafnarfjarðar. Einsöngvarar eru Elín Ósk Óskarsdóttir, Ágúst Ólafsson og Eyjólfur Eyjólfsson. Einleikari er Ármann Helgason. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.**

Íþróttahúsið á Ásvöllum verður fært í hátíðarbúning í tilefni dagsins.
Skutlur standa gestum til boða frá Firðinum frá klukkan 16:00 og flytja gesti að Ásvöllum.
Aðgangur á tónleikana er gestum að kostnaðarlausu.
Tónleikunum verður útvarpað beint á Rás 1.
Tónleikar sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

*Hafðu það gott!*





## „ORÐRÉTT“

### Mannréttindabrot?

**„Niðurstöður mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna eru ótvíræður áfellisdómur yfir kvótakerfi með leigu- og sölurétti á óveiddum fiski, sameiginlegri auðlind Íslandsmiða.“**

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON Í ELDHÚSDAGSUMRÆÐUM Á ALÞINGI
**Fréttablaðið 28. maí**

### Að tjaldabaki

**„Útlendingarnir stjórna þessu alfarið. Við vildum hafa tjöld eða skjái en þeir vildu það ekki. Við vildum hafa sviðið hærra en þeir ekki. Þeir gerðu okkur erfitt fyrir.“**

ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON TÓNLEIKAHALDARI UM AÐBÚNAÐ Á TÓNLEIKUM BOBS DYLAN
**Fréttablaðið 28. maí**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GÚSTAF GÚSTAFSSON HJÁ KRABBAMEINSFÉLAGINU:

## *Niðurstöður átaksins framar vonum*

„Í vinnunni er aðallega að frétta þessi frábæri árangur sem við erum að ná með verkefninu Á allra vörum sem hún Gróa Ásgeirsdóttir kom með til okkar,“ segir Gústaf Gústafsson, markaðs- og fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélags Íslands. „Það er ævintýri líkast. Við áætluðum mjög bjartsýn að selja um 10 þúsund gloss en það er komið upp í tæplega 16 þúsund og lítur út fyrir að við seljum kringum 30 þúsund gloss í sumar.
Svo vorum við að fá niðurstöður úr Capacent-könnun út af átakinu okkar, Karlmenn og krabbamein. Niðurstöðurnar voru framar öllum vonum. Karlmenn tóku átakinu mun betur en við bjuggumst við og þorðum að vona. Átakið gekk út á að kynna fyrir karlmönnum einkenni krabbameins og læra að þekkja einkenni krabbameins. Það er gríðarlega mikilvægt að greina krabbamein snemma og Krabbameinsfélagið hefur ekki mikið verið að herja á karlmenn. Þetta var fyrsta alvöruátakið okkar í þeim málum. Samkvæmt könnun Capacent tóku um 75 prósent karlmanna eftir átakinu. Við höfum fengið upplýsingar frá þvagfæraskurðlæknum um auknar tímapantanir þannig að það gekk framar vonum að öllu leyti. Þörfin var greinilega mjög mikil.



Sumarið er að koma, veiðin er byrjuð og golfið líka. „Allir eru að fara út úr kofanum og út í garð. Við erum að fara í sumarfrí öll fjölskyldan til Þýskalands í byrjun júní, í Svartaskóg og Rínardalinn. Ég fer á einn leik á EM í Basel í Sviss og hlakka mikið til þess.“

## OLÍUHREINSUN:
### 30-40 PRÓSENT BENSÍN



■ Í olíuhreinsunarstöð er með hjálp efnafræðilegra ferla eldsneyti með mismunandi löngum kolefniskeðjum unnið úr hráolíu. Í ferlinu er hægt að brjóta upp lengstu kolefniskeðjurnar (úr þungolíu) en það borgar sig ekki að búa til lengri keðjur úr styttri og breyta þannig til að mynda bensíni í dísilolíu. Næst á eftir vökvagasi (LPG) er léttasta afurðin bensín. Um 30-40 prósent framleiðslunnar er bensín, 40-50 prósent er millilétt olía (steinolía, dísil), 1-20 prósent er tjara, vax og þungolía.

## SJÓNARHÓLL
LÖGREGLUÞJÓNN TEKUR PILT KVERKATAKI Í VERSLUN 10-11

### *Hálfvitar í öllum stéttum*

„Mér blöskruðu þessi viðbrögð lögreglumannsins.“ segir Ágúst Bogason útvarpsmaður um umtalað atvik í verslun 10-11 í Grímsbæ. Myndbandsupptaka sem birtist á síðunni youtube.com sýnir lögregluman taka ungan pilt kverkataki þegar hann neitar að tæma vasa sína.



„Drengurinn virtist ekki vera ógnandi á nokkurn hátt og því sýndi lögreglan allt of mikla hörku gagnvart ekki eldri manni. Þó svo að pilturinn hefði verið að stela tyggjópakka, kókflösku eða hverju sem er, þá réttlætir það ekki þessi viðbrögð.“ Ágúst segist vona að framganga þessa ákveðna lögregluþjóns sé ekki dæmigerð fyrir stéttina. „Ég tel að lögreglan sé almennt að standa sig vel og sinna alls kyns skítadjobbum sem aldrei er fjallað um í fjölmiðlum. Hins vegar eru hálfvitar í öllum stéttum sem koma óorði á heildina, og þessi einstaklingur er eitt af þessum rotnu eplum. Hann hefði eflaust gott af því að stjórna umferð eitthvað fram á sumarið, áður en hann verður sendur í svona útkall aftur.“

**ÁGÚST BOGASON**
Útvarpsmaður.




# Heilbrigði og þyngd fara ekki alltaf saman

**Dr. Katherine Flegal og dr. Linda Bacon hafa báðar rannsakað samband þyngdar og heilsu, á ólíkan hátt þó. Rannsóknir þeirra hafa meðal annars leitt í ljós að offita tengist færri dauðsföllum en áður hefur verið talið. Þær flytja erindi á málþingi í Háskólanum í Reykjavík í dag. Málþingið hefst klukkan 13.**

„Offita hefur vissulega aukist á síðustu árum, en lífslíkur hafa líka lengst og fólki með hjarta- og æðasjúkdóma hefur fækkað. Þetta er því mynd sem ekki er auðvelt að púsla saman,“ segir dr. Katherine Flegal. Hún segir að þegar tenging á þyngd við dánartíðni var rannsökuð hafi dánartíðnin verið mun lægri en búist hafði verið við. „Við skoðuðum sambandið á milli allra þessara þátta. Það eru margar rannsóknir sem styðja þetta en þó kemur þetta fólki enn á óvart, meðal annars vegna þess að ofþyngd er talin svo neikvæð.“

Rannsóknirnar beindust einnig að því að kanna tengsl þyngdar við ýmsa sjúkdóma. „Það var engin tenging á milli þyngdar og krabbameins, bara ekki neitt samband þar á milli. Offita hefur svo verið tengd við hjarta- og æðasjúkdóma en við fundum ekkert sem benti til þess,“ segir Katherine. Þegar skoðaðir eru aðrir sjúkdómar sem valda um fjórutíu prósentum dauðsfalla í Bandaríkjunum, bendi margt til þess að því þyngra sem fólk var þeim mun líklegra var það til að lifa sjúkdómana af.

„Rannsóknir dr. Flegal sýna að þær heilbrigðishættur sem talað er um að skapist vegna offitu eru mikið ýktar,“ segir dr. Linda Bacon. „Þyngd er í raun ekki eins mikið áhyggjuefni og við erum látin halda. En það að vera of þungur er erfitt fyrir fólk því það verður fyrir fordómum, og þeir sem eru ekki of þungir lifa í stöðugum ótta við fitu. Þetta verður til þess að við verðum hrædd við mat og eigum óheilbrigt samband við líkama okkar.“

Dr. Bacon hefur gert rannsóknir með það að markmiði að láta fólk sætta sig við líkama sinn og treysta því sem hann segir í stað þess að megra sig. Niðurstöðurnar segir hún hafa verið ótrúlegar. „Kólesteról og blóðþrýstingur lækkaði, fólk valdi betri mat og hreyfði sig meira, þunglyndi þeirra minnkaði og það var ánægðara með sjálft sig – um leið og við færðum áherslurna frá þyngdinni.“ Bæði dr. Bacon og dr. Flegal eru svo sammála um hvert aðalatriði heilsuverndar eigi að vera. „Það er mikilvægast að fá fólk til að gera sér grein fyrir því að þyngd og heilsa er ekki alltaf saman.“

**thorunn@frettabladid.is**



**DOKTORARNIR** Dr. Linda Bacon og dr. Katherine Flegal segja heilsu og þyngd alls ekki alltaf fara saman. Rannsóknir þeirra hafa meðal annars sýnt að heilbrigðari lífsstíll viðhaldist frekar ef markmið fólks sé ekki að grennast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Börnin á Stakkaborg gefa munaðarleysingjum í Líberíu veggspjald um Ísland:

# Hafa mikinn áhuga á Afríku

**FÓLK** „Ég elska Afríku, er fædd þar og hef alltaf haft mikinn áhuga á álfunni,“ segir Charlotte Ólöf Ferrier sem í síðustu viku hélt til Líberíu á vegum IceAid-hjálparsamtakanna.

Þar mun hún dvelja í þrjár vikur og aðstoða við byggingu heilsugæslu við heimili munaðarlausra barna sem endurbyggt var með aðstoð IceAid árið 2006. Heimilið er í útjarði höfuðborgarinnar Monróvíu en Charlotte segir um átatíu börn búa á heimilinu. „Þau búa í tveimur húsum þar sem drengirnir búa í öðru húsinu og stúlkurnar í hinu en börnin eru á aldursbilinu fimm til átján ára.“ Hún segir börnin hafa misst foreldra sína í borgarastyrjöldinni sem stóð til ársins 2003.



**BÖRN Á LEIKSKÓLANUM STAKKABORG** Charlotte og börnin á Stakkaborg ásamt veggspjaldinu um Ísland sem sýnir meðal annars Hallgrímskirkju, fjöll, jökla og ýmis dýr auk klippimynda af börnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

En Charlotte fer langt í frá tómhent til Afríku þar sem börnin á leikskólanum Stakkaborg, þar sem hún vinnur, vildu endilega fá að taka þátt í verkefninu. Því varð úr að börnin útbjuggu mynd sem Charlotte tók með sér til Líberíu en myndin er gjöf barna á Stakkaborg til barnanna á heimilinu.

Hún segir íslensku börnin hafa haft mikinn áhuga á verkefninu og margar spurningar vaknað við gerð myndarinnar. Þá hafi nokkur þeirra haft á orði að þau væru sjálf heppin að eiga foreldra og sum lýstu áhuga sínum á að fara til Afríku og hjálpa til þegar þau yrðu eldri. Verkefnið hafi því bæði verið fræðandi og skemmtilegt.

**- ovd**


ÚTIMARKAÐUR
Sumarblóm og pottar í miklu úrvali
© Inter IKEA Systems B.V. 2008
BLÅBÄR blómapottur, rauðbrúnt, innanmál Ø9, H12 cm 65,-
1.290,-
STJÚPUR sumarblóm 20 stk. íslensk framleiðsla 1. fl. ýmsir litir
595,-
MYNTA blómapottur Ø32, H30 cm 595,-
MYNTA undirskál Ø28 cm 295,-
VÅREN blómagrindur, galvaniserað, ryðfrítt stál, ýmsir litir B18xH59 cm 195,-/stk.
HUSÖN blómapottur, galvaniserað, ryðfrítt stál innanmál Ø44, H41 cm 3.490,-
SOMMAR garðpokar, ýmsir litir Ø40, H40 cm 295,-/stk.
795,-
MARGARITA sumarblóm, ýmsir litir
SKOGSBÄR blómapottar, ýmsir litir, innanmál Ø12, H10 cm 95,-/stk.
VINBÄR blómapottur, innanmál Ø14, H13 cm hvítt/blágrátt 95,-
PLATTA gólfklæðning, gegnheill akasíuviður L45xB45, H2,4 cm 595,-
BETA garðkanna, galvaniserað, ryðfrítt stál 2,7 l. 495,-
MYNTA blómapottur, rauðbrúnt innanmál Ø52, H26 cm 4.690,-
595,-
LOBELÍA sumarblóm
BETA blómavagn galvaniserað, ryðfrítt stál Ø30 cm 495,-
SALVIA blómapottur, galvaniserað, ryðfrítt stál, innanmál 25, H20 cm 695,-
IKEA PS VÅLLÖ garðkanna, ýmsir litir 1,2 l. 195,-
VÅREN klifurjurtagrindur, ýmsir litir B36xH36 cm 1.290,-/9 í pk.
595,-/stk.
PETÚNÍA/TÓBAKSHORN sumarblóm, ýmsir litir
HUSÖN blómapottur, galvaniserað, ryðfrítt stál innanmál Ø52, H60 cm 6.990,-
MYNTA blómapottur rauðbrúnt, innanmál Ø52, H17 cm 3.690,-
595,-
DALÍA sumarblóm ýmsir litir
Útimarkaður opið:
Fimmtud. 29. maí - sunnud. 1. júní kl. 12-18
Opnunartími verslunar:
Virka daga kl. 10:00-20:00 | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is
IKEA®




**FRÉTTASKÝRING:** Norðurheimsskautssvæðið

# Glímt um auð norðursins

**Ráðherrar frá ríkjunum fimm sem eiga strandir að Norður-Íshafi – Rússlandi, Bandaríkjunum (Alaska), Kanada, Danmörku/Grænlandi og Noregi – eru nú saman komnir í Ilulissat á Grænlandi til að ræða þann ágreining sem ríkir um yfirráð yfir íshafinu og hafsbotninum undir því.**

Margt veldur því að þessi ágreiningur hefur nú færzt í brennidepil heimsstjórnmála. Meðal helztu ástæðnanna er sú hraða bráðnun sem á sér nú stað á norðurskautsísnum og þau tækifæri sem hún skapar á aðgengi að auðlindum á svæðinu – einkum og sér í lagi jarðgasi og olíu – svo og á opnun nýrra og styttri siglingaleiða milli Atlants- og Kyrrahafs.

### Hagsmunakapphlaup

Þegar Rússar sendu rannsóknakafbáta niður á hafsbotn á norðurpólnum í byrjun ágúst í fyrra og stungu þar niður þjóðfána sínum (úr títani, svo að hann þyldi þrýstinginn sem þarna er á 4,3 kílómetra dýpi) vaknaði athygli umheimsins svo um munar fyrir því hagsmunakapphlaupi sem á sér stað um yfirráð og auðlindir á þessu svæði.

Eins og Artúr Tsjilingarov, rússneski leiðangursstjórinn, hefur sjálfur bent á er þó ástæðulaust að gera of mikið úr þessari táknrænu aðgerð. Þá skoðun ítrekaði rússneski utanríkisráðherrann Sergei Lavrov er hann mætti til ráðherrafundarins á Grænlandi. Í fánaplöntuninni fælist „engin krafa til yfirráða,“ sagði Lavrov og benti á að Hafréttarsáttmáli SÞ sæi fyrir reglum og ferlum til lausnar á ágreiningi, „þar á meðal hvað varðar landgrunnsréttindi“.

Rússar hafa enda lagt kröfu sína um útvíkkuð lögsögumörk umfram 200 mílna efnahagslögsögu með lögformlega kórréttum hætti fyrir úrskurðarnefnd Hafréttarsáttmála SÞ um landgrunnsmörk, sem fulltrúar 21 ríkis eiga sæti í. Kröfuna byggja þeir á því að Lomonossovhryggurinn svonefndi, sem liggur þvert yfir norðurpólinn á botni Norður-Íshafs, sé jarðfræðilega framlenging á landgrunni Rússlands (Síberíu).

Sögulega má reyndar segja að Rússar byggi kröfuna einnig á tilkalli sem stjórn Sovétríkjanna gerði árið 1924 til þess að lögsögumörk þeirra í Norður-Íshafi teygðu sig frá ystu mörkum Rússlands í vestri og austri norður eftir lengdarbaugslínum alveg að norðurpólnum, svipað og samið var um milli þeirra ríkja sem gerðu tilkall til yfirráða yfir Suðurskautslandinu á sama tíma (lögsögusvæði þeirra afmarkast af lengdarbaugslínum alla leið á Suðurpólinn).



**NORÐUR-ÍSHAF** Eins og sjá má á kortinu réði Rússland yfir nær helmingi N-Íshafs ef lögsögumörk færu eftir lengdarbaugslínum. Í miðju sést Lomonossov-hryggur.

### Rússar með „sterka stöðu“

„Rússland er í sterkustu stöðunni á norðurskautssvæðinu til að verja hagsmuni sína og auka áhrif sín þar,“ skrifar hermálafréttaritari rússnesku fréttastofunnar RIA-Novosti í skoðanapistli á vef fréttastofunnar á dögunum. Í lok pistilsins tekur hann fram að Rússar hafi „langmestu hernaðargetuna á norðurslóðum“. Hún sé „miklu meiri en sú hernaðargeta sem nokkurt annað land heldur varanlega úti“. Sé rétt að farið skapi þetta grundvöll „sem ætti að tryggja vernd hagsmuna okkar [Rússa] á norðurslóðum, og verka sem þungvæg rök fyrir því að við færum út yfirráðasvæði okkar“.

Í samræmi við reglur Hafréttarsáttmála SÞ hafa hin strandríkin við Norður-Íshaf einnig lagt fram kröfur um útvíkkuð lögsögumörk, eða eru að vinna að því að leggja slíkar kröfur fram. Einkum á þetta við um Kanada og Danmörku fyrir hönd Grænlands, en Lomonossovhryggurinn nær einnig að strönd Grænlands og Ellesmere-eyju nyrst í Kanada. Bandaríkin, sem á grundvelli þess að Alaska er hluti af þeim eru líka að reyna að tryggja sína hagsmuni í þessum slag, standa illa að vígi þar sem Bandaríkjaþing hefur enn ekki fullgilt Hafréttarsáttmálann.

### Miklar ófundnar lindir

Oft er vitnað til þess að Jarðvísindastofnun Bandaríkjanna hafi látið það frá sér fara, að allt að fjórðungur þeirra jarðgas- og olíulinda sem enn hafa ekki verið uppgötvaðar sé að finna í Norður-Íshafi. Stofnunin vill reyndar ekki kannast við að hafa sagt þetta en fullyrðingin lifir nú sínu eigin lífi í skýrslum, greinum og fréttainnslögum sem samin eru um „Kapphlaupið um norðurskautið“.

Sérfræðingar sem meðal annars er vitnað til í ítarlegri grein um „Olíuæðið á norðurslóðum“ (The Arctic Oil Rush) í maíhefti bandaríska tímaritsins Vanity Fair segja að slíkar prósentutölur yfir ófundnar olíulindir séu alltaf skot út í loftið. Rétt sé þó að umtalsverðar olíu- og gaslindir sé að finna á svæðinu. Stærstur hluti þeirra sé innan efnahagslögsögu Rússlands.

Svo lengi sem ísinn heldur áfram að bráðna, tækninni fleygir fram við að bora eftir gasi og olíu við hinar erfiðu aðstæður svo langt í norðri og heimsmarkaðsverð á olíu heldur áfram að hækka mun kapphlaupið um að nýta þessar auðlindir norðurhjarans halda áfram að harðna.

### Snertir Ísland

Þetta „olíuæði á norðurslóðum“ gæti snert Ísland að minnsta kosti á tvo vegu. Ef spár ganga eftir um að umtalsverðar olíulindir finnist undan óbyggðum ströndum Norðaustur-Grænlands væru íslenzkar hafnir bezt í stakk búnar að þjónusta þann iðnað. Burtséð frá því hvort nokkuð verður af áformum um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum.

Það sem myndi breyta enn meiru fyrir Ísland í þessu samhengi er ef siglingaleiðirnar norður fyrir Evrasíu og Norður-Ameríku skyldu opnast drjúgan hluta ársins. Þá væri landið gríðarvel í sveit sett til að hýsa umskipunarhafnir fyrir vöruflutninga milli stórhafna norðanverðs Atlantshafs og stórhafna norðanverðs Kyrrahafs.

Ef til vill myndi íslenzku efnahagslífi ekki veita af þeirri lyftistöng, því bráðnun heimskautaíssins og aðrar afleiðingar hinnar hnattrænu hlýnunar á fiskveiðar við Ísland eru ófyrirsjáanlegar.

Með tilliti til þessara hagsmuna sem Ísland tvímælalaust á í húfi og þeirrar staðreyndar að landið er, ásamt Svíþjóð, Finnlandi og löndunum fimm sem að ofan eru talin, aðili að Norðurskautsráðinu skýtur það skökku við að engum frá fyrrnefndu löndunum þremur var boðið að taka þátt í fundinum í Ilulissat. Það var ákvörðun dansk/grænlenzku gestgjafanna.



**TÁKNRÆNT** Róbótaarmur rússnesks rannsóknakafbáts kemur rússneska fánanum fyrir á hafsbotni á Norðurpólnum 2. ágúst í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is






LAMBAKJOT.IS



# GRILLBRAGÐ
## - helgarinnar



„Ég vil hafa það hollt og gott
og auðvelt að elda.
Að narta í ljúffengan bita af grillinu
– þannig eru náttúrulega bestu helgarnar.“

## Grillaðar lambalundir með kryddjurtapestói

1 kg lambalundir • kryddjurtapestó

Veltið kjötinu upp úr $\frac{1}{3}$ af kryddjurtapestóinu og geymið við stofuhita í 20 - 60 mín.

Grillið kjötið á vel heitu grilli í 2 - 3 mín. á hvorri hlið.

### Kryddjurtapestó:

$1\frac{1}{2}$ dl ólífuolía • 1 búnt basilíka • $\frac{1}{2}$ búnt steinselja • $\frac{1}{2}$ búnt tímían • $\frac{1}{2}$ búnt mynta
2 msk furuhnetur • 2 msk parmesanostur • 1 msk sítrónusafi • 1 msk hunang • $\frac{1}{2}$ tsk pipar • 1 tsk salt

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel.

Berið kjötið fram með afganginum af pestóinu og t.d. grilluðu grænmeti og kartöflum.

25 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT

LUKKULEIKUR

TAKTU ÞÁTT

Í SPENNANDI OPNUNARLEIK

VINNINGAR

FLATSKJÁR AÐ VERÐMÆTI 200.000 KR

MATARÚTTEKT HJÁ KRÓNUNNI AÐ VERÐMÆTI 2 x 50.000 KR

GJAFABRÉF Í INTERSPORT AÐ VERÐMÆTI 2 x 50.000 KR

DREGIÐ 9. JÚNÍ

ÞÁTTTÖKUSEÐLAR ERU VIÐ AFGREIÐSLUKASSA

# LIN

OPNU

FRÁBÆR

# OPNUNA

ELKO

## STÆRSTA RAFTÆKJAVERSLUN Á ÍSLANDI

- STÆRSTI STÓRMARKAÐUR MEÐ RAFTÆKI Á NORÐURLÖNDUM
- 10 ÁR Á ÍSLENSKUM MARKAÐI
- ÖLL HELSTU VÖRUMERKIN Í HEIMILISTÆKJUM Á SAMA STAÐ
- ÁVALLT LÆGSTA VERÐIÐ - 100% VERÐVERND

OPIÐ

VIRKA DAGA 11-19
LAUGARDAGA 11-18
SUNNUDAGA 12-18

KRÓNAN

## STÆRSTA LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN Í MATVÖRU

- STÓR SÉRVÖRUDEILD
- FRÁBÆRT ÚRVAL AF KJÖTI
- BAKAÐ Á STAÐNUM
- GLÆSILEGT GRÆNMETIS- OG ÁVAXTATORG
- FERSKUR SALATBAR
- SPENNANDI LÍFRÆN DEILD
- STÓR DEILD MEÐ DÝRAVÖRUM

OPIÐ

ALLA DAGA 11-19

# DIR




# UM Í DAG KL. 11:00

## FYRSTA LÁGVÖRUKJARNA Á ÍSLANDI

**SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI**

# ARTILBOÐ!

**INTERSPORT**

## STÆRSTA SPORTVÖRUVERSLUN Á ÍSLANDI

- NÝ MERKJAVARA Á LÆGRA VERÐI - 100% VERÐVERND
- ÖLL HELSTU SPORTVÖRUMERKIN Á SAMA STAÐ
- 4900 VERSLANIR UM ALLAN HEIM
- FRÁBÆRT ÚRVAL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
- STÆRSTA SKÓDEILD LANDSINS
- GLÆSILEG VEIÐIDEILD
- HÁGÆÐA ÚTIVISTARVÖRUR

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11-19
LAUGARDAGA 11-18
SUNNUDAGA 12-18

# DAGSKRÁ

## FIMMTUDAGUR 29. MAÍ
## Opnunarhátíð

**Kl. 11:00**
**Klippt á borða**
Jón Helgi Guðmundsson og
Gunnar Birgisson bæjarstjóri

**Kl. 11:00**
Stórkostleg opnunartilboð
í KRÓNUNNI, INTERSPORT og ELKO

**Kl. 12:00-15:00**
**GRILL** og gleði fyrir utan.
**HOPPKASTALI** fyrir börnin
**VÖRUKYNNINGAR**
**KRÓNUKARLINN**
kemur í heimsókn
**OG FLEIRA OG FLEIRA**



**Útgjöldin**

> Verð á Coca-Cola í 2 lítra flösku




Tölur eru í krónum. Miðað er við meðalverðlag á landinu öllu.

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: GUÐJÓN ARNGRÍMSSON UPPLÝSINGAFULLTRÚI

## *Ódýri Hagkaupsfrakkinn komst í tísku*



„Bestu kaupin gerði ég fyrir allnokkrum árum í verslunarferð í Hagkaupum,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. „Þá sá ég drapplitaðan frakka sem var svo afskaplega ódýr að ég skellti honum í innkaupakörfuna með matnum. Reyndar notaði ég hann ekki mikið til að byrja með en svo má segja að hans tími hafi komið því hann komst allt í einu í tísku. Þá fór ég að nota hann mikið og tók mig bara nokkuð vel út. Ég notaði hann í mörg ár.“

Þessi góðu kaup gerði Guðjón í hálfkæringi en svo var meira lagt í önnur kaup sem fóru ekki eins vel. Sú saga segir Guðjón að gæti reynst sem víti til varnaðar nú þegar verðbólgan hefur tekið flugið.

„Verstu kaupin gerði ég einnig fyrir mörgum árum. Það var þegar ég keypti íbúð í Kópavogi. Þetta var árið 1983 að mig minnir, allavega á tímum mikillar óðaverðbólgu. Ekki nóg með það heldur drógust framkvæmdir á langinn þannig að þetta hnýtti aftan á mig löngum skuldahala sem ég dró lengi á eftir mér. Það er ekki laust við að það setji ennþá að manni hroll þegar talað er um húsnæðismál.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### PAKKAR SILFRINU INN

■ *Kristinn Schram, forstöðumaður Þjóðfræðistofu, verndar silfrið sitt.*



„Það er gamalt og gott húsráð að pakka silfrinu sínu inn áður en það er lagt ofan í skúffu. Best er að nota plastfilmu (sellófan). Það verður til þess að lítið sem ekkert fellur á silfrið og minna þarf að pússa, með öllum þeim leiðindum sem því fylgja.“

Kristinn segist ekki eiga óhóflega mikið af silfri, en sem þjóðfræðingur hefur hann áhuga á gömlum munum.

„Annars bý ég ekki yfir fjölda góðra húsráða. Ég er reyndar hetja hjá krökkunum mínum þessa dagana fyrir að fjarlægja geitunga af heimilinu með glasi og blaði.“

■ **Raftæki**

## Gömul raftæki á ruslahaugum í Afríku



Mikið af gömlum raftækjum, sem ekki eru endurunnin á Vesturlöndum, enda á ruslahaugum í Afríku. Það kemur fram í skýrslu Greenpeace, Toxic TecH: Not in our backyard, sem sagt er frá á heimasíðu Neytendasamtakanna. Í skýrslunni er sagt frá því að neytendur losa sig við 20 til 50 milljónir tonna af rafeindaúrgangi ár hvert, og Evrópubúar einir losa sig við tæpar níu milljónir tonna. Stór hluti tækjanna virkar ekki og fer því beint á ruslahauga. Samkvæmt skýrslu Greenpeace er rafeindaúrgangur því orðinn að alvarlegu umhverfisvandamáli í sumum Afríkuríkjum.

■ **Þjónusta**

## Ýmis réttindi flugfarþega



Ýmsar reglur gilda um réttindi flugfarþega, til dæmis vegna seinkana á flugi og glataðs farangurs. Oft eiga flugfarþegar til dæmis rétt á bótum ef flugáætlanir raskast. Samkvæmt alþjóðlegum reglum ber flugrekanda að bjóða farþegum máltíðir og hressingu, samskiptaaðstöðu, flutning milli flugvalla og gistingu ef svo ber undir, sjái hann fram á að flugi seinki um þrjár klukkustundir eða meira. Ef töfin verður fimm klukkustundir eða lengri verður flugrekandinn að bjóðast til að endurgreiða farmiða. Talsmaður neytenda fjallar nánar um réttindi flugfarþega á heimasíðunni talsmadur.is.




# Mikill gæða- og verðmunur á línuskautum

**Fréttablaðið kannaði verðið á línuskautum í fjórum verslunum í Reykjavík. Mikill munur er á gæðum og verði skautanna. Hægt er að sækja línuskautanámskeið til að læra grunnatriðin.**



**HOLL HREYFING** Línuskautaiðkun er ein hollasta og skemmtilegasta hreyfing sem völ er á.

Línuskautavertíðin er hafin af fullum krafti. Jón Theodór Jónsson, sölumaður hjá Intersport, segir skautana hafa byrjað að rjúka út fyrir viku. „Allt stefnir í að við þurfum að panta meira fljótlega. Mér sýnist allir krakkar á aldrinum tólf ára og upp úr vera vitlausir í þetta, en það er líka nokkuð um að pör komi saman og splæsi í skauta.“

Jón segir verð skautanna endurspegla hversu fullkomnir þeir eru. Mestu muni um að dýrari skautarnir eru með betri stuðning og legu. Þeir eru einnig sléttari og komast hraðar en þeir sem eru ódýrari. Ódýrasta parið af línuskautum í fullorðinsstærð hjá Intersport kostar 9.900 krónur, meðan dýrasta parið kostar 19.900.

Guðný Hansen, verslunarstjóri hjá Íslensku ölpunum í Skeifunni, segir marga nýgræðinga í línuskautafræðum hafa keypt sér skauta upp á síðkastið. „Við höfum verið dugleg að auglýsa tilboðin okkar og það hefur skilað sér. Við héldum að það yrði meira sala í barnaskautum, en mesta salan hefur verið til fullorðins fólks af öllum þjóðernum sem hefur aldrei áður stigið á línuskauta.“ Ódýrustu skautarnir á tilboði hjá Íslensku ölpunum kosta nú 4.498 krónur en voru á 8.998 krónur. Tilboðsverð á dýrasta parinu er 9.200 krónur en var 12.995 krónur. Samkvæmt Guðnýju gildir tilboðið út júnímánuð.

Fréttablaðið kannaði einnig verð á línuskautum hjá Hagkaupum í Skeifunni og Útilífi í Glæsibæ. Hagkaup hafa til sölu tvær tegundir af skautum og kosta þær báðar 3.990 krónur. Ódýrustu skautarnir hjá Útilífi í Glæsibæ eru á 6.900 krónur, en þeir dýrustu á 22.990. Verðmunur á skautum er mikill eftir búðum. Því er vissast að kanna til hlítar hvaða gæði skautarnir hafa upp á að bjóða, til að ganga úr skugga um að fullnægjandi gæði fáist fyrir peninginn.

Línuskautar.is hefur síðustu sex ár haldið úti línuskautanámskeiðum á sumrin. Helgi Páll Þórisson línuskautaleiðbeinandi segir fullorðið fólk duglegast að sækja námskeiðin. „Fólk kemur oft til okkar til að læra grunnatriðin, en það er ekki algilt. Sumir hafa jafnvel skautað í tuttugu ár, en koma svo á námskeið gagngert til að læra að stoppa.“ Helgi segir vænlegast að tíu til tuttugu manns hópi sig saman og panti sér námskeið. Hver tími er ein og hálf til tvær klukkustundir og kostar 1.500 til 2.000 krónur á mann, allt eftir fjölda þátttakenda.

kjartan@frettabladid.is



## BRÚÐKAUPSGJAFIR

Ef þú ert á leiðinni í brúðkaup finnur þú brúðkaupsgjöfina í EGG.

Stórar og litlar gjafir, húsbúnað, raftæki, borðbúnað, ljós, rúmfatnað og fleira.

## GJAFALISTI

EGG býður brúðhjónum upp á gjafalista. Það auðveldar vinum og vandamönnum valið og tryggir að margir séu ekki að gefa sama hlutinn á brúðkaupsdaginn.

## EGG.IS

Á vefnum geta brúðhjón, vinir og vandamenn skoðað Gjafalista EGG þar sem við sýnum hluta þeirrar fallegu gjafavöru sem fæst í EGG. Hægt er að prenta listann út og má þá merkja við allt það sem hugurinn girnist.





BRÚÐHJÓN SEM SKRÁ SIG Á GJAFALISTANN FÁ AÐ GJÖF FALLEGAN BORÐDÚK OG MUNNÞURRKUR FRÁ LÍN DESIGN

Í SEPTEMBER DRÖGUM VIÐ SVO ÚT EIN HEPPIN BRÚÐHJÓN SEM HLJÓTA **50.000 KR** INNEIGN Í EGG





# GJAFALISTI EGG

## OKKAR INNLEGG Í FARSÆLT HJÓNABAND














Gjafakort EGG er einnig góð leið til að leysa brúðargjöfina á einfaldan og smekklegan máta.

Innréttingar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar | Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG SMÁRATORGI

EGG Smáratorgi Sími 525 3400 www.egg.is egg@egg.is Opið virka daga 10 - 18 Laugardaga 11 - 18 Sunnudaga 12 - 17

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.804 **-0,10%**

**Fjöldi viðskipta:** 261
**Velta:** 16.495 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FØROYA BANKI** | +1,62% | **BAKKAVÖR** | -0,86% |
| **SPRON** | +1,10% | **EIK BANKI** | -0,65% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | +0,98% | **ALFESCA** | -0,43% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,98 +0,00% ... Bakkavör 34,70 -0,86% ... Eimskipafélagið 20,55 +0,98% ... Exista 10,11 +0,80% ... Glitnir 17,60 +0,29% ... Icelandair Group 20,55 +0,24% ... Kaupþing 777,00 -0,39% ... Landsbankinn 25,55 -0,39% ... Marel 95,30 +0,00% ... SPRON 4,60 +1,10% ... Straumur-Burðarás 11,50 +0,53% ... Teymi 3,31 +0,30% ... Össur 98,20 +0,20%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Reikna með enn frekari vanskilum

„Þetta kemur ekki á óvart og ég óttast það sem er fram undan,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambandsins.

Vanskil við banka og sparisjóði jukust á fyrsta ársfjórðungi, eftir að dregið hafði úr vanskilum frá árinu 2002. Alls eru ríflega þrjátíu milljarðar króna í vanskilum.

„Við búumst við frekari aukningu vanskila, að minnsta kosti virðist þróunin vera í þá áttina,“ segir Ragnar Hafliðason hjá Fjármálaeftirlitinu (FME). Hann bendir jafnframt á að þótt vanskil hafi aukist, þá séu hlutföll svipuð og á árunum 2006 og 2007.

Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, segir að búast hefði mátt við auknum vanskilum. „Þá er einnig við því að búast að vanskil aukist þegar vaxtakjör verða lántakendum erfiðari,“ segir Þórólfur, sem jafnframt bendir á að líklegt sé að vanskil aukist þegar kaupmáttur minnkar. „Þá má eiga von á að vanskil aukist þegar verð á veðsetjanlegum eignum á borð við fasteignir og verðbréf lækkar mikið.“ Hann telur þó fullsnemmt að draga ályktanir um framhaldið.


**VIÐ GJALDKERABORÐIÐ** Vanskil við banka og sparisjóði eru byrjuð að aukast, eftir að dregið hafði úr þeim í sex ár í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vanskilahlutfall fyrirtækja á fyrsta fjórðungi nam hálfu prósenti, og jókst um 0,2 prósentustig frá áramótum. Vanskilahlutfall einstaklinga jókst um 0,1 prósentustig frá áramótum og var tæplega 0,8 prósent í lok fyrsta fjórðungs. FME bendir á að vanskilahlutfallið, einkum hjá einstaklingum, hafi lækkað eftir að bankarnir hófu sókn á fasteignamarkaði. Útlánaaukningin samfara því kunni að koma fram í auknum vanskilum síðar. - ikh




# Skeið stöðnunar verður lengra

**Í nýrri þjóðhagsspá Glitnis er gert ráð fyrir að vextir lækki í 7 prósent árið 2010. Svo hefst nýtt hækkunarferli. Húsnæðisverð lækkar um 15 prósent.**

„Útlit er fyrir að árin 2008 og 2009 verði tímabil stöðnunar í íslensku efnahagslífi. Við spáum engum hagvexti í ár eða á næsta ári og reiknum með því að hratt slakni á spennunni í efnahagslífinu á þessum tíma. Verðbólgan verður komin niður í verðbólgumarkmið Seðlabankans um mitt næsta ár og viðskiptahallinn mun minnka jafnt og þétt út spátímabilið,“ segir í þjóðhagsspá Glitnis.

„Við sjáum fyrir okkur að stöðnunarskeiðið verði mun lengra en árið 2001 og þarf að fara aftur til upphafs tíunda áratugar síðustu aldar til að finna viðlíka stöðnunarskeið,“ segir Ingólfur Bender forstöðumaður greiningardeildar Glitnis.

Þjóðhagsspá Glitnis gerir ráð fyrir að Seðlabanki Íslands muni ekki lækka vexti meira en í 7 prósent árið 2010. Ingólfur bendir á að þá sé komið að annarri uppsveiflu í íslensku hagkerfi og hagvöxtur árið 2011 verði yfir jafnvægishagvexti. Seðlabankinn muni bregðast við og hefja nýtt hægfara hækkunarferli stýrivaxta. Greiningardeild Glitnis segir einnig að aðgerðir Seðlabankans til að styrkja gjaldeyrisforðann og aðgengi að lánsfjármagni hafi jákvæð áhrif á gengi krónunnar. „Undir lok þessa árs verður krónan öllu sterkari en nú og hún mun halda áfram að styrkjast á næsta ári.“ Spáin gerir ráð fyrir að í lok spátímans standi gengisvísitalan í um 120 til 125 stigum.


**NÝ ÞJÓÐHAGSSPÁ** Ingólfur Bender og Jón Bjarki Bendtsson kynna niðurstöður nýrrar þjóðhagsspár. MARKAÐURINN/GVA

Bankinn spáir 8 prósenta nafnverðslækkun á húsnæði eða 15 prósenta raunverðslækkun frá upphafi annars ársfjórðungs þessa árs til ársloka 2010. Spá bankans er þó öllu bjartsýnni en spá Seðlabankans sem gerir ráð fyrir 30 prósenta raunverðslækkun á sama tímabili.

Greiningardeild Glitnis segir að heimili og fyrirtæki í landinu standi vel auk þess sem ríkið standi sérstaklega vel um þessar mundir til að takast á við þennan samdrátt. Kaupmáttur launa mun þó dragast aðeins saman á þessu ári en aukast hóflega fram til 2011.

# Gamanið kárnar segir ASÍ

„Við erum langt frá því að vera bjartsýn. Við spáum samdrætti á næstu tveimur árum. Þótt það sé ágætisgangur í atvinnulífinu nú, þá mun hægja mjög skarpt á í haust og á næstu tveimur árum verður mikill samdráttur,“ segir Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands.

Fram kemur í nýrri hagspá Alþýðusambandsins, sem birt er undir yfirskriftinni „Gamanið kárnar“, að heimilin dragi úr neyslu á næstu þremur árum, einkum vegna minnkandi kaupmáttar, vaxandi greiðslubyrði lána og versnandi aðgengis að lánsfé.


**HJÁ ASÍ** Alþýðusambandið kynnti síðdegis í gær nýja hagspá. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þá dragist fjárfestingar verulega saman. Hins vegar aukist opinber fjárfesting, sérstaklega í ár. Innflutningur eigi eftir að minnka, en útflutningur að aukast. Þar muni um álið. Forsendur nýgerðra kjarasamninga bresti þegar komi að endurskoðun þeirra í febrúar. Verðbólga aukist enn, en hjaðni undir lok ársins. Hún verði þó mikil næstu þrjú ár.

Þá gerir Alþýðusambandið ráð fyrir því að gengi krónunnar verði veikt næstu misseri. - ikh

# Kom vegna skattfrelsis

Ónefndur erlendur fjárfestir hefur ákveðið að kaupa hlut í Alfesca, vegna þess að hér þarf hann ekki að greiða skatta.

Þetta kemur fram í tilkynningu til Kauphallarinnar. Þar segir jafnframt að fjárfestirinn kaupi, samkvæmt viljayfirlýsingu, tæplega þrettán prósenta hlut í félaginu, fyrir sem nemur ríflega fimm og hálfum milljarði króna.

Fjárfestirinn hyggist stofna eignarhaldsfélag hér á landi, til að geyma þessi hlutabréf, vegna nýlegra laga um skattfrelsi söluhagnaðar hlutabréfa. - ikh

SUMAR-TILBOÐ!

# Eitt flottasta úrval landsins

## Mikið úrval fyrir öll baðherbergi

- til afgreiðslu af lager



**CT-95** 95x50 sm
Hvítt háglans **67.900,- stgr.**
Spegill, ljósakappi, handlaug og skápur



**CT-85** 85x50 sm **56.900,- stgr.**
Hvítt háglans Spegill, ljósakappi, handlaug og skápur



**WLU 125** 45x30 sm
Hvítt háglans **28.900,- stgr.**
Speglaskápur, handlaug og skápur



**CM-6001** 64x60 sm **59.900,- stgr.**
Hvítt háglans Spegill, handlaug og skápur



**CT-55** 55x50 sm
Hvítt háglans **44.900,- stgr.**
Spegill, ljósakappi, handlaug og skápur



**WLU 126** 50x41 sm
Hvítt háglans **28.900,- stgr.**
Speglaskápur, handlaug og skápur

www.i-t.is

56.900,-

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BIRGJUM OKKUR UPP Í BÓNUS

## SJÓFRYST ÝSUFLÖK




NF sjófryst ýsuflök roð og beinlaus
**aðeins 769 kr./kg.** MERKT VERÐ 1098 KR.

## BEINLAUSIR LAXABITAR




NF laxabitar beinlausir með roði
**698 kr./kg.** MERKT VERÐ 998 KR./KG.




Nautaveisla ferskt nautahakk
**698 kr./kg.**




Nautaveisla ferskir nautagrillborgarar
4 stk m/brauði **aðeins 299 kr.**

*Söluhæsta lambalærið í Bónus.*




KF einiberjalambalæri
**1198 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.




KF kofareyktu sveitjabjúgun
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.




KF villikryddaðar lambalærissneiðar
**1398 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./K




KF frosinn lambabógur
**489 kr./kg.** MERKT VERÐ 699 KR./KG.

*20 tonn í boði
á þessu frábæra verði.*




KS ferskt lambafillet **2498 kr./kg.**




KS frosið lambalæri í sneiðum
**aðeins 1198 kr./kg.**

Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT

# FERSKUR KJÚKLINGUR 40-50% AFSLÁTTUR

## KJARNAFÆÐI

HRÁSALAT

KARTÖFLU-SALAT

350 g

**98 kr.**







40% AFSLÁTTUR

Bónus fersk kjúklingalæri

**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

Bónus ferskir kjúklingaleggir

**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.



50% AFSLÁTTUR

Bónus ferskir kjúklingavængir

**150 kr./kg.** MERKT VERÐ 299 KR./KG.

Bónus túnfiskssalat 200g **98 kr.**



Bónus rækjusalat 200g **98 kr.**



Bónus smyrill 300 gr **98 kr.**



## FLEIRI GÓÐ TILBOÐ Á MORGUN

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Merkingar á erfðabreyttum matvælum:

## Réttur neytenda til að vera upplýstir

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Ólíkt því sem skyldað er í öðrum Evrópuríkjum þarf ekki að merkja hér á landi sérstaklega erfðabreytt matvæli. Um hættur þess að neyta erfðabreyttra matvæla er deilt. Framleiðendur segja að sjálfsögðu að erfðabreytt matvæli, eins og korn, maís og soja, séu í engu hættulegri en matvæli sem eru ekki erfðabreytt. Andstæðingar segja hins vegar að við erfðabreytinguna komi í ljós óvænt neikvæð áhrif, eins og ofnæmisviðbrögð, auk annarra hættna.

Hvort sem hætturnar eru til staðar eða ekki ætti það að vera skýlaus réttur neytenda að hafa val um það hvort hann neytir erfðabreyttra matvæla. Kostnaður neytenda af slíku vali er mun hærri hér á landi en í öðrum Evrópuríkjum þar sem merkingar eru skyldugar. Það eru eflaust fáir sem gera sér grein fyrir að fjölmargir Íslendingar neyta erfðabreyttra matvæla á hverjum degi, en slíkt er meðal annars að finna í algengu morgunkorni, vinsælum tómatsósum, gosdrykkjum, tilbúnu kökudeigi, kexi og svo mætti lengi telja.

Í fjölmörg ár hafa talsmenn neytenda hvatt til þess að Evrópureglur um merkingar á erfðabreyttum matvælum taki gildi hér á landi en þær segja til um að merkja þurfi sérstaklega umbúðir ef vara inniheldur í það minnsta eitt prósent af erfðabreyttum hráefnum. Tilgangurinn með þessari löggjöf er ekki að koma slíkum matvælum af markaði hér á landi, heldur til að neytendur geti haft upplýst val um það hvað þeir kaupa. Sérstaklega hefur verið kallað eftir slíkum reglum um merkingar hér á landi þar sem hlutfallslega er meira flutt inn af matvælum frá Bandaríkjunum en í öðrum Evrópuríkjum, en hlutfall erfðabreytts korns, soja, kanóla og bómullar er mun hærra í bandarískri framleiðslu en evrópskri. Því eru mun meiri líkur á að neyta erfðabreyttra matvæla séu þau framleidd í Bandaríkjunum en í Evrópu.

Fyrir rúmu ári boðaði þáverandi umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, reglugerð um merkingu erfðabreyttra matvæla, sem átti að vera „fyrsta skrefið í að laga íslenska löggjöf að Evrópusambandsreglum“. Tveimur árum fyrr boðaði Sigríður Anna Þórðardóttir, þáverandi umhverfisráðherra, að búast mætti við að „innan skamms gildi hér sömu reglur [um erfðabreytt matvæli og fóður] og í öðrum Evrópuríkjum“.

Rétt má vera að það sé ekki við íslensk stjórnvöld að sakast að evrópskar merkingareglur séu ekki hluti af EES-samningnum, en eins og kom fram í máli núverandi umhverfisráðherra, Þórunnar Sveinbjarnardóttur, í Fréttablaðinu á sunnudag hafa merkingar á erfðabreyttum matvælum ekki verið ræddar í núverandi ríkisstjórn, auk þess sem forræði málsins hefur verið fært frá umhverfisráðherra til landbúnaðarráðherra með tilfærslu matvælamála frá og með síðustu áramótum. Einar K. Guðfinnsson getur því haldið starfi Jónínu Bjartmarz áfram, með reglugerð um erfðabreytt matvæli, sem gerir þá kröfu að slík matvæli sem eru til sölu hér á landi séu sérstaklega merkt. Einungis þá er hægt að segja að íslenskir neytendur hafi upplýst val í þessum efnum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871





DYNAMO REYKJAVIK

Þú sparar á Orkustöðvunum

**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.orkan.is

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjársjóður undir X-inu

Umræður alþingismanna á eldhúsdegi eru oftar en ekki nokkuð fyrirsjáanlegar. Þeir sem eru í stjórn það árið lýsa því fjálglega hve tíðin sé góð, sprettan að batna og uppskeran sem í vændum er sé ríkuleg. Svo koma stjórnarandstæðingar hver á fætur öðrum og lýsa því yfir að váleg veður séu í vændum, sprettan engin og uppskeran enn minni.



Og stjórnmálamenn vorir brugðust ekki frekar en fyrri daginn. Einhver hefði haldið að í krepputali undangenginna mánaða minnkaði bjartsýnistal ráðamanna, en óekki.

Össur Skarphéðinsson tók jákvæðnihlutverk sitt mjög alvarlega og talaði um hina glæstu tíma sem í vændum væru. Okkar biðu mikil auðævi í jörðu og því lítil ástæða til að væla yfir verðbólgunni.

Á stundum minnti Össur helst á ákafan sjóræningjaforingja að reyna að fá menn til fylgilags við sig til að grafa fjársjóð úr jörðu. Og ekki skemmdi skeggið fyrir. Nú er bara að finna X-ið og byrja að grafa.

### Sami ræðuhöfundur?

Og enn af eldhúsdeginum. Því hefur verið haldið fram að áhorf á ríkissjónvarpið sé aldrei mælt á þeim degi svo ekki sjáist hve fáir hlusta og horfa í raun.

Hvað sem til er í því hlýtur að vera sjálfsögð krafa að alþingismenn hlusti hver á annan. Ekki var að heyra að Þuríður Backman hefði hlustað á Guðna Ágústsson þegar hún gekk í pontu. Hún hóf mál sitt á nákvæmlega sama erindi eftir Einar Benediktsson og Guðni.



Einhverjir hefðu skipt upphafinu út við að heyra Guðna básúna það, því vissulega orti Einar meira en þetta. En kannski heyrði Þuríður aldrei í Guðna?

kolbeinn@frettabladid.is

## Eftirlegukindur



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Sjálfstæðisflokkurinn

Margir virðast líta svo á, að innganga Íslands í ESB þurfi að bíða þess, að Sjálfstæðisflokkurinn sjái sig um hönd. Þessi skoðun hvílir á þeirri hugsun, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft stjórnarforustu fyrir þjóðinni nær allan lýðveldistímann og hann einn geti leitt Ísland inn í ESB líkt og hann leiddi Ísland inn í Nató á sínum tíma. Ég er á öðru máli. Ég lít svo á, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi með ábyrgðarlausu og vítaverðu háttalagi sínu undangengin ár fyrirgert forustuhlutverki sínu og verðskuldi ekki þá biðlund, sem sumir telja rétt eða nauðsynlegt að sýna honum nú í Evrópumálinu. Hér eru rökin.

### Forsagan

Það orð fór af Sjálfstæðisflokknum á fyrri tíð, að honum væri treystandi fyrir stjórn efnahagsmála. Þessi skoðun hvíldi á tveim stoðum. Í fyrsta lagi áttu heilbrigð markaðsbúskaparsjónarmið eftir 1960 greiðari aðgang en áður að Sjálfstæðisflokknum og Alþýðuflokknum, sem mynduðu viðreisnarstjórnina og skáru upp herör gegn haftabúskap fyrri ára. Í annan stað var efnahagsmálatilbúnaður harðra andstæðinga sjálfstæðismanna í Framsóknarflokki og Alþýðubandalagi veikur. Framsóknarmenn höfðu í ljósi hagsmuna Sambandsins lítinn hug á hagkvæmum markaðsbúskap og börðust af hörku gegn flestum efnahagsumbótum viðreisnaráranna. Í Alþýðubandalaginu var ástandið litlu skárra: þar var nánast stöðutákn að hafa ekkert vit á efnahagsmálum. Í fyrsta skiptið, sem Alþýðubandalagið stýrði fjármálaráðuneytinu 1980-83, rauk verðbólgan upp í 83 prósent á ári. Sjálfstæðismenn gátu baðað sig í ljómanum, sem stafaði af getuleysi hinna á þessu sviði og sundurþykkju. Þetta er nú liðin tíð. Þegar Alþýðubandalagið stýrði fjármálaráðuneytinu öðru sinni 1988-91, var fjármálastjórnin í lagi, og þá komst aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu á dagskrá gegn ábyrgðarlausri og afhjúpandi andstöðu Sjálfstæðisflokksins. Þá hafði ný kynslóð tekið við forustu Framsóknarflokksins og máð af honum megnustu andstöðuna við markaðsbúskap. Andstæðingarnir höfðu tekið framförum.

### Nýliðin tíð

Vandi Sjálfstæðisflokksins reyndist sá, að ný forustukynslóð flokksins, eftirstríðskynslóðin, bar ekki nógu glöggt skynbragð á efnahagsmál og brást þeim vonum, sem við hana voru bundnar. Nýja kynslóðin var eins og léleg eftirlíking hinnar eldri. Hún gapti upp í brezka íhaldsmenn og bandaríska repúblikana – Bush og kompaní! – og gleypti allt hrátt og varð um leið viðskila við systurflokkana á Norðurlöndum og á meginlandi Evrópu. Eftir samfellda ríkisstjórnarsetu Sjálfstæðisflokksins í sautján ár er verðbólgan enn hin mesta í allri Evrópu. Það mætti halda, að gömlu kommarnir séu komnir aftur í fjármálaráðuneytið. Það er ekki heil brú í skýringum sjálfstæðismanna í stjórnarráðinu og Seðlabankanum á þessum óförum: þeir kenna ýmist erlendum samsærismönnum um ástandið og heimta rannsókn eða skella skuldinni á tímabundið gengisfall án skilnings á því, að krónan var of hátt skráð fyrir, eða benda á erlendar verðhækkanir án sýnilegs skilnings á, að þá hefði verðbólgan í nálægum löndum aukizt jafnmikið og hér heima. Rétta skýringin er þó auðvitað hin sama og ævinlega: aðhalds- og ábyrgðarleysi í stjórn innlendra ríkisfjármála og peningamála. Ríkissjóður er nú ekki aflögufær nema hann taki erlent lán. Gjaldeyrisforði Seðlabankans er brot af því, sem hann þyrfti að vera.

Við þetta bætist annað, sem fengi fyrri foringja flokksins til að snúa sér við í gröfinni. Sjálfstæðisflokkurinn notaði fyrst aflakvótakerfið og síðan einkavæðingu banka og annarra ríkisfyrirtækja til að mylja ásamt Framsóknarflokknum undir einkavini sína og vandamenn og lagði með því móti grunninn að þeirri hugsun, að stjórnmálastéttin geti með sjálftöku lyft kjörum sínum langt upp fyrir kjör venjulegs fólks. Þetta var hugsunin á bak við eftirlaunalögin illræmdu 2003 og einnig á bak við síaukna misskiptingu, sem ríkisstjórnin hefur þó ekki enn fengizt til að viðurkenna. Hvernig gat Sjálfstæðisflokkurinn sokkið svo djúpt? Mér verður hugsað til Suður-Ameríku, þar sem ófyrirleitnir, spilltir og illa innrættir lýðskrumarar þöndu efnahagslífið með erlendum lántökum til að kaupa sér fylgi, en það reyndist skammgóður vermir. Nú stendur Sjálfstæðisflokkurinn í sömu sporum, rúinn trúverðugleika og trausti. Flokksmenn mikluðust árum saman af góðri hagstjórn og börðu sér á brjóst án sýnilegs skilnings á því, að innlendar og erlendar skuldir fólksins og fyrirtækjanna í landinu ógna nú afkomu þeirra sem aldrei fyrr. Ballið er búið.

### Næsta skref

Óbreytt hagstjórnarfar felur í sér skylduaðild almennings að vogunarsjóði Sjálfstæðisflokksins. Frjálshugaðir menn í flokknum þurfa að leysa sig úr viðjum gömlu flokksklíkunnar og bjóðast á eigin forsendum til samstarfs við aðra innan þings og utan um að undirbúa án frekari tafar umsókn um aðild Íslands að ESB. Þannig liggur beinast við að reyna að endurvekja traust umheimsins á íslenzku efnahagslífi eftir það, sem á undan er gengið. Þegar samningur um aðild liggur fyrir, verður hann borinn undir atkvæði þjóðarinnar. Hún ein ræður.

## Nemar í vítahring okurvaxta

UMRÆÐAN

Lánasjóður íslenskra námsmanna



RAGNAR SIGURÐSSON

Núverandi fyrirkomulag námslána og efnahagsumhverfis gerir það að verkum að nemendur háskóla eiga erfiðara um vik að ná endum saman. Nemendur fá afgreidd sín námslán í samræmi við námsframvindu sem er eðlilega ekki fyrr en við lok hverrar skólaannar. Þetta gerir það að verkum að allmargir nemendur lifa á yfirdrætti yfir skólaárið sem þeir greiða svo niður þegar námslán berast. Þetta gerir nemendum mjög erfitt fyrir og margir hverjir grípa til þess ráðs að vinna með skóla eða afla sér tekna á sumrin til þess að komast hjá því að þurfa á miklum yfirdrætti að halda.

Það er erfitt að átta sig á því við hvað var miðað þegar nýtt samkomulag var gert á milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar og stjórnar LÍN þegar ákveðið var að hækka grunnframfærslu um 7%. Samkvæmt lögum um LÍN ber að miða við „[...] að námslán samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til búsetu og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns.“ Það hlýtur að vera öllum ljóst að ekki var tekið tillit til núverandi efnahagsumhverfis þegar nýtt samkomulag var gert. Það eru tveir kostir í stöðunni til þess að bæta hag nemenda; að hækka grunnframfærslu námslána enn frekar og afnema skerðingarhlutfall tekna eða hefja greiðslu námslána á mánaðarfresti og forða nemendum frá okurvaxtaumhverfi landsins. Hið síðarnefnda er þó gríðarlega erfitt og myndi þýða uppstokkun á núverandi námslánakerfi.

Að lokum vil ég mótmæla því að nemendur Háskólans á Akureyri hafi engan fulltrúa í stjórn LÍN. Í ljósi þess að við höfum engan fulltrúa í stjórninni hefði ég talið það eðlilegt að fulltrúar nemenda við HA hefðu fengið að segja sitt varðandi nýtt samkomulag.

*Höfundur er formaður félags stúdenta við Háskólann á Akureyri.*



# 49.989 kr.

Fullt verð ~~99.989~~

50% afsláttur

27 tommur

30 STYKKI

## United LCD

**United LTV27W60**
27" LCD breiðtjald með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

# 50% afsláttur

## 30 sýningareintök – Aðeins í Kauptúni



50% afsláttur

### 8,1 milljóna punkta

**SONY DSCW100**
8.1 milljón punkta uppl. • 2,5" LCD skjár • 3x Optical • 6x Digital zoom • Carl Zeiss linsa • Hreyfimyndataka • USB tenging • 64MB minni innbyggt

**19.989 kr.**

Fullt verð ~~39.989~~



41% afsláttur

2.5 tommur

### 30Gb harður diskur

**Sony DCRSR30**
Stafræn tökuvél • 30GB harður diskur • 20x Optical linsa • Night Shot möguleiki • 2,5" LCD skjár • Fjarstýring fylgir

**39.989 kr.**

Fullt verð ~~67.989~~



### Playstation Portable Slim & Light Black

**14.989 kr.**

40% afsláttur

Fullt verð ~~24.989~~

## Opið til kl. 21 í Holtagörðum í kvöld!

DVD

**989 kr.**

... klikkað verð!



## Hundruðir DVD titla í boði!

MAX RAFTÆKI

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fim. Kauptúni | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Fim. Holtag. | kl. 11-21 | Sunnudaga | kl. 12-18 |

HOLTAGARÐAR
FIMMTUDAGAR

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is



# SIEMENS Uppþvottavél

**69.989 kr.**

Fullt verð ~~84.989~~

**Siemens SE35M254**
Uppþvottavél • 60sm • 12 manna uppþvottavél • 5 kerfi • Hljóðlát 47 dB • Kerfisveljari rafeindastýrður • Skjár sem sýnir tíma sem er eftir • Lætur vita ef gljáefni vantar • Hægt að stilla fram í tíma • Vatnsflæðivörn • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Þurrkgeta A

20% afsláttur



FRÍ HEIMSENDING
FRÍ SAMSETNING
á öllum grillum hjá MAX

## Ferðablásari



67% afsláttur

**Remington D3019**
1800W ferðahárblásari • Tveggja hita - tveir hraðar • Spenna - 120/230-240V • Takki fyrir kalt loft • Hitadreifari fyrir sítt hár • Klær fyrir EUR/UK, EUR/USA

**1.989 kr.**

Fullt verð ~~5.989~~

## Sléttujárn



**Remington S2005**
Sléttujárn • Stillanlegur hiti upp í 230°C • Tilbúið til notkunnar á 60 sek. • Keramik plötur til tryggja öfluga og jafna hitadreifingu

**1.989 kr.**

Fullt verð ~~5.989~~

## Ryksuga

**Panasonic MCE7113**
1600W ryksuga • 320W sogkraftur • 4 filtera kerfi • 5 metra snúra • Þyngd 4.1 kg •Notar PAN-AMC8F96T1000 ryksugupoka

30% afsláttur



**4.989 kr.**

Fullt verð ~~6.989~~

## Glóðheitur grillpakki

**Broil Mate 13023**
8.8kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli • 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu • 1677cm² - án hliðarborðs/hellu • Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar • Postulín húðað Flav-R-Wave eldunarkerfi • Lineral Flow gas ventlar • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Innbyggður hitamælir • Hágæða Perma-Mold XL niðurfellannleg hliðarborð með áhaldakrókum • 18sm / 7" hjól

**19.989 kr.**

Fullt verð ~~22.989~~



SIEMENS

56% afsláttur

## Blástursofn

**Siemens HB200520**
Veggofn • Multifunction 5 blástursofn • Grill • Undir og yfirhiti • Heldur heitu • Köld hurð • Niðurfellanlegt grill sem auðveldar þrif • Mál (hxbxd): 59,5x59,5x54,8sm • Innbyggingarmál: 57,5-59,7x56x55sm

**59.989 kr.**

Fullt verð ~~89.989~~



SIEMENS

33% afsláttur

## 60sm uppþvottavél

**Contructa CG345S2**
12 manna uppþvottavél • Rafeindastýrður kerfisveljari • Lætur vita ef gljáefni vantar • Skolunarkerfi • Sparnaðarkerfi 50° • Venjulegt kerfi 65° • Vatnsflæðivörn • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Þurrkgeta A • Utanmál (hxbxd): 86x60x60 sm

**39.989 kr.**

Fullt verð ~~59.989~~

## Tvöfaldur stál ísskápur



20% afsláttur

**Samsung RS21FANS**
177sm kæliskápur með frysti • Brúttóstærð 532 lítrar • 346 lítra kælir - 186 lítra frystir • Hillur úr hertu gleri • No Frost • Orkunýting A • Mál (hxbxd): 177x60x60sm

**179.989 kr.**

Fullt verð ~~219.989~~

MAX RAFTÆKI

**Dæmið er einfalt – Hlutirnir eru ódýrari í Max!**

*Tilboðin gilda til 04. 06. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

## DANSAÐ AF ÁSTRÍÐU



Edda Lúvísa Blöndal kennir blóðheitum Íslendingum að dansa salsa.

HEILSA 4

## ALLS KONAR ANTÍK



Village St. Paul á milli Signu og Mýrarinnar í fjórða hverfi er eitt af leyndarmálum Parísarborgar og þar má finna ýmsar gersemar.

HEIMILI 6










ÞAKSPRAUTUN
Þarf að vinna í þakinu í sumar en hefur ekki tíma ?
Því ekki að láta það í hendur fagmanns ?
Sérhæfi mig í sprautun á öllu bárujárni sem gefur einstaka áferð
Uppl. í síma 8975787

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# Brúðarskart í Barselóna

*Tískuvika stendur nú yfir í Barselóna þar sem brúðarkjólar eru í hávegum hafðir. Christian Lacroix sýndi einstaklega fallega og rómantíska brúðarkjóla þar síðastliðinn miðvikudag. Fleiri myndir á síðu tvö.*

NORDICPHOTOS/AFP





Eplaedik
m/krómi

**Eykur** brennslu
Jafnar **blóðsykur**
Dregur úr **hungurtilfinningu**
**Örvar** losun úrgangsefna
**Öflug hjálp** í baráttunni við aukakílóin

icepharma Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is



**Hálsmen** lífga upp á útlitið. Falleg hálsmen eða keðjur yfir venjulega boli eða peysur geta breytt hverdagslegu útliti í fallegt og fágað.




Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Frábærar vörur pompea betra verð




Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.



Fyrirsæturnar skörtuðu fögru hárskrauti samsettu úr blómum og blúndum.

NORDICPHOTOS/AFP







# Gamaldags rómantík

***Christian Lacroix sýndi fallega kjóla á brúðkaupstískuvikunni sem nú stendur yfir í Barcelona.***

Brúðarkjólarnir frá Christian Lacroix eru einstaklega fallegir þetta árið. Stíllinn er gamaldags og minna uppáklæddar fyrirsæturnar helst á persónur úr sögum eftir Jane Austen.

Mikil smáatriði eru í kjólunum. Efnum svo sem blúndu, siffoni, flaueli og silki er skeytt saman og pífur, blúndur og borðar finnast á víð og dreif. Sumir kjólanna eru teknir saman undir brjóstið á meðan aðrir bungast í hálfgerð kúlupils. Hárskrautið er ekki síðra, en hárið er tekið aftur með borðum skreyttum blómum í ýmsum litum. Beinhvítir kjólarnir eru rómantískir og gamaldags, ólíkt skjannahvítum tertukjólunum sem algengir eru í dag.

*mariathora@frettabladid.is*

allt matur
Alla föstudaga



Útskriftarkjólar
Ótrúlegt úrval
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201





## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Skjöpp til að hylja það allra heilagasta

Það styttist óðum í að baðfötin verði tekin fram og nú fer hver að verða síðastur að velja sér rétta búninginn til að nota á ströndina. Því miður fylgir strandfötum að þá er ekki lengur hægt að fela misfellurnar og því annaðhvort að reyna eitthvert undralyfið eða megrunarkúr sem lofar nýjum englakroppi á þremur vikum en það endar svo aftur oft með því að kílóin sem hverfa koma til baka og það tvöföld. Annars er einfaldlega hægt að lifa í sátt við líkama sinn og gefa þeim mjóu langt nef. Fæstir eru reyndar þegar vel er að gáð fullkomnir, ólíkt því sem tískuheimurinn reynir að telja okkur trú um. Varla birtist mynd í tískublaði öðruvísi en að hún hafi verið endurunnin til að fela allar misfellur. Hrukkur hverfa og appelsínuhúð á lærum er nokkuð sem er ekki til í þessum draumaheimi.

Reyndar eru undirföt þetta sumarið stundum með þeim hætti að það má alveg nota brjóstahaldarana í sólinni, til dæmis í sveita- eða lautarferð, hvort sem um er að ræða rómantískt blómamunstur, doppur eða sterka liti. Efnin í brjóstahöldurunum eru þykkri en oft áður, jafnvel úr gallaefni, og því ekkert að því að sýna þá. Í sumar er gullna reglan að kaupa brjóstahaldara og nærbuxur með ólíkum litum eða munstri og nota saman.

Sundbolir og bikiní eru alveg heimur út af fyrir sig en taka þó mið af tískunni almennt. Þess vegna er mikið um skæra liti eins og grænt eða bleikt flúó en einnig má finna í þessum klæðnaði mynstur í anda hippaáranna eins og í tískunni almennt. Blóm og friður sumarsins ´68 svífur yfir vötnum í baðfatatísku eins og annarri tísku. Síðan í fyrra eru sundbolir í mikilli sókn og í sumar eru þeir með stórum blómum eða einlitir í sterkum litum, til dæmis eplagrænir með ferköntuðu hálsmáli og samlitum semelíusteini. Annar er fuchsia-bleikur og fleginn niður fyrir nafla.

Í tvískiptum baðfötum eru útgáfurnar nánast óteljanlegar. Blóm í öllum útgáfum, frá einu eilífðar smáblómi yfir í heilan skrúðgarð eða frumskógarlauf, Vichy-munstur og doppur í öllum stærðum. Sumir neðripartar eru með belti, aðrir með semelíusteinum eða perlum og svo mætti áfram telja. Fyrir þær sem eru topplausar er það svo mónókiní sem gildir, aðeins með neðri hluta.

Hjá Chanel er hægt að fá litla ökklatösku í leðri í stíl við hárauða skó alveg í réttri stærð fyrir kreditkort, varalit og nokkra seðla.

Svo er auðvitað ein lausn sem svarar öllum spurningum um baðfatatísku en það er að fara bara á nektarstrandir og þá þarf engin baðföt! En þá vakna spurningar um tískustrauma í kantskurði og háreyðingu. Það er nú önnur saga.

*bergb75@free.fr*

# Victoria leggur línurnar

VICTORIA BECKHAM HEFUR LÖNGUM LAGT LÍNURNAR HVAÐ TÍSKUNA VARÐAR OG NÚ SÉST HÚN Æ OFTAR Í ÚTVÍÐUM BUXUM.

Nýlega kynnti Victoria Beckham nýjustu dVb-línu sína í Harrods í London klædd þessum útvíðu gallabuxum.

Þær minna óneitanlega á klæðaburðinn á hippatímabilinu margrómaða sem sannar enn og aftur að tískan gengur í hringi. Þó er ekki víst að hipparnir hefðu klæðst tjulltopp sem þessum við.

Victoria leggur allan sinn metnað í línuna, sem hún fór af stað með árið 2006, og engar vörur fara í framleiðslu öðruvísi en að hún leggi blessun sína yfir þær.

Línan samanstendur af gallabuxum, skóm, sólgleraugum og töskum sem hún hefur hannað en merkið er samsett úr upphafsstöfum Victoriu og eiginmanns hennar, Davids Beckham.

*- ve*




Ný sending
af svörtum buxum frá Michele
Skyrtur Bolir Peysur
Kvartbuxur Hörbuxur
Bermudabuxur
Guðrún
Tískuhús
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga






belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

skart company





Ný verslun
í Smáralind

Skart company hefur opnað í Smáralind
við búðarkassana í Hagkaup.
Flott skart, úr, töskur, belti, hárskraut ofl.
Frábært brúðar- og árshátíðar hárskraut og skart.

Opið mán. – sun. 11-19 og
til 21 á fimmtudögum.

MaxMara
LAGERSALA
OUTLET
LAUGAVEGI 51
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54

**Andlitskrem** mýkja húðina og gefa henni raka. Á sumrin þegar við erum meira úti í sólinni og förum oftar í sund er mikilvægt að næra húðina vel.



# Sáluhjálp í salsatakti

***Salsa er gott meira en sósa. Salsa er ástríðufullur dans fyrir lífsglatt fólk á öllum aldri.***



Edda Lúvísa Blöndal kennir Íslendingum blóðheitt salsa í allt sumar, og allan ársins hring. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Salsa á rætur að rekja til Kúbu og Afríku, og breiddist um heiminn með tónlistarmönnum sem fluttust frá Kúbu fyrir byltinguna. Dansinn hefur þróast á mismunandi hátt í mismunandi hlutum heimsins, en sameiginlegur hjartsláttur felst í salsataktinum sem sleginn er með klassískum salsahljóðfærum,“ segir Edda Lúvísa Blöndal, sjúkraþjálfari, karate- og salsadanskennari, sem árið 2003 stofnaði dansskólann SalsaIceland með það markmið að byggja upp salsasamfélag á Íslandi.

„Ég kynntist salsa í Svíþjóð þegar ég var að klára keppnisferilinn í karate. Það kvisaðist út að aðalstjarna sænska landsliðsins væri að hætta í karate vegna þess að honum þætti svo gaman í salsa og ég plataði hann til að taka mig með sér á salsakvöld. Sama kvöld dansaði ég mig inn í þetta mikla ævintýri sem salsa hefur orðið í mínu lífi,“ segir Edda Lúvísa, sem alkomin heim þurfti að útskýra fyrir Íslendingum að salsa væri meira en bara sósa.

„Ég varð gagntekin af salsadansinum og vildi kenna Íslendingum að dansa. Því fór ég í læri til þeirra bestu í Stokkhólmi, kom með það veganesti heim og stofnaði SalsaIceland. Það skemmtilega við salsa er að dansinn hentar fólki á öllum aldri og sporin eru svo einföld að maður kemst mjög fljótt á það stig að geta notið félagslega hluta salsadansins, sem er að fara út og hitta fólk til að dansa. Í alþjóðlega salsasamfélaginu er hefð fyrir því að dömur jafnt sem herrar bjóði upp og þar af leiðandi dansar maður ekki alltaf við sama félagann,“ segir Edda, sem reglulega fer til útlanda á salsaklúbba þar sem hún þekkir engan í fyrstu en yfirgefur samkvæmið með nýja kunningja eftir dansinn.

„Þannig er mjög auðvelt að ganga inn í salsasamfélag hvar sem er í heiminum. Þessi félagslega hlið salsadansins er skemmtileg í gráköldum veruleikanum hér heima þegar fólk hefur möguleika á að hitta hresst fólk sem vill leika á dansgólfinu, en í því felst mikil sáluhjálp. Langflestir okkar nemenda mæta stakir og við víxlum fólki til á námskeiðum. Í raunveruleikanum situr fólk oft í sama lokaða vinahópnum og hittir aldrei nýtt fólk, en það er mikil gjöf, eykur víðsýni og víkkar sjóndeildarhringinn að kynnast fleira fólki,“ segir Edda Lúvísa og staðfestir að ástin kvikni oft á dansgólfinu, enda sé salsa dans þar sem útilokað sé að vera í fýlu og danssporin kalli á mikla nánd.



„Víst hafa mörg pör orðið til á dansgólfinu og alltaf jákvætt þegar fólk finnur sálufélaga með sameiginlegt áhugamál. Við erum með námskeið allan ársins hring og ég bæti sífellt við mig hjá kennurum mínum í Stokkhólmi sem eru á heimsmælikvarða, hafa margsinnis tekið við verðlaunum á heimsmeistaramótum og verið danshöfundar í raunveruleikaþáttunum So You Think You Can Dance. Salsasamfélagið er lifandi og skemmtilegt, við grillum saman á Miklatúni, dönsum á Austurvelli þegar sólin skín og hittumst á salsakvöldum til að dansa.“

Ókeypis prufutímar fyrir byrjendur eru á salsakvöldum fyrsta og þriðja mánudag hvers mánaðar. Nánari upplýsingar á www. salsaiceland.com.

*thordis@frettabladid.is*

**Betri heilsa**
**Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi ?**
svæðanudd gæti hjálpað þér
***Ásta svæðanuddari***
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367












**Fluguhnýtingar** eru skemmtilegt áhugamál og gaman er að nota sínar eigin flugur þegar farið er að veiða. Fluguhnýting er líka góð fyrir fínhreyfingarnar og hugmyndaflugið.



# Vertu fullfær í fluguveiði

***Þriggja daga fluguveiðiskóli verður haldinn í Langá á Mýrum í júní næstkomandi. Fluguveiðiskólinn mun standa yfir frá 23.-25. júní.***



Rennt fyrir lax við foss í Langá. Áin er ein af gjöfulustu á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þátttakendur munu fá kennslu í flestu sem viðkemur fluguveiði og er þetta því athyglisvert námskeið fyrir alla þá sem vilja ná betri tökum á greininni,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson hjá Langá. Fluguveiðiskólinn stendur frá morgni til kvölds í þrjá daga. Fyrsta daginn er tekið á móti hópnum og boðið upp á kaffi og vöfflur. Eftir kaffið eru allar veiðigræjurnar teknar saman og haldið á valið veiðisvæði þar sem kastæfingar hefjast.

„Kennarar eru með hópnum og leiðbeina nemendum og fara yfir helstu reglurnar. Köstin eru æfð fram eftir degi og nemendurnir ná tökum á þeim og venjast því hvernig á að beita flugustöng. Til að forðast ofreynslu á vöðvana er ekki kastað langt fram eftir kvöldi,“ útskýrir Ingvi Hrafn og bætir við: „Þegar í veiðihúsið er komið er boðið til kvöldverðar og eftir kvöldmatinn er nemendunum skipt í hópa sem kennararnir sjá um og kenndir verða helstu veiðihnútarnir enda mikilvægt að þekkja þá.“

Annan daginn er vaknað klukkan átta og byrjað á morgunmat. „Eftir morgunmatinn er haldið niður að á, fluga hnýtt á línuna og veiðar stundaðar til klukkan eitt eftir hádegi. Nemendurnir skiptast fjórir saman á hvern kennara og þeir kasta í ánni á meðan hinir hóparnir æfa köstin á árbakkanum. Í hádegishléinu eru æfðir hnútar og spurningum nemenda svarað,“ segir Ingvi Hrafn. Eftir það er tekin hvíld til fjögur og þá verður haldið á ný niður að á og veitt til tíu um kvöldið.

Þriðja daginn er vaknað klukkan átta og borðaður morgunmatur og síðan haldið til veiða til klukkan tólf en þá fara nemendur í hádegismat og síðan er útskrift fluguveiðiskólans.



Langá á Mýrum er fallegur staður til að æfa og stunda fluguveiði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verð í fluguveiðiskólanum með kennslu,veiði og gistingu er 62.000 þúsund krónur, en með fæði bætast við 7.500 krónur. Hægt er að skrá sig með því að senda póst á ihj@langa.is eða hafa samband í síma 864-2879.

*mikael@frettabladid.is*

LAXÁ Á REFASVEIT
Það var að losna holl 21.-23. júlí
Eigum laust: 2 holl í júlí · 1 holl í ágúst · 4 holl í september
Upplýsingar veitir Stefán í síma 898-3440




Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Morgunstund gefur gull í mund

Hvernig væri að taka daginn snemma, njóta þess að fara út á morgnana og hreyfa sig í klukkutíma á launum?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 virka daga, eða um helgar.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsóknarform á **www.posthusid.is**

Pósthúsið er öflugt dreifingarfyrirtæki sem starfar á skemmtilegum og fjölbreyttum vettvangi. Pósthúsið dreifir blöðum og tímaritum 7 daga vikunnar, flesta daga ársins og sér að auki um vörudreifingu fyrir stærri sem smærri fyrirtæki.

Pósthúsið
www.posthusid.is

Pósthúsið ehf, Suðurhraun 1, 210 Garðabær, s: 585 8300

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

**Eplaskeri** er sniðugt tæki í eldhúsið. Hann sker kjarnann í burtu og á augabragði er eplið komið í marga jafna báta. Tilvalin græja fyrir eplaunnendur.














# Þorp í miðri heimsborg

***Milli Signu og Mýrarinnar í fjórða hverfi Parísar er Village St. Paul að finna, eitt af leyndarmálum borgarinnar. Margt forvitnilegt er þar að sjá og ýmsar gersemar geta leynst í þessu þorpi ef vel er að gáð.***

St. Paul-þorpið er fyrir þá sem ekki þekkja hinum megin við Mýrarhverfið í átt að Signu. Þar er að finna fjölda búða sem selja hönnun, til dæmis tísku fylgihluti og heimilismuni úr basti, málverk og listmuni en einnig antik.

Óhætt er að mæla með St. Paul-þorpinu fyrir þá sem leggja land undir fót og vilja um leið nota tækifærið til að leita uppi frumlega hluti sem gefa heimilinu skemmtilegt og óvenjulegt yfirbragð. Þarna er til dæmis hægt að finna alls kyns hnífapör á mismunandi verði.

Auðvitað er ekki eins auðvelt að flytja glös eða karöflur úr gleri eða kristal en víst er að mikið úrval er af slíkum varningi. Reyndar má benda á að heimilt er að flytja glös í handfarangri í flugvélum og þau flokkast ekki undir hættulegan varning eins og hnífar og ilmvatnsglös. Svo er auðvitað hægt að setjast niður á kaffihúsinu og fá sér hressingu.

*- beb*




Í St. Paul má finna alls konar fallega antíkmuni. FRÉTTABLAÐIÐ/BERGÞÓR BJARNASON



Hnífapör fást í öllum verðflokkum.



Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.













# börn

FIMMTUDAGUR 29. MAÍ 2008



## Gripið í spil

**Í versluninni Spilavinum fá allir að spila.**

BLS. 2



## Lítil í upphafi

**Sigríður Björk Þormar rekur verslun af hugsjón.**

BLS. 6




FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



## SUMAR UNGA FÓLKSINS



Emblu Diljá finnst fátt skemmtilegra en að vera úti að leika. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

# Ætlar til Ameríku

Embla Diljá Challender er sex ára gömul og í 1. bekk.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?**
Ég ætla að fara til Akureyrar, í útilegur og til Ameríku, ég hef aldrei farið til Ameríku áður. Ég fer líka á fótboltanámskeið.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á sumrin?**
Mér finnst skemmtilegast að leika mér úti.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á veturna?**
Mér skemmtilegast að fara á sleða.

## SUMAR UNGA FÓLKSINS



Óli Gunnar hefur hugsað sér að ferðast á milli heimsálfa í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fer alla leið til Kína

Óli Gunnar Gestsson er fimm ára og byrjar í skóla næsta haust.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?**
Ég ætla að fara í útilegu upp í sveit, í sund og í bíó. Ég ætla líka að fara í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Ég fer svo til Kína, en mamma veit það ekki ennþá.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á sumrin?**
Það er að fara til útlanda og í útilegu.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á veturna?**
Að búa til snjókarl.




Hér er stefnt á sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gaman að taka í spil

**Verslunin Spilavinir á Langholtsvegi 126 er engin venjuleg búð. Þar getur fólk spreytt sig í hinum ýmsu spilum og fimmtudagskvöld eru sérstök spilakvöld.**



Margrét Stefánsdóttir er einbeitt á svip.

Svanhildur Eva Stefánsdóttir, verslunarstjóri í Spilavinum, kveðst mikil áhugamanneskja um spil og það leynir sér heldur ekki þegar litið er í kringum hana. Spilin virðast óteljandi en hún upplýsir að þau séu á þriðja hundrað svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. „Hér eru spil og púsl fyrir allan aldur, frá tveggja ára og upp úr. Spil til að læra á klukku, þekkja litina, þjálfa fínhreyfingar og auðvitað skemmta sér,“ segir hún og sýnir líka svokölluð kænskuspil sem hún segir henta vel fyrir átta ára og eldri. „Í þeim þarf að hugsa leiki fram í tímann.“

Svo eru það stokkarnir með spilunum 52. „Ef ég mætti taka eitt spil með mér mundi ég velja spilastokkinn. Honum fylgja endalausir möguleikar. Hvort sem menn eru einir, tveir, þrír, fjórir eða fleiri.“ Svanhildur telur spila- og kaplareglur hafa verið í kafi síðustu ár. „Það hefur orðið rof í kunnáttunni milli kynslóða. Tölvan kom og í dag kunna fáir krakkar að leggja kapal með spilum. Þessu vil ég breyta. Það fylgir því ákveðin ró að leggja kapal. Spilabækur hafa ekki verið fáanlegar í verslunum en bókasafnið á svolítið af þeim.“ Sjálf kennir hún ýmis einföld spil á staðnum og á heimasíðunni www.spilavinir.is er nokkrum spilum lýst.

Svanhildur kveðst hafa gaman af að fá fólk inn til sín að spila en hún vill líka koma spilaáhuganum inn á heimilin. „Það er svo þægilegt að taka í spil og það treystir fjölskyldu- og vinaböndin.“

*- gun*



Nammispilið er vinsælt. Það er úr dúk og tré og hægt er að leika með það úti þegar veður er gott.



Svanhildur Eva kveðst taka spilastokkinn fram yfir allt annað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


EKKI BARA
LEIKFÖNG
SUMARIÐ
KEMUR
GEYMIÐ BÆKLINGINN
Kr. 69.980
Kr. 12.650
Kr. 2.250
Kr. 29.980
Kr. 17.980
Kr. 5.980
Kr. 19.980
Kr. 6.980
10
KOMDU OG SKOÐAÐU
OKKAR FRÁBÆRA
VÖRUVAL!
JUST 4 KIDS
VIÐ BRÚNA HJÁ IKEA
JUST 4 KIDS express
FAXAFENI
NÝTT SÍMANÚMER: 562-3400






# Einstakur töframaður

**Einar einstaki er yngsti alvöru töframaður lýðveldisins, aðeins tólf ára gamall. Á Akureyri spilar hann fótbolta og ber út blöð á milli þess sem hann situr á skólabekk og æfir sig í töfrabrögðum, en ótrúlega hæfni Einars einstaka má sjá á www.youtube.com.**

*Hvernig kom það til að þú fórst að stunda töfrabrögð?*
Þetta byrjaði allt þegar Jón Víðis Jakobsson gaf út Töfrabragðabókina og sýndi töfrabrögð á Glerártorgi fyrir jólin 2005. Þá var ekki aftur snúið því ég heillaðist upp úr skónum og fékk svo bókina í jólagjöf frá Jóel, bróður mínum, og byrjaði að æfa mig. Sumarið 2006 fórum við fjölskyldan svo til Danmerkur á dönskunámskeið og þar var dótabúð með fullt af töfrasettum til sölu og ég fékk eitt í afmælisgjöf frá mömmu og pabba. Einnig var þar strákur sem passaði litlu krakkana og kunni sjónhverfingar, og ekki minnkaði áhuginn við það.

*Tekur langan tíma að verða góður að gera töfrabrögð?*
Já, maður þarf virkilega að æfa sig og allur minn frítími fer í að æfa mig, velta fyrir mér töfrabrögðum og sjá hvort ég ráði við hin ýmsu trikk. Ég fæ líka mikla hjálp frá pabba, sem er minn stuðningsmaður númer eitt.

*Ertu í töframannafélagi?*
Ég þarf að vera orðinn átján ára til að fá aðgang að Hinu íslenska töframannagildi, en ég hef sett mig í samband við þá og þeir hafa tekið mér alveg sérstaklega vel, sent mér gjafir, góð ráð og sumir hitt mig.

*Hvernig útskýrir þú galdurinn á bak við töfrabrögð?*
Þetta eru bara sjónhverfingar til að blekkja auga þess sem horfir á mig og fær fólk til að trúa því sem það vill sjá. Sumt er rosalega erfitt en margt mjög einfalt þótt alltaf sé mjög mikil vinna á bak við einföld atriði svo ekki komist upp um trikkið.

*Hver eru uppáhaldstöfrabrögðin þín?*
Mér finnst skemmtilegast að sýna galdra með rauðum svampboltum og henda frá mér pappírsrusli sem endar sem langur, langur strimill í munni mínum.

*Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðinn stór?*
Fyrst ætlaði ég alltaf að verða múrari því afi minn og föðurbróðir eru báðir múrarar og þegar þeir byggðu húsið hans afa var stór sandhóll á stofugólfinu þar sem ég lék með skóflu og þóttist vera múrari. Í jarðarförinni hennar ömmu varð ég staðráðinn í að verða prestur, en núna kemst ekkert að í framtíðinni annað en að vera töframaður. Ég þarf samt að læra eitthvað skemmtilegt líka til að vinna með töfrabrögðunum.

*Býrðu til þín eigin töfrabrögð?*
Það kemur fyrir, en oftast þróa ég þau og æfi þannig að þau henti mér best og tengi saman við önnur svo að úr verði ein heild. Hvert atriði tekur frá þremur sekúndum upp í tvær mínútur.


Einar Aron Fjalarson er tólf ára skólastrákur á Akureyri sem einnig stendur í fremstu röð íslenskra töframanna, en stórkostlegt er að fylgjast með Einari einstaka framkvæma fjölbreyttar sjónhverfingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

*Hvernig kom listamannsnafnið Einar einstaki til?*
Ég vildi hafa það Einar-eitthvað en vissi ekki hvað, svo ég spurði pabba og hann reddaði mér. Mér fannst nafnið strax passa því ég er auðvitað einstakur, eins og strákarnir í Hinu íslenska töframannagildi hafa sagt. Þeir hafa hvatt mig til að vera ég sjálfur, vera Einar einstaki og enginn annar og herma aldrei eftir öðrum.

*Ertu orðinn frægur?*
Margir í skólanum vita hver ég er, sérstaklega eftir öskudaginn þegar vinur minn trommaði undir töfrabrögð sem ég sýndi í búðum í stað þess að syngja, en við fengum mjög mikið nammi að launum.

*Áttu orðið mikið af töfradóti?*
Já, ég á orðið mjög stórt safn, get sýnt fimmtíu trikk og kann miklu fleiri. Ég veit hvernig fólk er sagað í sundur, hvernig fólki er breytt í tígrisdýr í búri og hvernig fíll hverfur ef maður smellir fingrum, en þannig trikk eru rosalega dýr. Pabbi pantar mikið af dóti í gegnum netið og þá fyrir aðra í fjölskyldunni líka svo allir geti gefið mér. Mamma er mest ánægð með mig í töfrabrögðum vegna þess að nú þarf hún ekki að hafa áhyggjur af því hvað á að gefa mér í afmælis- og jólagjafir.

*Hvar er hægt að sjá þig sýna listir þínar?*
Ég sýni fullt af töfrabrögðum á www.youtube.com undir Einar einstaki, og býð upp á tuttugu mínútna töfrasýningu gegn vægu gjaldi, eða 2.000 krónur, sem er tilvalin uppákoma í barnaafmælum og við önnur tilefni.

*Áttu þér fyrirmynd meðal töframanna?*
Fyrirmynd mín er allir góðir töframenn. Við stöndum saman og þekkjumst innbyrðis, en það er ófrávíkjanleg regla að endurtaka aldrei töfrabragð og segja aldrei frá neinum trikkum.

*Ertu samt ekki til í að útskýra hvernig þú gerir galdurinn með rauða boltann?*
Aldrei. Það bara gerist ekki.

*Ekki séns?*
Nei, þá sleppi ég frekar að koma fram í þessu blaði.

Þeim sem vilja hafa samband við Einar einstaka eða panta hjá honum töfrasýningu er bent á netfang hans: einareinstaki@gmail.com.

*- þlg*




# vesturland

FIMMTUDAGUR 29. MAÍ 2008

## Hraunsnef í Norðurárdal

**Fjársjóðsleit og jeppasafarí eru í boði á sveitahóteli í Borgarfirði.**

BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Kylfunum sveiflað um sumarsólstöður

Golfiðkendum til gleði bætist ört við golfvellina í Borgarfirðinum. Þar eru Húsafellsvöllur, Hamarsvöllur og Glanni en sá nýjasti er Reykholtsdalsvöllur sem Bjarni Guðráðsson í Nesi er að vinna að og reiknar með að taka í notkun um sumarsólstöður.

„Fyrst var hér mýri og mói, síðan tún, aftur óræktarland og nú níu holu golfvöllur með mislöngum brautum og ekki þrautalausum,“ segir Bjarni. Auk vallarins hefur hann útbúið fyrirtaks æfingasvæði, púttflöt og golfskála.

*- Kostar það ekki mikið umstang að útbúa golfvöll?*

„Jú, nokkuð. Ég fékk Hannes Þorsteinsson golfvallarhönnuð til mín til að athuga hvort vit væri í hugmyndinni. Hann taldi landið að ýmsu leyti álitlegt, teiknaði upp skissu að golfvelli sem nú er að verða að veruleika.“

*- Hefur þetta tekið mörg ár?*

„Ég er búinn að undirbúa landið í þrjú til fjögur ár.“

*- Kauplaus á meðan?*

„Já, ég rak hér kúabúskap en seldi framleiðsluréttinn og breytti búskaparháttum jarðarinnar í þennan golfvöll og svo heyja ég líka. Ég hætti sjálfur mjólkurframleiðslu 1999 og hafði þá búið með kýr í 43 ár. Svo leigði ég jörðina en þegar leigjandinn gafst upp og hætti seldi ég framleiðsluréttinn og sneri mér að þessu.“

*- Fækkar bændum í Reykholtsdal?*

„Já, það fjarar undan landbúnaðinum. Ungt fólk þarf að hafa hugsjón og heilsu til að taka við búskap. En að vísu er dálítill vindur í öðru og í kringum Reykholt er góð starfsemi. Þar hefur fólki fjölgað.“

*- Ertu kominn með fasta golfiðkendur á völlinn þinn?*

„Nei, ég vildi vita hvort völlurinn yrði að alvöru áður en ég færi að auglýsa en nú fer að reyna á hvort einhverjir vilja mynda golfklúbb í kringum hann.“

*- Spilarðu golf sjálfur?*

„Nei, en hver veit nema ég rölti einn og einn hring með vinum mínum. Ég hef farið einn hring á ævinni. Sló hundrað metra upphafshögg sem var vel viðunandi.“

*- En komstu kúlunum í holurnar?*

„Já, þolinmæði þrautir vinnur allar.“ *- gun*





Bjarni er búinn að byggja myndarlegan golfskála við völlinn og fá sér sláttugræjur.



Húsið Gamla Rif var byggt árið 1896 en hefur verið mikið gert upp síðan.



Íbúar á Rifi flykkjast á kaffihúsið enda notalegt að setjast þar niður. Ferðamenn eru einnig duglegir að renna við.




Rifsarar voru mjög ánægðir með tilkomu kaffihússins og veittu Önnu og Sigríði mikla hjálp, meðal annars við gerð þessa skiltis.

# Kíkt í kaffi á Gamla Rifi

**Á ferð um Snæfellsnes er gaman að fá tíu dropa á kaffihúsinu Gamla Rifi. Þar er boðið upp á heimagerðan mat og drykk ásamt skiptibókamarkaði og listasýningum.**



Stöllurnar Anna Þóra Böðvarsdóttir og Sigríður Margrét Vigfúsdóttir eiga kaffihúsið saman.

Á Rifi í Snæfellsbæ er að finna kaffihúsið Gamla Rif. Það var opnað í fyrsta skipti síðastliðið sumar en stöllurnar Sigríður Margrét Vigfúsdóttir og Anna Þóra Böðvarsdóttir eru eigendur þess. Kaffihúsið er nefnt eftir húsinu sjálfu, sem er yfir 100 ára gamalt. Það var upphaflega byggt sem bóndabær en varð síðar að vélsmiðju áður en það komst í núverandi horf. „Þetta byrjaði á því að núverandi eigendur hófu að gera húsið upp. Við Anna höfðum lengi gengið með þann draum í maganum að opna kaffihús og ákváðum að láta verða af því síðasta sumar,“ segir Sigríður.

Húsið á sérstakan stað í hjarta Rifsara, enda eru flestir annaðhvort komnir af hjónunum sem byggðu húsið eða tengdir fjölskyldu þeirra á einn eða annan hátt. „Fólk er mjög ánægt með kaffihúsið og líður almennt vel hér inni. Það finna allir að gömlu hjónin eru enn í húsinu og fólk er ánægt með það.“

Á Gamla Rifi er boðið upp á heimagerðan mat og kökur. „Við erum með fiskisúpu sem er mjög vinsæl. Hún hefur spurst út og fólk kemur langt að til að smakka hana. Síðan erum við með heimabakað brauð og kökur.“ Annað sem dregur gesti að er kaffivélin á staðnum og gæðakaffi frá Kaffitári. „Það er ekki algengt á þessum slóðum að fá kaffi úr alvöru kaffivél,“ segir Sigríður.

Þrátt fyrir að kaffihúsið sé aðeins árs gamalt hefur starfsemin gengið vonum framar. Ýmsir erlendir ferðahópar stíga inn á Gamla Rif og enn fleiri Íslendingar. „Við vorum alveg hissa á því hversu mikið af íslensku ferðafólk kemur hingað. Ég held að fólk sé að átta sig betur á því hvað Snæfellsnes er í raun og veru stutt frá höfuðborginni. Maður er bara tvo og hálfan tíma að keyra hingað svo þetta er upplagður dagsrúntur.“

Á Gamla Rifi er hægt að gera fleira en borða og drekka. Boðið er upp á skiptibókamarkað þar sem fólk getur komið með bókina sem það er búið að lesa og skipt út fyrir aðra. Einnig eru myndlistarsýningar haldnar á staðnum. „Við erum að fara að setja upp sýningu með málverkum eftir börn, en þau máluðu Snæfellsjökulinn á striga. Síðan mun listakonan Hjördís Alexandersdóttir frá Rifi sýna hér síðar í sumar.“

Gamla Rif er opið á sumrin, frá því í byrjun júní fram í lok ágúst, alla daga frá klukkan 12 til 20. *- mth*

# Fjölskylduvænn og fjölfarinn staður



Langisandur er vinsæll staður hjá yngri kynslóðunum. MYND/EIRÍKUR

Á Langasandi á Akranesi er oftar en ekki margt um manninn þegar vel viðrar. Heimamenn leggja reglulega leið sína á sandinn enda alltaf gaman að koma þangað.

Langisandur liggur að sjónum og frá honum sést til höfuðborgarinnar. Hlauparar og göngufólk eru dugleg að skilja spor sín eftir í sandinum og yngri kynslóðin er mjög hrifin af því að leika sér í sandinum, moka og busla.

Fyrir ofan sandinn liggur göngustígur sem hjólreiðamenn nota til þess að komast sem næst sandinum. Á heitum sólardögum gefur Langisandur frægum sólarströndum við Miðjarðarhafið ekkert eftir. *- mmr*



Gott er kæla sig í sjónum á heitum degi. MYND/EIRÍKUR



Ekkert verra en á sólarströnd. MYND/EIRÍKUR






# Uppskrift að árangri

Þegar saman fara skýr stefnumið, gott starfsfólk og metnaður til að gera vel, aukast líkur á að tilætluðum árangri verði náð.

Þannig er árangur í rekstri ekki tilviljun, heldur afleiðing markvissra starfshátta. Norðurál hefur náð settum markmiðum með góðum vinnubrögðum og samvinnu starfsfólks sem lætur verkin tala.

Hjá Norðuráli á Grundartanga starfa nú á fimmta hundrað manns að fjölþættum verkefnum. Framundan eru spennandi tímar í uppbyggingu væntanlegs álvers í Helguvík þar sem enn mun bætast við valinn hóp vaskra starfsmanna.

NORÐURÁL

Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

# Fjölbreytt ferðaþjónusta


Boðið er upp á jeppasafarí á Land Rover að rótum Hraunsnefsaxlar og má þannig sameina spennandi skemmtun og náttúrusýn. MYND/HRAUNSNEF


Á Hraunsnefi er gott að slaka á í fallegri náttúru og njóta lífsins.


Brynja er mikill náttúruunnandi og höfðu hún og eiginmaður hennar lengi átt sér þann draum að stofna ferðaþjónustu.

**Ferðaþjónustan Hraunsnef í Norðurárdal hefur notið mikilla vinsælda frá stofnun en þar má auk gistingar finna veitingastað og skemmtun.**

„Þetta er gamall draumur sem við létum rætast fyrir nokkrum árum en árið 2004 keyptum við jörðina og hófum niðurrif á gömlum húsum. Hótelið er þar sem fjárhúsin stóðu en veitingastaðurinn er í hlaughúsinu,“ útskýrir Brynja Brynjarsdóttir, sem rekur ferðaþjónustuna með eiginmanni sínum Jóhanni Harðarsyni. Það er þó boðið upp á margt fleira en gistingu á Hraunsnefi.

„Einn stærsti hluti rekstrarins er veitingastaðurinn. Við höfum verið með mikið af vorferðum fyrir fyrirtæki og er þá farið að leita að fjársjóði kattarins,“ útskýrir Brynja kímin. Fjársjóðsleikurinn byggir á þjóðsögu frá staðnum. „Það bjó hér kona sem átti kött sem þótti góður til áheita. Hann var að lokum orðinn svo ríkur að hann gat keypt heila bújörð. Síðan hafa spunnist ýmsar sögur um hvað varð um þetta fé. Einhverjar sögur snerust um það að til hafi verið kista með fénu og snýst leikurinn um að fjársjóðurinn sé hugsanlega grafinn hér í nágrenninu,“ útskýrir Brynja. „Þetta er svolítið eins og ratleikur með vísbendingum og þrautum en allir geta verið með.“


Brynja smíðar skartgripi sem hún selur á staðnum.

Mikil stemning skapast í kringum leikinn og koma hóparnir gjarnan og snæða á veitingastaðnum. „Þá myndast skemmtileg kvöldvökustemning og allir hafa gaman af,“ segir Brynja.

Á Hraunsnefi er líka boðið upp á fjallasafarí. „Við erum með stutt safarí sem er mikil adrenalínsprauta. Þá er farið niður á sanda og keyrt út í ár og vötn og gefið í. Síðan erum við með fjallasafarí sem er klukkutíma ferð og þar miðum við hamaganginn við óskir hópanna. Það er líka útsýnisferð þar sem sést nánast niður í Borgarnes. Við erum alltaf með álfasögurnar inni í þessu líka,“ segir Brynja áhugasöm en þau hjónin hafa fengið Erlu Stefánsdóttur í lið með sér til að vinna álfakort í tengslum við gönguhring. „Við vinnum út frá þeirri hugsun að gefa náttúrunni gaum og hugsa vel um hana. Þú færð það sem þú gefur náttúrunni og uppskerð ekki neitt nema leggja eitthvað til,“ segir Brynja einlæg en hún vill gjarnan vekja fólk til umhugsunar.



Síðast en ekki síst er boðið upp á handverk eftir Brynju. „Ég smíða skartgripi úr silfri, kopar og messing en ég fór í Iðnskólann í Hafnarfirði og lærði hönnun þar fyrir rúmum áratug. Síðan tók ég silfursmíðanámskeið upp úr því. Þetta passar vel saman því fólk vill gjarnan taka með sér til minningar eitthvað sem er lítið og létt og gert á staðnum,“ segir Brynja hógvær. Hraunsnef er svo að segja í túnfætinum á Bifröst og er því stutt þangað frá Reykjavík; um 110 kílómetrar. Það er því kjörið að líta við hvort sem er í gistingu, fjör eða veitingar. *-hs*




# Háskóli lífs og lands

## Spennandi háskólanám til BS-gráðu

- Náttúru- og umhverfisfræði
- Umhverfisskipulag (grunnnám að landslagsarkitektúr)
- Búvísindi
- Hestafræði
- Skógfræði/landgræðsla

Námið fer fram á Hvanneyri í Borgarfirði en þar hefur risið háskólaþorp í fallegu umhverfi með allri aðstöðu og skemmtilegu félagslífi.

**Umsóknarfrestur er til 4. júní.**

Einnig er í boði meistaranám (MS) og doktorsnám.

Kynntu þér námið á heimasíðu skólans!
www.lbhi.is

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS





Þar sem jökulinn ber við himin er alltaf eitthvað að gerast.

# Gengið undir jökli

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001. Yfir sumarmánuðina starfa landverðir við eftirlit og umhirðu jafnframt því að sjá um fræðslu. Öllum er frjálst að fara um þjóðgarðinn og skipulagðar gönguferðir eru einnig nokkrum sinnum í viku.

Alla laugardaga taka landverðir á móti börnum við Arnarbæ á Arnarstapa og fræða þau um náttúruna og segja sögur. Einnig á laugardögum er gengið frá Arnarstapa meðfram ströndinni að Hellnum þar sem hægt er að fá sér kaffi og skoða gestastofu þjóðgarðsins. Á sunnudögum gefst fólki tækifæri á að ganga gegnum blómaskrúð og hraunmyndir að Frambúðum og skoða Búðakirkju. Þriðjudaga er gengið fram á Þúfubjarg þar sem Kolbeinn kvaðst á við kölska og á fimmtudögum eru minjar verstöðvarinnar skoðaðar í Dritvík.



Auk reglubundinnar dagskrár er boðið upp á sérferðir með leiðsögn en dagana 8. og 14. júní verður farið að refagreni í Ábúð undir leiðsögn Sæmundar Kristjánssonar. 15. júní er samnorrænn dagur villtra blóma og þá verður hægt að fræðast um blómin í skoðunarferð við Rauðhól.

Nánar má lesa um dagskrána í þjóðgarðinum í sumar á vef Umhverfisstofnunar, www.ust.is *-rat*

## HERRADEILD

Psycho Cowboy
Park by B&C
iD Denim
Iceman
Punto Blanco
Blend
og fleira

## DÖMUDEILD

Blend She
Soya
Ofelia
Desigual
Skunkfunk
Share womens wear
ZE-ZE Concept
Psycho Cowboy
Jensen Women
Veto
Zhenzi
og fleira

# Nina

KIRKJUBRAUT 4 - 6
AKRANESI - SÍMI 431 2244

OPNUNARTÍMI
MÁN - FÖS 10-18
LAU 10-16

Sendum í póstkröfu um allt land.

FJÓRAR BÚÐIR Í EINNI - ALLT Á EINUM STAÐ!

## BARNADEILD

Joha
D-XEL The Next Generation
Hummel
Kids-Up Kids Wear
HENSON
og fleira

## SKÓDEILD

Rbk
Skechers
Vagabond
Ecco
SIX-MIX
Tamaris
Lacoste
KangaROOS

# Ævintýri og einstök þægindi



Hér virðir Svanborg Siggeirsdóttir fyrir sér Látrabjarg.



Varla er völ á ferskara fæði en skelfiski beint úr Breiðafirðinum.

**Óviðjafnanlegt fuglalíf, eyðibyggðir og óspillt náttúra eru meðal þess sem farþegar fá að kynnast í fjögurra daga ævintýrasiglingu Sæferða um Breiðafjörð. Aðalbækistöð er Hótel Flatey.**

„Ef fólk vill kynnast algerlega ósnortinni náttúru er þetta ferðin,“ segir Svanborg Siggeirsdóttir, starfsmaður Sæferða, um fjögurra daga ferð sem fyrirtækið býður upp á í fyrsta sinn í ár. Svanborg segir hana hafa verið í undirbúningi um skeið og einkum markaðssetta erlendis. „Við siglum á Brimrúnu,“ segir hún aðspurð. „Það skip má taka 120 farþega en þetta eru lúxusferðir fyrir fáa í einu, svona 15 til 20 manns.“

Aðallúxusinn segir Svanborg felast í móttökum og viðurgjörningi í Hótel Flatey en þar er hvílst og gist í ferðinni, snæddur morgunverður og dýrindis kvöldverður. Að sjálfsögðu er farið í kirkjuna í Flatey og fleira markverkt skoðað í eynni. „Fólk fær notið einstakra þæginda á kvöldin og nóttunni og svo horfið aftur til fortíðar á daginn og fræðst um lifnaðarhætti fólks á fyrri tíð. Þá er færi rennt í sjó, siglt milli eyjanna og fuglalífið skoðað,“ lýsir hún. „Einnig er farið í land á Svínanesi á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar er gengið upp á hæð og það er sama hvert litið er, ekkert byggt ból er að sjá. Hins vegar má búast við að villta refi beri fyrir augu og jafnvel örn. Svo er siglt undir Látrabjargið og farið í bað í heitri náttúrulaug við Brjánslæk. Í Suðureyjaferð er sýnishorn af botndýralífinu lagt á borð. Þar geta ferðalangar skoðað og smakkað skelfisk og varla er völ á ferskari matvælum. Andstæðunni kynnast þeir svo í Bjarnarhöfn þar sem staldrað er við í bakaleið og smakkað á hákarli og harðfiski. Allt er þetta eitt stórt ævintýri.

Margir ferðamenn hafa prófað ótal ólíka hluti en þarna finna þeir eitthvað nýtt,“ fullyrðir Svanborg að lokum og bendir á heimasíðu fyrirtækisins www.saeferdir.is. *-gun*



Flatey er perla Breiðafjarðar.



Hótel Flatey tekur fallega á móti fólki.

MYNDIR/FRANK BRADFORD OG KRISTINN MAGNÚSSON.

Flytjum allt milli himins og jarðar
til og frá Snæfellsnesi

Nánari upplýsingar og verðtilboð sími 892 1817

Opnunartími skrifstofu: kl.8:30 til 12:00 og 13:00 til 16:00

Sími skrifstofu 430 8100. Fax 430 8101

RAGNAR & ÁSGEIR EHF.

STYKKISHÓLMI - GRUNDARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ



# Hátíð hafsins á Akranesi

## laugardaginn 31. maí

Hátíð hafsins verður haldin n.k. laugardag og má segja að hátíðin nái frá fjalli til fjöru eins og dagskrá ber með sér; hátíðin hefst á Akrafjalli en lýkur við höfnina síðdegis! Hátíð hafsins, sem nú er haldin í fjórða sinn, er einkar glæsileg í ár en hún er tileinkuð 80 ára afmæli björgunarstarfs á Akranesi. Af því tilefni hefur Björgunarfélag Akraness umsjón með hátíðinni í samstarfi við Akraneskaupstað.

## Dagskrá

**09:00**
Björgunarfélag Akraness býður upp á kakó og pönnukökur á Háahnjúk á Akrafjalli í tilefni af 80 ára afmæli björgunarstarfs á Akranesi. Allir velkomnir!

**10:00**
Dorgveiði á Sementsbryggjunni. Veitt verða verðlaun fyrir stærsta fiskinn, flesta fiska og furðufiskinn!

**Ratleikur** um Akranes á reiðhjólum. Ratleikurinn hefst við hafnarskrifstofuna klukkan 10:00 stundvíslega.

**11:00**
**Kassaklifur** á hafnarsvæðinu.

**11:30**
**Hópsigling** á fiskibátum og skemmtibátum til móts við Sæbjörgu. Siglingin tekur um ½ klst. Sæbjörgu verður fylgt inn í höfnina. Gestum og gangandi býðst að fljóta með eins og plássið leyfir.

**12:00**
Grill fyrir alla við höfnina.

**13:00**
**Fjölbreytt skemmtidagskrá við höfnina!**
Hátíðin verður sett með fallbyssuskoti við höfnina á slaginu kl. 13:00! Skólahljómsveit Akraness leikur nokkur lög.

**Reiðhjólaþrautir** fyrir börn á öllum aldri á sérstakri hjólabraut á hafnarsvæðinu.

**"Akraborgarstökkið"** - Hver á lengsta stökkið á reiðhjóli út af "Akraborgarrampnum"? Yngri en 18 ára þurfa að vera í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Vinsamlegast hafið með ykkur skilríki.

**Aparóla - Paintball - Hoppukastalar og leiktæki - Reipistog - Stakkasund - Róðrarkeppni - Koddaslagur!**

**14:00**
**Kaffisala slysavarnakvenna í Jónsbúð.**
Þyrla Landhelgisgæslunnar mætir á svæðið!
Dagskrá lýkur um kl. 16:00.

### Sunnudagur 1. júní - Sjómannadagur

**10:00**
Minningarstund við minnismerkið í kirkjugarðinum

**11:00**
**Akraneskirkja - Hátíðarguðsþjónusta.**
Sjómaður heiðraður. Gengið að minnismerki sjómanna á Akratorgi að guðsþjónustu lokinni.

**14:00**
Vígsla vatnslistaverksins **"Hringrás"** eftir Ingu Ragnarsdóttur á lóð SHA. Allir velkomnir!

## Áskorun!

Þau lið sem ná að leggja vaska sveit Björgunarfélags Akraness í kappróðri eða reipistogi fá í verðlaun sem svarar 100.000 króna úttekt á flugeldamarkaði félagsins fyrir áramótin!

Akraneskaupstaður

# NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í



## LJÓSASALA – **ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR**

HÖFUM OPNAÐ RISA LAGERÚTSÖLU
Í SKIPHOLTI 33 (VIÐ HLIÐINA Á VINABÆ)

OPIÐ VIRKA FRÁ 12 - 18, LAUGARDAGA FRÁ 10 - 16

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

LUMEX




**15% afsláttur** í Smáralind og á Glerártorgi

Gildir fram á sunnudag.

SUMAR UNGA FÓLKSINS



Eiríkur Friðjón er mikið fyrir trampólínið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ætlar í sumarbústað í sumar

Eiríkur Friðjón Kjartansson er sex ára gamall og gengur í sex ára kjarna Barnaskóla Hjallastefnu.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?**
Í sumar ætla ég að fara í sumarbústað og leika mér í stóra garðinum okkar. Ég ætla líka á fótboltanámskeið og svo held ég að ég fari í ferðalög í sumar en ég er samt ekki viss.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á sumrin?**
Mér finnst skemmtilegast að vera úti í garði og hoppa á trampólíninu mínu.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á veturna?**
Þá finnst mér skemmtilegast að sópa saman laufum.



● **RÓANDI ÓRÓAR** Úr nógu er að velja þegar kemur að því að skreyta barnaherbergi en óróar eru alltaf skemmtilegir. Hægt er að fá fjölbreytta óróa með skemmtilegu dóti hvort sem er fyrir litlu krílin að dunda sér við eða fyrir þau stærri að dást að. Eins öfugsnúið og það er geta óróar haft róandi áhrif á börn, sem gleyma sér við að fylgjast með þeim. Einnig eru þeir fáanlegir með spiladósum og sumir eru með næturljósi. Óróarnir sem hér gefur að líta eru fremur klassískir úr tré. Þeir eru frá Selecta og fást í versluninni Völuskríni á 3.550 krónur og upp úr.



Sigríður Björk Þormar rekur verslunina Lítil í upphafi og styrkir mannúðarmál. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Barnafataverslun með mannúð að markmiði

**Mannúðarmál eru Sigríði Björk Þormar hugleikin en hún opnaði nýverið verslunina Lítil í upphafi og selur barnafatnað og leikföng.**

Sigríður Björk Þormar vinnur fyrir Rauða krossinn og fékk hugmyndina að versluninni þegar hún var að störfum í Indónesíu.

„Þetta eru öðruvísi barnaföt og hlutir sem koma frá fyrirtækjum sem hafa þá hugsun að styrkja mannúðarmál. Ég vann á vegum Rauða krossins í Yogyakarta í Indónesíu eftir jarðskjálfta sem riðu þar yfir árið 2006. Eitt af þeim verkefnum sem ég kynntist var endurhæfingarstöð sem fjármagnar sig með sölu viðarleikfanga fyrir börn.

Þau eru háð því að utanaðkomandi aðilar kaupi leikföngin svo starfsemin haldi áfram og þá varð til þessi hugmynd að verslun á Íslandi,“ segir Sigríður. „Ég kynntist líka frönskum fatahönnuði og hreifst af hönnun hennar en hún hannar litrík og öðruvísi barnaföt undir áhrifum barnaævintýra og sjötta áratugarins. Merkið hennar, Poudre de Perlimpinpin, er selt í yfir þrjátíu verslunum í Evrópu. “

Sigríður segir nær allar vörur sem hún bjóði upp á koma frá fyrirtækjum sem láti hluta tekna sinna renna til góðgerðarmála. Zutano-barnafatalínan styrkir Global Action for Children Organisation og skólínan Livie og Luca endurvinnur skóna með því að safna saman notuðum skópörum og senda þau til fátækra.

Verslunin hefur farið vel af stað og Sigríður er ánægð með viðtökurnar. „Fólk er mjög hrifið af vörunum. Fötin eru öðruvísi og ég var ekki viss um hvernig þetta myndi ganga. Útlendingar eru mjög hrifnir af búðinni og segja hana öðruvísi og það er líka það sem ég stefndi svolítið á. Þetta er ekki bara fatafram-leiðsla heldur liggur þessi hugmyndafræði að baki.“ Nánar má lesa um samtökin að baki vörunum í versluninni á heimasíðunni www.litiliupphafi.is. *-rat*



Fötin eiga sér fyrirmynd í ævintýrum.



Líflegar bláar smekkbuxur úr Poudre de Perlimpimpin-línunni.

Verslunin selur litríkan fatnað og leikföng.




- Sparkleikir - Frumbyggjastörf - Ædol - Útilíf - Kassabílaakstur - Sund -

Fyrir stráka og stelpur 8-12 ára - skipt í hópa eftir aldri

„Krassandi útilífsævintýri - fjör og hópeflisandi!“

SUMARBÚÐIRNAR ÚLFLJÓTSVATNI

Upplýsingar og skráning á netinu: www.ulfljotsvatn.is

INNRITUN ER HAFIN - Opið virka daga kl. 10-16 - sími 550 9800 - sumarbudir@ulfljotsvatn.is

**SUMAR UNGA FÓLKSINS**


**Emil Þeyr er spenntur að fara til útlanda í sumar.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skemmtilegast í Tívolí

Emil Þeyr Arndal er sex ára gamall og er að ljúka 1. bekk í grunnskóla.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?**
Í sumar ætla ég að fara til útlanda. Ég fer til Danmerkur. Þar ætla ég að fara í tívolí, á ströndina og á kaffihús. Ég fer líka í útilegur en ég veit samt ekki hvert ég fer. Ég fer líka á svona íþrótta-alls-konar námskeið og svo man ég ekki meira.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á sumrin?**
Mér finnst skemmtilegast að fara í tívolí.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á veturna?**
Að fara í snjókast.

# Skótau fyrir norræn börn

**Draumaskóna á lítinn fót fann Harpa Hermannsdóttir í sumarfríi í Svíþjóð og nú fást þeir á Íslandi.**


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN
**Harpa heillaðist af hönnun Vincents og birgði sig upp hvert sumar í Svíþjóð. Nú fást skórnir á Íslandi og þarf ekki að fara út fyrir landsteinana að sækja þá.**

„Við erum mikið í Svíþjóð á sumrin og rákumst þar á Vincent-barnaskóna. Þeir eru hannaðir með skandinavísk börn í huga sem eru oft með breiðan fót og í hverri ferð keyptum við skó fyrir allt árið á dóttur okkar,“ segir Harpa, sem flytur inn skóna til Íslands. „Síðast þegar við vorum í Stokkhólmi fengum við þessa hugmynd, fórum því á fund með forsvarsmönnum og áður en við vissum af var þetta frágengið,“ útskýrir Harpa, sem segir einn aðalhönnuðinn meðal annars hafa hannað fyrir verslanakeðjuna H&M. „Skórnir eru mjög flottir og vandaðir. Þetta eru allt endingargóðir leðurskór og fást fyrir börn að átta ára aldri. Síðan eru í boði smáhlutir í stíl við skóna eins og regnhlífar, töskur, sokkar og sokkabuxur,“ útskýrir Harpa, sem ætlar í byrjun að bjóða upp á sex tegundir af skónum á Íslandi en síðan auka úrvalið þegar fram líða stundir.


**Gott að hafa augu á stígvéluðum tánum þegar úti er veður vott.**

Fyrsta hugmyndin var að opna eigin verslun á Íslandi, en síðan kom fram önnur lausn. „Við náðum samningi við Hagkaup og erum þess vegna aðeins heildsalar. Skórnir eru bæði slitsterkir og fallegir og svo spillir ekki heldur að verðið er mjög gott,“ segir Harpa, sem á ekki langt að sækja skókaupmennskuna. „Langafi minn, Óli Jón Ólason, var á sínum tíma stærsti skóinnflytjandi landsins svo þetta er eitthvað í blóðinu. Síðan held ég að allar konur hafi gaman af skóm,“ segir hún brosandi og heldur áfram: „Þetta er enn sem komið er bara aukabúgrein á meðan ég er í fæðingarorlofi, en síðan kemur í ljós hvort ég fer í þetta af fullum krafti.“ *-rh*






**Bopita rúm, Romy 70x150,* 28.900 kr.**
**Skúffueiningar,* 5.650 kr.**
**Basic 2 – bókahillur, 57.900 kr.**
**Grjónapúðar, 14.900 kr.**
**Klappstólar, 2.190 kr.**
**Surprise geymslupoki á vegg, 2.190 kr.**
**Surprise púðaver lítil, 2.790 kr.**
**Surprise púðaver stór, 6.300 kr.**
**Surprise rúmteppi, 18.900 kr.**
**Handmálaðar myndir á vegg 20x20, 4.690 kr.**
**Handed by körfur og fötur – margir litir, frá 590 kr.**

*Fæst í mörgum litum, s.s hvítt, blátt, bleikt, hermannagrænt o.fl.

**Laguna rúm 60x120, 32.700 kr.**
**Laguna kommóða, 49.900 kr.**
**Laguna skápur, 58.900 kr.**
**X-line skólabekkur, 24.900 kr.**
**Surprise geymslubox, 6.670 kr.**
**Grjónapúði, 14.900 kr.**
**Handmálaðar myndir á vegg 30x40, 6.590 kr.**
**Handed by körfur, frá 590 kr.**
**Skólataska, Kitch Kitchen, 2.990 kr.**
**Sue kanína – spiladós, 2.130 kr.**

**Verslun fyrir hressa stubba!**





ENNEMM / SÍA / NM33481

STUBBASMIÐJAN
VEX MEÐ MÉR

**Stubbasmiðjan er ný og spennandi verslun sem sérhæfir sig í húsgögnum og alhliða lausnum fyrir hressa stubba.**
**Komdu og upplifðu ævintýri innandyra í Holtagörðum!**

# Barnahúsgögn
## sem stækka



Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.











**HÚSGAGNA HEIMILIÐ**

Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti

**Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík | Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 | www.husgogn.is**

## Rafvirkjun







## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Önnur þjónusta




Tökum að okkur alla almenna jarðvegsvinnu. Erum með 16t hjólagröfu 3,5t gröfu með brotfleyg. Föst tilboð eða tímavinna. S. 894 0210 Guðmundur & 849 9571 Páll.




**Ljósmyndun**
**Tveir vanir menn taka að sér ljósmyndun og upptökur við öll tækifæri s.s. veislur, fjölskyldumyndatökur og þ.h.**
**Uppl. í s. 869 9396, Anton eða á anton.k@visir.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Gerið verðsamanburð!**
Robot ryksugur fyrir öll gólf með fjarstýringu, eru komnar aftur. Nú á kr. 23.500.

**Mótor og sport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**www.motorogsport.is**



**Eldsneytis Sparari!**
Hvirfil tæki í alla BÍLA & JEPPA, SPARNAÐUR: 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900.-kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S:5178400 WWW.SKM.IS

**Skrifstofuhúsgögn til sölu**
Glæsileg borð og hillur úr hlyn ásamt skrifstofustólum. Nánari uppl. í s. 820 1099 & 898 6106.

**Þvottavélar**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.






Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Til sölu Yamaha Clavinova CLP-930 rafmagnspíanó. 60000 kr. Sími: 6620333. María

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2500 Kg - Hraðlyfta (QL). Verð 28600 - PON ehf - S. 552 0110 www.pon.is

## Verslun




## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m,timbur 1x6 og 2x4 á 155 og 205 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

LR Gigtarkúrinn er ótrúlegur. Léttist um 8 kg. á 3 vikum á LR Henning hann er auðveldur og hraðvirkur. Lr-anna@simnet.is eða s. 662 5599.

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR-kúrinn er ótrúlega auðveldur og einfaldur. Uppl. Dóra 869-2024 www.dietkur.is

**Douing Cleaning**
Nuddtæki Douing cleaning er einstakt tæki. Fjarlægir hrukkur, lyftir upp andliti, eingöngu bygt á norrænni tækni og japanskri jurtafræði. Ótrúlegt tilboð. Ókeypis firsti tíminn. Sjáið og reynið. Nudd fyrir heilsuna S. 863 2261.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 841 8529.

Láttu það eftir þér „þú átt það skilið. Sími 848 6255 www.bodynudd.is

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Sófaborð, hornborð og sjónvarpsskápur til sölu. Selst ódýrt. Uppl. í s. 895 8586 e. kl. 14.

## Barnagæsla

13 ára stúlka, traust og ábyggileg óskar eftir að passa börn í sumar. Býr í borgarhverfi, Grafarvogi. Uppl. í s. 567 7704.

## Dýrahald



Dverg Schnauzer hvolpar til sölu með HRFÍ ættbók. Uppl. í s. 897 6229.

Týndi kettlingnum mínum á laugardaginn í Drafnarfelli á bakvið bakaríið. Uppl. í s. 823 8711.

Tvo 11 vikna bröndótta kettlingastráka vantar heimili. S. 825 2515.

## Ýmislegt







Útsölumarkaður Inn X - Faxafeni 8 Losum út vörur frá BoConcept, skrifstofuhúsgögn, stóla f/ eldhúsið og skrifstofuna. Einnig ýmsar einingar í innréttingar o.fl.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

**Spánn**
15 mín frá Alicante flugvelli 2 hæða Raðhús með öllu á ótrúlega flottu verði eða 1900 á mann enginn býður betur uppl: solarhus@gmail.com 466 40 30

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Gisting

**Dalvík**
Mjög ódýr studio íbúð til leigu aðeins 1900 á manninn pláss fyrir 4, uppl: kbsol@simnet.is S. 466 4030

# ÞJÓNUSTA



Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Skólastjóri Hvassaleitisskóla

**Laus er staða skólastjóra Hvassaleitisskóla**

Hvassaleitisskóli er heilstæður grunnskóli með 240 nemendur í 1. - 10. bekk. Vellíðan - agi - árangur eru einkunnarorð skólans og endurspegla þau stefnu hans og leiðir að helstu markmiðum. Í skólanum er unnið að því að nemendur þroski með sér sjálfsöryggi og sjálfsaga, skapandi og gagnrýna hugsun. Einnig að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu. Lögð er áhersla á greinabundna kennslu - greinabundið nám sem tekur mið af fjölbreyttum kennsluháttum, samvinnu nemenda og einstaklingsmiðuðu námi.
Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.

**Menntunar- og færnikröfur:**
- Kennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2008. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

**Umsóknarfrestur er til 26. júní 2008.**

Sótt skal um á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.
Upplýsingar gefa Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is og
Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri,
ragnar.thorsteinsson@reykjavik.is í síma 411 7000.

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Frekari upplýsingar um Hvassaleitisskóla er að finna á heimasíðu skólans http://www.hvassaleitisskoli.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## SMIÐIR
Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## MÚRARAR
Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## PÍPARAR
Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## VANTAR ÞIG
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**
Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**



## Íbúðir aldraðra
### Skólabraut 3-5 Seltjarnarnesi

**Óskað er eftir matráði** til starfa í móttökueldhúsi mötuneytis hjá Íbúðum aldraðra á Seltjarnarnesi.

Vinnutími er frá kl. 11.30 til 16.30.

Áhugasamir hafi samband við:
Þóru Einarsdóttur
í síma 595-9147, 822-9110 eða
thora@seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR
Félagsþjónusta

Augl. Þórhildar 2200.407

TIL LEIGU

## Til leigu

**Miðbær**

Ca. 375 fm jarðhæð að Hverfisgötu 105. Húsnæðinu má skipta og hægt er að bæta við innkeyrsludyrum. Húsnæðið hefur verið notað sem lagerhúsnæði og bón og þvottastöð. ***Leiguverð er kr. 350.000 á mánuði upplýsingar í síma 895 8299.***

**Smáralind**

Ca. 180 fm mjög gott skrifstofuhúsnæði að Bæjarlind 14-16. Opið skrifstofurými með tveimur sér skrifstofum, tölvutengingar, góð lýsing, glæsilegt útsýni, góð aðkoma og næg bílastæði. ***Leiguverð kr. 300.000 á mánuði upplýsingar í símum 849 9987 og 895 8299.***

**Höfði**

Ca. 130 fm með innkeyrslu hurð að Vagnhöfða 7. Góð bílastæði, gott húsnæði. ***Leiguverð er kr. 200.000 á mánuði upplýsingar í síma 895 8299.***

Frum

## ATVINNA

EYKT

Eykt óskar eftir umsjónarmanni til starfa við þrif og rekstur á vinnubúðum í Höfðatorg við Borgartún, þarf að geta byrjað sem fyrst, mikil vinna framundan. Íslenska skilyrði

Upplýsingar veitir
Heiðdís í síma 822-4415

## Það er svo gaman að vera saman!

Einkarekni leikskólinn **Korpukot** óskar eftir skemmtilegu starfsfólki sem býr yfir færni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.
Við leitum að frá og með 1. ágúst:
- *Leikskólakennurum*
- *Íþróttakennurum*
- *Þroskaþjálfa*
- *Myndlistarkennara*
- *Tónlistarkennara*
- *Leiðbeinendum*

Hafið samband í síma
**577 1900**

Korpukot
Fossaleyni 12, Grafarvogi • 112 Reykjavík
Sími 577 1900 • skrifstofa@korpukot.is

TIL SÖLU

## Tækifæri fyrir konu/r

Til sölu er rekstur tengdur heilsurækt og hreyfingu. Fyrirtækið er í góðum rekstri með traustan viðskiptavinahóp. Tilvalið fyrir konu/r með áhuga á heilsurækt.

Áhugasamar sendi upplýsingar á
heilsuraekt@hotmail.com

## Tækifæri

**Vegna stækkunar á snyrtistofunni Facial eru 2 herbergi laus til leigu til fagaðila. Við leitum eftir framúrskarandi fótaaðgerðafræðingi og nuddara sem vilja vinna í skapandi og skemmtilegu umhverfi þar sem nóg er að gera.**

**Facial er staðsett við Laugaveg 96 í sama húsnæði og Toni&Guy.**

**Nánari upplýsingar veita Ragnheiður og Berglind í síma 511 6660.**

SNYRTISTOFAN Facial

TIL LEIGU

## Skrifstofuhebergi til leigu

Til leigu nokkur skrifstofuherbergi í 101,
10 - 25 fermetrar á góðum stað.
Verð 40 - 70 þús allt innifalið
**Upplýsingar í gefur Sverrir í S 661-7000**

„...fyrst á visir.is"



VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

## Borgartún - Nýtt - Leiga

Til leigu mjög bjart og snyrtilegt 16 fm herbergi með aðgangi að fundarherbergi og eldhúsi. Um er að ræða nýtt húsnæði á 3 hæð (lyfta) með vönduðum innréttingum og gegnheilu parketi.
**Uppl. veitir Elías í síma 898-2007 eða elias@husavik.net.**



Aukatól
Doro 720 + 1
Þráðlaus sími með R-takka • Dregur 50m inni og 300m úti • 10 klst. í tali - 100 í bið • 50 nöfn og númer í skrá • Birting á 50 síðustu hringinga • Stillanlegur styrkur í hlust • Hringitónar • Nafn á skjá handtækis • Allt að 5 handtæki við móðurstöð
5.989 kr.
Fullt verð 8.989
Þráðlaus DECT sími
Doro 720
Þráðlaus sími með R-takka • Dregur 50m inni og 300m úti • 10 klst. í tali - 100 í bið • 50 nöfn og númer í skrá • Birting á 50 síðustu hringinga • Stillanlegur styrkur í hlust • Hringitónar • Nafn á skjá handtækis • Allt að 5 handtæki við móðurstöð
3.989 kr.
Fullt verð 6.989
89.989 kr.
Fullt verð 119.989
25% afsláttur
32 tommur
V-Real LCD
Panasonic TX32LE7F
32" V-Real LCD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • V-Real tækni • Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • Backlight Control • VIERA Link • 16w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.
50% afsláttur
Þráðlaus Barbie vídeóvél
Barbie VIDEO
Alvöru þráðlaus vídeo tökuvél • Hljóðnemi • Videóspóla til upptöku • Þráðlaus sendir • Spennubreytir • Standur fyrir myndavél
3.989 kr.
Fullt verð 7.989
Bluetooth
3G/HSDPA
Motorola V9
2 MP myndavél, Bluetooth stuðningur, litaskjár, styður MP3 hringitóna, stækkanlegt minni. Ending rafhlöðu allt að 3,5 klst. í tali og 260 klst. í bið.
19.989 kr.
Fullt verð 39.989
Walkman
3G/HSDPA
33% afsláttur
FÆST RAUÐUR OG SVARTUR
Sony Ericsson W910i
Íslensk valmynd, Walkman 3.0 tónlistarspilari, 1 GB M2 minniskort fylgir (stækkanlegt), 2 MP myndavél, styður Active Sync, Bluetooth stereó stuðningur, litaskjár. Ending rafhlöðu allt að 9 klst. í tali og 400 klst. í bið.
39.989 kr.
Fullt verð 49.989
Íslensk valmynd
25% afsláttur
3G/HSDPA
Sony Ericsson K850i
Íslensk valmynd, 5 MP Cybershot myndavél með innbyggðu Xenon flassi, styður Active Sync, Bluetooth stereó stuðningur, tónlistarspilari, 512 MB M2 minniskort fylgir (stækkanlegt), litaskjár, FM útvarp með RDS. Ending rafhlöðu allt að 9 klst. í tali og 400.
39.989 kr.
Fullt verð 59.989
Tölvur
Sýningareintök á lækkuðu verði!
Tölvur
59.989 kr.
19 tommur
Innbyggður DVD spilari
United TVD7056
19" LCD breiðtjald með innb. DVD spilara • Upplausn: 1440x900 punktar • Skerpa: 500:1 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • 12v og 220v • 12v snúra fylgir
12 og 220v
139.989 kr.
Fullt verð 164.989
37 tommur
Digital Crystal Clear
Philips 37PFL3312
37" HD LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn • Digital Crystal Clear • Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 6ms • Contrast plus og Active Control 2 x 20w Nicam Stereó • Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS, heyrnartólstengi ofl
149.989 kr.
Fullt verð 199.989
37 tommur
25% afsláttur
Með Game Mode
Samsung LE37S71
37" LCD veggsjónvarp • HD Ready • DNIe stafræn myndvinnsla • Upplausn: 1366 x 768 • Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video • Game mode • Textav. ofl.
299.989 kr.
Fullt verð 399.989
25% afsláttur
42 tommur
Plasma PIP
Pioneer PDP428XD
42" plasma breiðtjaldssjónvarp • HD Ready • Intelligent Brightness Control • Mynd í mynd (PIP) • Kuro - dýpri svartur • Skerpa: 16.000:1 • DVB-T - stafrænn móttakari með C.I. rauf fyrir afruglarakort • HD Digital Film Direct 24 • 3 x HDMI, Component, S-Video, RCA AV, 3 x SCART, RCA Audio, USB, PC tengi ofl.
Sjónvörp
Sýningareintök á lækkuðu verði!
OPNUNARTÍMI
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fim. Holtag. kl. 11-21
Fim. Kauptúni kl. 11-19
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
HOLTAGARÐAR
FIMMTUDAGAR
MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is
Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS
MAX RAFTÆKI



50% afsláttur

## MP3 samstæða

**Sony CMTNEZ50**
25w míkró samstæða • Geislaspilari • MP3 spilari • Segulband • Spilar MP3, CD-R/CD-RW

**14.989 kr.**
Fullt verð ~~29.989~~

57% afsláttur

## Bluetooth og USB

**Sony CMTU1BT**
Frábær hljómgæði • Bluetooth og USB • 2x25w RMS • S-Master stafrænn magnari • Spilar MP3/ATRAC3 • Ljósleiðarainngangur



**29.989 kr.**
Fullt verð ~~69.989~~

## 1 sm Super Macro



33% afsláttur

**Canon PowerShot A450**
5.0 milljón punkta upplausn • 3.2x optical zoom linsa • SAPS • 5 punkta sjálfvirkur fókus • 1sm Super Macro • 12 tökustillingar • My Colors • VGA vídeóupptaka með hljóði • 2.0" LCD skjár • Breiðtjaldstaka ofl.

**9.989 kr.**
Fullt verð ~~14.989~~

## 3" snertiskjár



50% afsláttur

**Sony DSCN2**
10 milljón punkta upplausn • Stór 3" snertiskjár • 3x Optical aðdráttur • 2x Digital aðdráttur • 32mb kort fylgir • Hreyfimyndataka með hljóði • 139g

**24.989 kr.**
Fullt verð ~~48.989~~

## Hristivörn á linsu



38% afsláttur

**Canon Ixus 800IS**
6.0 milljón punkta uppl. • 4x aðdráttur og hristivörn á linsu • ISO 800 • DIGIC II örgjörvi • iSAPS • 2.5" LCD skjár • 16 tökustillingar og My Colors • Breiðtjalds- og VGA uppt. • PictBridge tengi • Print/Share ofl.

**24.989 kr.**
Fullt verð ~~39.989~~

## 3.8x gleiðhornalinsa



33% afsláttur

**Canon Ixus 850IS**
7.1 milljón punkta upplausn • 3.8x gleiðhornalinsa með „optical" Image Stabilizer • DIGIC III örgjörvi • Face Detection AF/AE • 2.5" LCD skjár • Vídeóupptaka • My Colors • ISO 1600 og High ISO Auto fyrir flass-lausa töku innandyra • Safety Zoom

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~44.989~~

## Face detection



33% afsláttur

**Canon Ixus 900 IS**
10 milljón punkta uppl. • 3x aðdráttur á linsu • DIGIC III örgjörvi • Face Detection AF/AE • 2.5" LCD skjár • ISO 1600 fyrir flass-lausa töku innandyra • 18 tökustillingar auk XGA vídeómynda • My Colors • Digital Tele-Converter og Safety Zoom • Títaníum hús með Touch Control Dial

**34.989 kr.**
Fullt verð ~~54.989~~

## 30Gb harður diskur




**Sony DCRS50**
Stafræn tökuvél • 30GB harður diskur • 20x Optical linsa • Night Shot möguleiki • 2,5" LCD skjár • Fjarstýring fylgir

**49.989 kr.**
Fullt verð ~~69.989~~



Latibær 1, 2 og 3.
Verð á hvert stk.

**989 kr.**
Fullt verð ~~1.989~~



50% afsláttur

50% afsláttur

**1.989 kr.**
Fullt verð ~~3.989~~

MAX RAFTÆKI

## Sjónvarpsseríur á DVD

Tilboðin gilda til 04. 06. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Engin biðstaða

UMRÆÐA
Félagsmál


JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Á laugardaginn var birti Fréttablaðið umfjöllun um verk ríkisstjórnarinnar í tilefni af eins árs starfsafmæli hennar. Þar var meðal annars birtur listi verkefna undir fyrirsögninni verkin sem bíða og af þeim voru fjögur mál sem heyra að hluta undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Nefnd var áætlun um að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu, efling forvarnastarfs gegn kynferðislegu ofbeldi, aukinn stuðningur við fjölskyldur ungmenna í vanda vegna vímuefna og endurmat á kjörum kvenna hjá hinu opinbera. Ekkert þessara mála er í biðstöðu. Þvert á móti er unnið af krafti að öllum þessum málum eins og hér verður rakið.

**Kynbundinn launamunur og endurmat á launum kvenna**
Mikilvægt skref á þeirri vegferð að vinna gegn kynbundnum launamun var stigið í mars á þessu ári þegar ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla tóku gildi. Með þeim er starfsemi Jafnréttisstofu styrkt og hert á úrræðum kærunefndar jafnréttismála, meðal annars í því skyni að taka á launamisrétti kynjanna og sérstakir jafnréttisráðgjafar verða ráðnir í fullt starf innan Stjórnarráðsins. Með sömu lögum var launaleynd afnumin og ákveðið að hefja undirbúning vottunarkerfis jafnra launa kynjanna, hvort tveggja mikilvægir áfangar í baráttunni gegn kynbundnum launamun. Síðastliðið haust skipaði ég jafnframt tvo starfshópa til að vinna gegn kynbundnum launamun á almennum vinnumarkaði, annar hópurinn á að vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og við stjórnun stofnana og fyrirtækja og vinna aðgerðaáætlun til að hrinda tillögum til úrbóta í framkvæmd. Þá skipaði ég hóp til að vera til ráðgjafar um framvindu aðgerða gegn launamun og vinna mat á raunverulegum árangri aðgerða. Jafnframt skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem vinna skal að sömu markmiðum hjá hinu opinbera og ekki síst horfa til endurmats á launum umönnunarstéttanna. Allir þessir hópar hafa unnið af fullum krafti og við ráðherrarnir höfum nýlega hitt formenn þeirra og farið yfir stöðu mála. Þess er að vænta að þeir skili niðurstöðum og áætlunum um hvernig staðið verður að því að hrinda þessum stefnumálum ríkisstjórnarinnar í framkvæmd. Þetta mikilvæga mál er því síður en svo í biðstöðu, heldur á fullri ferð á mörgum vígstöðvum, meðal annars í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins eins og vera ber.

**Forvarnastarf gegn kynferðislegu ofbeldi**
Þá fer því fjarri að forvarnastarf gegn kynferðislegu ofbeldi bíði í ráðuneyti félags- og tryggingamála. Við vinnum nú samkvæmt viðamikilli aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. Þá er verið að leggja lokahönd á aðgerðaáætlun gegn mansali sem lögð verður fyrir Alþingi næsta haust. Auk þessara viðamiklu verkefna hafa ýmis frjáls félagasamtök og sjálfseignarstofnanir verið styrkt til að vinna að mikilvægu starfi gegn kynferðislegu ofbeldi. Má þar nefna sérstaklega Stígamót sem félags- og tryggingamálaráðuneytið veitti nýlega styrk til að taka þátt í Evrópusamstarfi um rannsóknir og aðgerðir á þessu sviði. Mér finnst afar mikilvægt að styðja við starf þeirra sem hafa mesta þekkingu og reynslu á þessu sviði. Með því tryggjum við virkar forvarnir í samfélaginu.

**Stuðningur við fjölskyldur ungmenna í vímuefnavanda**
Síðast en ekki síst er mér ljúft og skylt að nefna aðgerðir félags- og tryggingamálaráðuneytisins vegna ungmenna sem eiga í vímuefnavanda þótt aðeins hluti þess viðamikla málaflokks heyri undir ráðuneyti mitt. Nú á vorþingi mælti ég fyrir tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til næstu sveitarstjórnarkosninga. Þetta er í fyrsta sinn sem slík áætlun er lögð fyrir þingið þrátt fyrir að lengi hafi verið ákvæði í lögum um að svo skuli gert. Í áætluninni er gerð grein fyrir margvíslegum verkefnum á sviði barnaverndarmála, ekki síst með áherslu á stuðning við foreldra til að efla forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir, en einnig eru þar kynnt ný meðferðarúrræði fyrir börn og ungmenni og hvernig staðið skuli að því að meta árangur þeirra. Þá hefur Barnaverndarstofa hafið undirbúning að svokallaðri fjölþáttameðferð barna og ungmenna þar sem áhersla er lögð á að meðferð sé einstaklingsmiðuð, veitt á heimavelli í umhverfi sem barnið þekkir í stað hefðbundinna stofnanaúrræða.

Ég hef það að leiðarljósi í starfi mínu sem ráðherra að vinna hratt og vel að þeim stóru málum sem heyra undir ráðuneyti mitt og að þessum málum og öðrum er nú unnið af fullum krafti í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

*Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.*

# Lög ekki virt

UMRÆÐAN
Alþingi


TEITUR BJÖRN EINARSSON


DAVÍÐ ÖRN JÓNSSON

Á dögunum skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um framkvæmd fjárlaga árið 2007 og ársáætlanir 2008. Líkt og fyrri ár kemur bersýnilega í ljós hversu illa fjárlögum er framfylgt og dregið fram hvaða ríkisstofnanir hafa ítrekað virt að vettugi fjárheimildir sínar. Samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga ber fjármálaráðuneytinu að beita sér fyrir því að forstöðumenn stofnanna sem heyra undir fjárlög, grípi til nauðsynlegra aðgera til að halda rekstri sínum innan fjárheimilda.

Í skýrslunni tekur Ríkisendurskoðun það fram hún hafi á undanförnum tveimur áratugum bent ítrekað á ýmsa misbresti á framkvæmd fjárlaga og gagnrýnt það virðingarleysi sem margar stofnanir sýna fjárlögum. Þrátt fyrir þessar ábendingar virðist lítið breytast. Bent er á að brjóti forstöðumenn fjárheimildir sínar þá beri ráðherra sú skylda að veita tjéðum forstöðumanni áminningu og víkja honum frá ef brot eru ítrekuð.

Samband ungra sjálfstæðismanna hefur oft tekið undir þessi tilmæli Ríkisendurskoðanda enda algjörlega ótækt að forstöðumenn brjóti ítrekað lög með þessum hætti. Nýverið sendi Samband ungra sjálfstæðismanna bréf til fjármálaráðherra þar sem hann var kvattur til þess að beita þeim úrræðum sem lögum samkvæmt eru tæk gagnvart þeim forstöðumönnum sem ítrekað brjóta fjárlög. Fjármálaráðherra var bent á að ef hann teldi ekki ástæðu til að veita þeim áminningu sem ekki halda sig innan fjárheimilda væri hann með aðgerðarleysi sínu að samþykkja og taka á sig ábyrgð gagnvart Alþingi á því virðingarleysi sem forstöðumenn stofnanna sína fjárveitingarvaldinu.

Kjósendur fá á fjögurra ára fresti að kveða upp um sinn dóm og hafna þeim stjórnmálamönnum sem ekki þykja standa sig. Slíkt á þó ekki við um opinbera starfsmenn líkt og forstjóra ríkisstofnanna sem ekki standa sig í starfi. Þeir geta, eins og dæmin sýna, setið óhreyfðir í sínum embættum án þess að þurfa að sæta ábyrgð fyrir að brjóta fjárlög. Eðlilegt væri að setja þá reglu að brjóti forstöðumaður ríkistofnunnar gegn fjárlögum þá fái hann sjálfkrafa áminningu og hafi hann ekki bætt ástandið árið eftir þá fái hann aðra áminningu ásamt því að ráðherra geti þar með vikið þeim forstöðumanni frá störfum.

Oft heyrist sú afsökun frá embættismönnum, fyrir að fara fram úr fjárheimildum, að þeir neyðist til þess því Alþingi hefði skammtað þeim of litla fjármuni miðað við þann rekstur sem þeim er lögum samkvæmt gert að starfrækja. Því er til að svara að það er Alþingi, en ekki embættismennirnir, sem fer með fjárveitingarvaldið. Hinir kjörnu fulltrúar á Alþingi bera ábyrgðina á því að fjárveitingar eru í samræmi við þau lög sem Alþingi sjálft hefur sett. Embættismenn eru ekki kjörnir af almenningi, setja ekki lög og hafa því ekki það vald til að meta sjálfir hvernig fjármunum ríkissjóðs skuli varið. Þeim ber eingöngu að fara eftir lögunum ella sæta ábyrgð fyrir lögbrot. Fjárlög eru bindandi fyrirmæli sem ber að virða og eru æðri vilja ráðuneyta og forstöðumanna.

*Davíð er gjaldkeri SUS og Teitur er fyrsti varaformaður SUS.*





*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Runólfur Dagbjartsson (Dúddi múr)**

múrarameistari, Hraunbúðum, Vestmannaeyjum,

andaðist 19. maí síðastliðinn. Minningarathöfn verður haldin í Landakirkju í Vestmannaeyjum þriðjudaginn 3. júní kl. 13.00. Jarðsungið verður í Langholtskirkju í Reykjavík föstudaginn 6. júní kl. 13.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Kvenfélagið Líkn, Vestmannaeyjum.

**Ómar Runólfsson** — **Auður Eiríksdóttir**
**Margrét Runólfsdóttir** — **Sigurður Rafn Jóhannsson**
**Dagmar Svala Runólfsdóttir** — **Guðjón Sigurbergsson**
**Kristín Helga Runólfsdóttir** — **Ari Tryggvason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem hafa aðstoðað okkur og stutt vegna andláts og útfarar ástkærs sonar okkar, bróður og mágs,*

**Hugins Heiðars Guðmundssonar**

Greniteig 49, Keflavík.

Þakkir færum við öllu starfsfólki Barnaspítala Hringsins og gjörgæsludeildarinnar við Hringbraut. Þá sendum við öllum þeim sem hafa aðstoðað okkur og stutt í veikindum Hugins og gert okkur kleift að einbeita okkur að lífi hans og baráttu, kærar þakkir. Án ykkar hefði þetta orðið svo miklu erfiðara.

**Guðmundur Guðbergsson** — **Fjóla Ævarsdóttir**
**Natan Freyr Guðmundsson** — **Sóley Ásgeirsdóttir**
**Hafrún Eva Kristjánsdóttir**
**Guðjón Örn Kristjánsson**
**Ásdís Rán Kristjánsdóttir.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir og amma,*

**Hulda Sylvía Jónsdóttir**

Kársnesbraut 93, Kópavogi,

sem lést fimmtudaginn 22. maí á Vífilsstöðum, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Eyþór Sigmundsson**
**Guðrún Helga Eyþórsdóttir**
**Þórey Huld Jónsdóttir**
**Vala Rún Jónsdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Marsibil Jónsdóttir**

Erluhrauni 11, Hafnarfirði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði 21. maí, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Þórir Sigurðsson**
**Sigrún Sigurðardóttir** — **Sigurjón Ingvarsson**
**Guðrún Sigurjónsdóttir** — **Peter Nilsen**
**Eygló Sigurjónsdóttir** — **Hilmar Már Ólafsson**
**Eyrún Sigurjónsdóttir** — **Anton Kjartansson**
**og langömmubörn.**




**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**
Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is




Þann 26. mars varð Elín 50 ára og þann 7. júní verður Einar Ingi 50 ára. Þau ætla að láta gefa sig saman þann 7. júní nk.

Í tilefni af því vilja þau bjóða ættingjum, vinum og samstarfsfélögum í gegnum tíðina að fagna með sér og þiggja léttar veitingar þann dag kl. 15.00 - 17.00 að Hafnargötu 17, við hlið Íþróttamiðstöðvarinnar í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 555-0936, 895-0936 eða ellahelga@simnet.is



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ingvar Guðjónsson**

frá Eiríksbakka, Biskupstungum, til heimilis að Skaftahlíð 4, Reykjavík,

lést laugardaginn 17. maí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 30. maí kl. 15.00.

**Fjóla H. Halldórsdóttir**
**Hafdís Ingvarsdóttir** — **Hilmar Bjarnason**
**Ingvar Örn Hilmarsson**
**Svana Fjóla Hilmarsdóttir**
**Birna Svanhvít Hilmarsdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hannes Sigurgeirsson**

húsasmiður, Hveragerði,

lést þriðjudaginn 20. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðrún Magnúsdóttir**
**Magnús Haukur Hannesson** — **Hrönn Þorsteins**
**Þorvaldur Hannesson** — **Ingveldur Sigurðardóttir**
**Inga Lóa Hannesdóttir**
**Emil Fannar, Hannes, Móeiður og Magnús Þór.**



*Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Friðriks Friðrikssonar**

Bárustíg 7, Sauðárkróki.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar V og III á Hjúkrunarheimili Skagfirðinga fyrir góða umönnun.

**Stefán Friðriksson** — **Gunnhildur Vilhjálmsdóttir**
**Sólbrún Friðriksdóttir** — **Jón Árnason**
**Friðrik G. Friðriksson**
**Guðni Friðriksson** — **Valgerður Einarsdóttir**
**Erna Flóventsdóttir** — **Valgarður Jónsson**
**og afabörnin.**


**Legsteinar**
**í miklu úrvali**



REIN
**Steinsmiðja**
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is




**JOHN F. KENNEDY, 35. FORSETI BANDARÍKJANNA.**

*„Fyrirgefið óvinum ykkar, en gleymið aldrei nöfnum þeirra."*

***Kennedy Bandaríkjaforseti naut mikilla vinsælda en var skotinn til bana í Dallas árið 1963.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**METNAÐARFULLAR** Vox Femine vilja að fleiri verk verði útsett fyrir kvennakóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## VOX FEMINAE: 15 ÁRA STARFSAFMÆLI

# Sérstakt ár

„Kórinn var stofnaður af konum sem sungu í Kvennakór Reykjavíkur. Nokkrar okkar vildu syngja meira og út frá því var Vox Feminae-kórinn stofnaður," segir Sigríður Anna Ellerup, sem hefur verið formaður kórsins frá 2006.

Kórinn var stofnaður árið 1993 og starfaði undir hatti Kvennakórsins til ársins 2000.

„Stofnandi kórsins, Margrét Pálmadóttir, lét sig dreyma um að til væri á Íslandi sönghús fyrir söngkonur- og stúlkur og það hefur tekist," segir Sigríður brosandi.

Vox Feminae hefur gefið út þrjá geisladiska sem innihalda trúarlega tónlist og íslensk þjóðlög. Sá fyrsti kom út árið 2000 og heitir „Mamma geymir gullin þín" og er með íslenskum þjóðlegum og söngljóðum. Árið 2003 kom síðan út „Himnadrottning" og árið 2006 „Ave María".

„Meðal markmiða í kórnum er að taka íslensk ættjarðarlög, en það sem stendur í vegi er hve lítið af þeim hefur verið útsett fyrir kvenraddir. Hins vegar er þetta framtíðarverkefni og okkur langar að láta útsetja fyrir okkur og stóra hljómsveit," útskýrir Sigríður Anna.

Vox Feminae-kórinn kemur mikið fram á tónleikum en syngur auk þess í jarðarförum, afmælum og árshátíðum. Árið í ár hefur verið mjög sérstakt að sögn Sigríðar og aðallega vegna fimmtán ára afmæli kórsins.

„Við létum semja fyrir okkur mjög stórt verk við ljóð sem fjallar um þjáningar Maríu við krossfestingu sonar síns. Verkið tekur fjórtíu mínútur í flutningi og er lengsta verk sem samið hefur verið fyrir kvennakór í aðalhlutverki, eftir okkar bestu vitund. Verkið var flutt í dymbilviku við hátíðlega athöfn um síðustu páska og gekk mjög vel. Kórinn var gríðarlega ánægður enda mjög gaman að taka þátt í svona metnaðarfullu verkefni," segir Sigríður sem segir kórinn ætla að ráðast í útgáfu á sögu- og ljósmyndabók.

„Bókin á að vera söguleg heimild um íslenskan kvennakór sem var stofnaður í lok tuttugustu aldar. Einnig mun hún endurspegla litróf þeirra kvenna sem starfa með kórnum og hafa söng að sínu helsta áhugamáli og geisladiskur fylgir bókinni sem kemur út í nóvember á þessu ári," segir Sigríður. Allar upplýsingar á www.domusvox.is.

**mikael@frettabladid.is**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Júlíusar Guðlaugssonar**

Efra Hofi, Garði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

**Ellen Einarsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Sérfræðingur frá Auping verður í verslun okkar **á morgun föstudag kl. 9-18 og laugardag kl. 10-16** og veitir faglegar ráðleggingar um val á rúmum. Verið velkomin.

auping

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

# 20% AFSLÁTTUR

## AF RÚMUM FRÁ AUPING

## FÖSTUDAG OG LAUGARDAG







## Blómakassar

Rose, 51 x 51 sm
604005
**3.590**

Rose, 60 x 60 sm
604000
**4.190**

Platio, 40 x 40 sm
604024
**2.470**

Platio, 74 x 40 sm
604023
**2.990**



Húsasmiðjublaðið **er komið út**

# FRÁBÆR TILBOÐ

## HÚSASMIÐJUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT



**Stjúpur 10 stk.**
**599**



**11.899**

**Háþrýstidæla**
Nilfisk/Alto, 110 bör, 440 ltr/min
sáputankur, túrbóbyssa, 5 m slanga.
5254255



**Sýpris**
**999**







# Pallaefni

## Gagnvarin fura

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21 x 95 mm, 0,9 - 4,5 m 621601 | **139** kr/m | 98 x 98mm 698600 | **499** kr/m |
| 28 x 95 mm 628601 | **186** kr/m | 48 x 98 mm 648600 | **264** kr/m |



**Barnahús**
2,69 m2
600230
**134.000**

**Sandkassi**
m/loki
600249
**9.990**

Olíubundið, hálfgegnsætt, matt viðarvarnarefni á bæði heflaðan og óheflaðan við utanhúss svo sem klæðningar, glugga, girðingar o.fl. Vatnsfælið en hleypir þó raka út úr viðnum og þolir útfjólubláa geislun. Efnið er sveigjanlegt, með mjög góða viðloðun sem vinnur gegn flögnun og sprungumyndun sem oft gerir vart við sig í hefðbundnum viðarvarnarefnum. Vatnsþynnanlegt og fljótt að þorna.
**Ekki ætlað á lárétta fleti.**

## Hálfgegnsæ viðarvörn

**Gori 44+**
0,75 ltr.
7042500-510
**1.299** ~~1.599~~

**Gori 44+**
5 ltr.
7042520-530
**6.699** ~~7.995~~




## Útimálning

Utanhússmálning á steinsteypta fleti, alkalíþolin með gott veðrunarþol, gljástig 5




3 ltr
7207020-6
**2.799** ~~3.395~~

10 ltr
7207040
**5.490** ~~8.995~~

**25.990**



**Sláttuvél, Mega**
4 Hp, 50 sm sláttubreidd, 50 ltr safnari, miðstýrð hæðarstilling.
5085239



**Vermireitur**
140 x 70 sm
604205
**9.990**

**Upphækkun**
604206
**3.990**

**Vermireitur**
70 x 70 sm
604207
**5.990**

## Worx

**Orf og hekkklippur saman í setti**
**engin snúra!**

18V, 2 rafhlöður.
Hleðslutími 1 klst, veggfesting
5083700
**19.995**



HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

15. MAÍ - 5. JÚNÍ
2008
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL



Í kvöld & annað kvöld

Ferð án fyrirheits - örfá sæti laus í kvöld!

TÓNLEIKAR TILEINKAÐIR STEINI STEINARR

Í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Steins Steinarrs flytja Jón Ólafsson og fleiri framúrskarandi tónlistarmenn gömul og ný lög við ljóð skáldsins.

ÍSLENSKA ÓPERAN 29. & 30. MAÍ KL. 20.00 | MIÐAVERÐ: 3.900

ÍSAFJÖRÐUR; EDINBORGARHÚSIÐ 4. JÚNÍ / AKUREYRARKIRKJA 12. JÚNÍ / ESKIFJÖRÐUR; KIRKJU- & MENNINGARMIÐSTÖÐIN 19. JÚNÍ

Dillandi afrískt gumbé

SUPER MAMA DJOMBO FRÁ GÍNEU-BISSÁ

Vinsælasta hljómsveit V-Afríku flytur nýja tónlist sína í fyrsta sinn utan heimalands síns. Afríkudansveisla af bestu gerð.

„HIN SANNA TÓNLIST. 10 AF 10 FYRIR SUPER MAMA DJOMBO.“

- ARNAR EGGERT THORODDSEN UM NÝJA PLÖTU SMD Í POPPLANDI Á RÁS 2

NASA, AUSTURVELLI 30. & 31. MAÍ KL. 22.00 | MIÐAVERÐ: 3.000



Annað kvöld & laugardag



Á sunnudag

Ein glæsilegasta söngdíva heims!

EINSÖNGSTÓNLEIKAR DENYCE GRAVES MESSÓSÓPRAN - MÖGNUÐ EFNISSKRÁ

„HÚN ER NÆSTUM OF GÓÐ TIL AÐ ÞAÐ GETI VERIÐ SATT; EINSTAKUR LISTAMAÐUR, FÖGUR KONA, KONUNGLEG FRAMKOMA.“

- WASHINGTON POST

HÁSKÓLABÍÓ 1. JÚNÍ KL. 20.00

MIÐAVERÐ: 6.800 / 6.200



Litið um öxl á ferli eins virtasta tónskálds Íslands

AFMÆLISTÓNLEIKAR TILEINKAÐIR ÞORKELI SIGURBJÖRNSSYNI

Fram koma þau Sigurbjörn Bernharðsson, fiðluleikari sem er frændi tónskáldsins og meðlimur Pacifica-kvartettsins og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari.

ÍSLENSKA ÓPERAN 4. JÚNÍ | MIÐAVERÐ: 3.000

LAUGARBORG, HRAFNAGILI 5. JÚNÍ. MIÐASALA Í LAUGARBORG.

Miðasala á listahatid.is & midi.is

Á vef Listahátíðar færðu nánari upplýsingar um alla viðburði, þar með talið þær fjölmörgu myndlistarsýningar sem eru á hátíðinni.

Miðasala fer einnig fram í síma 552 8588 alla virka daga frá kl. 10-14.

Bakgrunnsmynd: Roger Hiorns / Object - a manipulated growth. © 2007 Serpentine Gallery. Ljósmynd: Alastair Fyfe.

KAUPÞING ICELANDAIR SAMSKIP Radisson SAS

# STUÐ MILLI STRÍÐA Efnishyggjan hvarf

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** TJÁIR SIG Í KREPPUNNI



Að undanförnu hefur maður ekki komist hjá því að vita að nú ríkir kreppa. Ekki heyrast lengur fréttir um methagnaði eða rándýrar árshátíðir stórfyrirtækja. Ástandið var orðið þannig að hægt var að búast við öllu þegar talað var um viðskiptalífið á Íslandi. Margir drifu sig í viðskiptalega tengt nám því allir ætluðu að verða ríkir og það strax. Enginn var maður með mönnum nema vera viðskiptamaður sem þráði ríkidæmi ofar öllu. Ég lenti á spjalli við ókunnugt fólk sem var að læra viðskipti og það hló að mér þegar ég sagðist vera að læra kennarafræði í Kennaraháskóla Íslands. Svo var ég spurður hvernig í ósköpunum ég ætlaði að lifa á þessum lúsarlaunum sem kennarastarfinu fylgir. „Þú verður seint ríkur á þessu drengur,“ var setning sem verðandi hvítflibbar sögðu við mig stoltir.

Efnishyggjan var orðin slík hér á landi að fólk var farið að sýna kynferðislega hegðun þegar talað var um mikla peninga og völd. Allir vildu verða ríkir og þá helst ríkari en allir hinir. En ég vil nú ekki alhæfa og segja að allir viðskiptamenn séu svona slæmir í efnishyggjunni en margir eru það og þá meina ég mjög margir. En allt sem fer upp kemur niður aftur, svo mikið er víst. Nú er allt á niðurleið nema bensínið sem er á stanslausri uppleið. Allir verða pirraðir og hundruðum viðskiptafræðinga er sagt upp í hinum og þessum stórfyrirtækjum. Fjölmargir verða svo pirraðir og í raun allt samfélagið, ríkir sem og fátækir.

Nýjasta dæmið er 10-11 löggan sem sýndi með miklum tilþrifum pirring með frjálsri aðferð. Pirringurinn á bara eftir að eflast og fleirum verður sagt upp þangað til einn góðan veðurdag að allt fer upp á ný. Allir atvinnulausu viðskiptafræðingarnir fá vinnu á ný og allir keppast við að verða ríkari en allir hinir. Á meðan allt er í lægð hefur efnishyggjan horfið en hún kemur alltaf aftur. Þangað til ætla ég að brosa framan í atvinnulausu hvítflibbana. Svo hugsa ég til þess að geta alltaf fengið vinnu sem kennari. Líka þegar það er kreppa!

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Tilvalið á grillið




**899** kr/kg. áður 1.198 kr/kg.
Goða lambalæri - Frosið




**254** kr/stk. áður 339 kr/stk.
Sacla bruschettin




**1.945** kr/kg. áður 2.778 kr/kg.
Goða roastbeef - kryddað




**965** kr/kg. áður 1.379 kr/kg.
Goða lambahryggur- Frosinn




**251** kr/pk. áður 359 kr/pk.
Weetos heilhveitihringir - 375 gr.




**479** kr/stk. áður 599 kr/stk.
Ben & Jerry´s ís




**89** kr/stk. áður 179 kr/stk.
Fanta - 2 ltr.

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 29. maí til 1. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Sparaðu með Brimborg
## Ný rekstrarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

# Í dag. Þú get bílnum efti

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

**Bílafrelsi Brimborgar 12-24.**

# Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi

Tilboð. Rekstrarleiga 71.581 kr. á mánuði.

**Volvo V50 SE m/leðri**
2,4i 140 hö 220 Nm sjálfskiptur Station
$CO_2$ losun 217 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 4.563.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 71.581 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 667.141 kr.
4 bílar á þessu tilboði.




Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 30.658 kr. á mánuði.

**Ford Fiesta Trend**
1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
$CO_2$ losun 154 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,4 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 1.990.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 30.658 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 273.698 kr.
4 bílar á þessu tilboði.




Hringdu núna í síma 515-7000

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

## Bensínverðvernd Brimborgar




# urskilað r 12 mánuði!

**Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.**

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

# Brimborgar á nýjum bílum:

## Tilboð. Rekstrarleiga 34.977 kr. á mánuði.

**Mazda3 Touring**

1,6i 105 hö 145 Nm 5 gíra 5 dyra
$CO_2$ losun 172 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,2 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 2.590.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 34.977 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 354.910 kr.
8 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

## Tilboð. Rekstrarleiga 59.500 kr. á mánuði.

**Citroën C5 Exclusive II**

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur 5 dyra
$CO_2$ losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,6 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.250.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 59.500 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 464.768 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Lántökukostnaður eru vextir og stofngjöld vegna rekstrarleigu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**Kl. 21**

*Djasshljómsveitin Svalbarði kemur fram á tónleikum djassklúbbsins Múlans á Domo, Þingholtsstræti 5, í kvöld kl. 21. Róbert Þórhallsson bassaleikari leiðir þá hljómsveitina, skipaða einvala liði tónlistarmanna, í magnaðri funk-djass-veislu. Aðgangseyrir á tónleikana er 1.000 kr., en námsmenn fá þó aðgang á 500 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Borðað í nútímanum

„Hvað er í matinn?“ Þessi spurning heyrist daglega á flestum heimilum þjóðarinnar og því er löngu kominn tími til þess að rannsaka inntak hennar rækilega. Það gerir Minjasafnið á Akureyri einmitt með sýningu sem þar opnar á laugardag og fjallar um breytingar á matarmenningu kaupstaðarbúa Íslands síðan á 19. öld. Fjölbreytni í matargerð hefur mikið aukist, sérlega á nýliðnum árum, þó enn eimi eftir af matarhefðum forfeðranna. Í sýningu Minjasafnsins er gefin innsýn í íslensk eldhús með nokkurra áratuga millibili. Þannig er fyrst skyggnst inn í hlóðaeldhús þar sem litlar breytingar urðu í úrvali og eldun matar svo öldum skipti. Næst er litast um í kokkhúsi frá um 1900, en þá er kolavélin komin til sögunnar og heimilisfólk neytir matar af diskum með hnífapörum í stað þess að borða úr aski í baðstofu. Í eldhúsi frá um 1950 er úrval rafmagnstækja komið til að létta lífið. Loks er eldhús frá um 1970; þá örlar á þeirri alþjóðlegu matarmenningu sem Íslendingar tileinkuðu sér síðar. Hakk og spaghettí varð vinsæll matur um þetta leyti og kjúklingur og franskar þóttu algjör lúxusfæða. Í tengslum við sýninguna safnar Minjasafnið á Akureyri munum tengdum matarhefð og eldhúsum. Starfsfólk safnins hvetur því gesti til að koma með slíka muni um leið og það skoðar sýninguna þar sem að ávallt má bæta áhugaverðum hlutum við.

- vþ



**ELDAÐ Á GASI** Rósa Sveinbjarnardóttir stendur við fyrstu gaseldavélina í Hleiðagarði í Saurbæjarhreppi.

### > Ekki missa af …

Tónleikum Camerarctica í Fríkirkju Hafnarfjarðar í kvöld kl. 21 sem leikur eina af perlum tónskáldsins W.A. Mozarts, Klarínettukvintettinn, auk verka í léttklassískum stíl eftir samtímamenn hans. Aðgangur að þeim er ókeypis í boði Hafnarfjarðarbæjar.

- vþ



# Ljósmyndir sem spanna hundrað ár

Öld er liðin frá því að hinn huggulegi bær Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi. Af því tilefni verður opnuð í kvöld kl. 20 sýning í Hafnarborg, menningar- og listastofnun bæjarins, á 200 ljósmyndum frá Byggðasafni Hafnarfjarðar sem spanna sögu kaupstaðarins. Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðar, og Björn Pétursson, forstöðumaður Byggðasafnsins, segja nokkur orð á opnuninni, en þau eru höfundar bókarinnar Hundrað sem kemur út í tilefni afmælisins. Bókin er samansafn texta og myndabrota úr langri og merkilegri sögu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Brotin geta staðið ein og sér, en saman mynda þau örsögur úr bæjarlífinu.

- vþ



**LITIÐ UM ÖXL** Hafnarfjörður árið 1908.



**TÓNLIST** Hluti af sveit Jóns Ólafssonar sem kemur fram í kvöld.

MYND: LISTAHÁTÍÐ

# Ferð án fyrirheits

**Söngvaskáld hafa lengi nýtt sér kvæði Steins Steinarr við lagasmíðar. Í kvöld verður hnykkur á ferð Jóns Ólafssonar tónlistarmanns þegar fyrri tónleikar af tveimur helgaðir lögum við ljóð Steins verða í Gamla bíói – Íslensku óperunni – á vegum Listahátíðar í Reykjavík. Vænn hópur tónlistarmanna kemur fram í kvöld. Ellefu verða á sviði og flytja þar bæði eldri og nýjar tónsmíðar við fjölda ljóða Steins.**

Bæði Jón og Steinn eru upprunnir úr Djúpinu. Hefur Jón lengi haft dálæti á ljóðum Steins og fiktað við að finna þeim lagboða, rétt eins og aðrir samtímamenn, Magnús Eiríksson, Bergþóra Árnadóttur, Ragnar Bjarnason, Megas og Hörður Torfason, svo nokkrir séu nefndir. Má fullyrða að ljóð Steins hafi mörg hver fengið vængi fyrir tilstuðlan yngri tónskálda úr dægurlagaiðnaðinum. Nú bæta Jón Ólafsson og Sigurður Bjóla nýjum söngvum í það safn. Flytjendur og túlkendur laga í kvöld og annað kvöld eru systkinin Ellen og Kristján Kristjánsbörn, Helgi Björnsson, Hildur Vala Einarsdóttir, Svavar Knútur í Hrauni og Þorsteinn Einarsson úr Hjálmum.

Undirleik annast Jón, Guðmundur Pétursson, Helgi Svavar Helgason, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson, Hrafnkell Orri Egilsson og Una Sveinbjarnardóttir. Verkefnið er styrkt af Glitni, Baugi og VÍS og mun væntanleg hljómplata með hluta af efninu sem flutt verður í kvöld.

Samstarf Jóns og Sigurðar Bjólu á sér nokkra sögu: Bjólan tók upp nokkrar af plötum Nýdanskrar og fylgdi þeim félögum upp í Þjóðleikhús í Gauragangi. „Og varð þar eftir,“ segir Jón en Sigurður hefur unnið þar síðan í hljóðdeild. Aftur lágu leiðir þeirra saman þegar Baltasar Kormákur fékk Sigurð til að gera tónlist við Brúðgumann og kom Jón líka að þeirri vinnu. Þeir eiga um helming af efninu sem flutt verður í Gamla bíói, en hitt er sótt í smiðju eldri höfunda.

Jón er ánægður með dagskrá kvöldsins. Hann mun þar leika í fyrsta sinn á nýjan Hammond sem hann er búinn að fá sér og gefur það ugglaust einhverja hugmynd um hvaða átt tónlistin stefnir við hólinn næstu kvöld.

pbb@frettabladid.is





„…fyrst á visir.is“

visir.is

…ég sá það á visir.is


# Glefsur úr lífi listamanna

Heimildarmyndin Steypa eftir þau Markús Andrésson og Ragnheiði Gestsdóttur verður sýnd í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í kvöld. Í myndinni er nokkrum íslenskum samtímalistamönnum fylgt eftir yfir tveggja ára tímabil.

Steypa var frumsýnd á Kvikmyndahátíð í Reykjavík í fyrra og hefur síðan þá ferðast á ýmsar kvikmyndahátíðir og verið vel tekið. Markús segir hvatann að gerð myndarinnar hafa verið sameiginlegan myndlistaráhuga leikstjóranna. „Við höfum bæði mikinn áhuga á myndlist; ég hef starfað sem sýningarstjóri og Ragnheiður er menntuð í sjónrænni mannfræði þar sem heimildarmyndagerð skipar veigamikinn sess. Því ákváðum við að gera mynd um unga íslenska listamenn og fylgja þeim eftir í dálítinn tíma. Þannig fjallar myndin ekki bara um samtímalist sem slíka heldur líka um ferlið að baki verkunum, umhverfi listamannanna og áhrifavalda þeirra. Einnig veltir myndin upp spurningum um hvort íslensk samtímalist sé á einhvern hátt séríslensk og hvernig hún passar inn í alþjóðlegt umhverfi.“

Listafólkið sem fylgt er eftir í myndinni eru þau Ásmundur Ásmundsson, Gabríela Friðriksdóttir, Margrét Blöndal, Huginn Arason, Unnar Auðarson, Gjörningaklúbburinn og Katrín Sigurðardóttir. „Vinnan í kringum myndina var að mestu leyti afar afslöppuð. Við leyfðum listamönnunum sjálfum dálítið að ráða för varðandi það hvernig þau vildu koma fram í myndinni, þannig að vinnan fór ekki fram eingöngu á okkar forsendum, þó svo að við værum svo að sjálfsögðu einráð yfir eftirvinnsluferlinu. En þetta var gríðarlega mikið af efni sem við söfnuðum og þurftum svo að klippa niður og myndin er því eðlilega nokkuð brotakennd og dettur inn í líf og starf listamannanna á mismunandi tímapunktum. Hún segir því ekki línulega sögu, en við ákváðum að vera ekkert að stressa okkur of mikið á samhengi; myndin heitir ekki Steypa að ástæðulausu,“ segir Markús og hlær. Sýningin hefst kl. 20 og er aðgangur ókeypis og öllum opinn.

- vþ



**GJÖRNINGAKLÚBBURINN** Þeir sem hafa áhuga á að kynnast starfsemi þessara framsækinu listakvenna frekar ættu að horfa á myndina Steypu í Hafnarhúsinu í kvöld.


MÁLVERKAUPPBOÐ

Í KVÖLD KL. 20:30

Á HILTON-NORDICA HÓTELI



Verkin sýnd í dag frá kl. 12 til 17

í Gallerí Borg

Skipholti 35, sími 511 7010




Það er alltaf mikilvægt að hlúa vel að húðinni og verja hana fyrir óæskilegum áhrifum úr umhverfinu. Sumarið er að ganga í garð með allri sinni dýrð og ætlum við hjá Marbert því að kynna fyrir þér hvernig best er að verja húðina á þessum yndislega tíma.

Sumarleg og falleg taska fylgir kaupum úr Marbert sólarlínunni.

Sérfræðingar Marbert verða á staðnum til að leiðbeina um val á sólavörum frá Marbert.










Gildir til 4. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > ENGIN FRAMHALDSMYND HJÁ MCGREGOR

Ewan McGregor hefur útilokað að hann muni taka að sér hlutverk í framhaldsmynd af Trainspotting sem skaut honum upp á stjörnuhimininn. „Mér fannst seinni bók Irvines Welsh ekki góð; hún virkaði á mig eins og framhald af myndinni en ekki bókinni."



# bíó

bio@frettabladid.is

# Beðmálin í borginni komin til Íslands

Í síðustu viku var það Indiana Jones handa karlpeningnum. En núna eru það þær Carrie Bradshaw, Miranda, Charlotte og Samantha sem eiga stóra sviðið í kvikmyndahúsum borgarinnar. Þessar fjórar konur hafa árum saman heillað sjónvarpsáhorfendur upp úr skónum í sjónvarpsþáttunum Sex and the City eða Beðmálum í borginni eins og RÚV þýddi heitið svo skemmtilega. Hafi konurnar farið með semingi á miðaldra fornleifafræðinginn má búast við svipuðum trega hjá karlpeningnum þegar húsfreyjan stingur upp á kvöldskemmtun það kvöldið.

Konurnar fjórar hafa lítið vitkast síðan aðdáendur þáttanna skildu við þær. Carrie er alveg jafnleitandi og óviss um stóru ástina í sínu lífi; ólíkindatólið Mr. Big. Miranda á í svipuðum vandamálum með ástarlífið og síðast, Charlotte hamast og hamast við að verða ólétt og Samantha er enn við sama heygarðshornið; táldregur táninga eins og Mrs. Robinson hér um árið. Áhorfendur fá að skyggnast inn í heim félagslífsins í New York og það hefur síður en svo dottið niður þrátt fyrir töluverða fjarveru Beðmáls-drottninganna.



**BEÐMÁLSSTÚLKURNAR** Þær Carrie, Miranda, Samantha og Charlotte hafa litlu gleymt síðan þær voru á skjánum og glíma enn við sömu vandamál.

# Stuttmyndaveisla í Kringlubíói

Blásið verður til mikillar veislu í kvöld í Kringlubíói en þá keppa fimmtán íslenskar stuttmyndir um aðalverðlaun Stuttmyndadaga. Aðstandendur hátíðarinnar kynntu kvöldið í umferðarmiðstöð BSÍ í gær og þar kom fram að yfir fjörutíu stuttmyndir hefðu borist þetta árið. Dómefndin, skipuð þeim Marteini Þórssyni, Gunnari Birni Guðmundssyni og Jóhanni Ævari Grímssyni, hafði því úr nægu að moða þegar kom að því að velja fimmtán stuttmyndir inn í keppnina.

Aðgangur í kvöld er ókeypis og hefst veislan klukkan sjö en verðlaunin verða veitt í lok kvöldsins.



**ÆRIÐ VERKEFNI** Þeir Marteinn Þórsson, Gunnar Björn og Jóhann Ævar þurftu að velja úr fjörutíu stuttmyndum og eru hér ásamt leikstjórum stuttmyndanna fimmtán.

## HINAR ÚTVÖLDU FIMMTÁN

**Friðardúfan**
*Leikstjórn: Grímur Jón Sigurðsson*
**Post it**
*Leikstjórn: Hlynur Pálmason*
**Reflections**
*Leikstjórn: Gísli Darri Halldórsson*
**Kassinn**
*Leikstjórn: Halldór Halldórsson og Helgi Jóhannsson*
**Monsieur Hyde**
*Leikstjórn: Vera Sölvadóttir*
**Hux**
*Leikstjórn: Arnar M. Brynjarsson*
**Uniform Sierra**
*Leikstjórn: Sigríður Soffía Níelsdóttir*
**The Bird Watcher**
*Leikstjórn: K. Newman*
**Miska**
*Leikstjórn: Grímur Örn Þórðarson*
**Lion King and Vodka**
*Leikstjórn: Sandra Guðrún Guðmundsdóttir*
**Smásaga:**
*Leikstjórn: Magnús Unnar*
**Fullkominn**
*Leikstjórn: Baldvin Kári Sveinbjörnsson*
**Morgunmatur**
*Leikstjórn: Leó Ásgeirsson*
**Ties**
*Leikstjórn: Baldvin Kári Sveinbjörnsson*
**Lumpy Diversity:**
*Leikstjórn: Anna Hallin*


Sumar-Dansnámskeið



Ballett, Modern, Jazz !
Tveggja vikna dansnámskeið hefst 16.júní



14 og eldri, kennari: Kári Freyr Björnsson

11-13 ára, kennari: Riina Turunen



Ballettskóli Guðbjargar Björgvins, Eiðistorgi
Sími: 562-0091 & 695-0399 email:gbballett@simnet.is


# Schindler er mesta hetjan

**Hetjur, af öllum stærðum og gerðum, eru og verða vinsælt umfjöllunarefni kvikmyndamanna í Hollywood. CNN tók saman tíu mestu hetjurnar í kvikmyndasögunni og þar trónir á toppnum óvæntur sigurvegari. Tvær konur eru á listanum.**



**RÉTTLÁTUR OG GÓÐUR** Atticus Finch og frammistaða Gregory Peck situr lengi eftir og hann er „elsta" hetja hvíta tjaldsins á lista CNN.

Athygli vekur að engin ofurhetja á sæti á lista CNN yfir tíu mestu hetjur kvikmyndasögunnar. Sem sagt enginn Superman, Batman eða Spiderman. Enda hafa þessar fígúrur svo sem gefið út yfirlýsingar þess efnis að þær séu hetjur sem standa í ströngu daginn inn og út og hafa í raun ekkert annað fyrir stafni en að vera hetjur. John McClane í líki Bruce Willis er ekki heldur á lista þótt hann hafi í fjórgang bjargað Bandaríkjunum frá stórslysi.

**Bond og Indiana**

Listi CNN er fyrir margra sakir mjög merkilegur. Þar má finna James Bond í níunda sæti fyrir hetjudáðir sínar í Dr. No. Í umsögn CNN segir að fáir ef einhverjir hafi jafn lítið fyrir því að skella sér í blautbúning, bjarga heiminum og koma sér síðan aftur í smóking, allt á mettíma. Auk þess að fara alltaf heim með sætustu stelpunni af ballinu.

Ef marka má fréttir síðustu vikna þá er ljóst að Jodie Foster vill líka fara heim með sætustu stelpunni af ballinu en það er svo sem önnur saga. Persóna hennar, Clarice Sterling, sem eltist við Buffalo Bill og Hannibal Lecter í Silence of the Lambs þykir hafa sýnt af sér fádæma hugrekki í baráttunni við kolgeðveika raðmorðingja. Meðal annarra sem skipa sér í sjö neðstu sætin má nefna hinn hefnigjarna Jason Bourne í meðförum Matts Damon og þá félaga Indiana Jones og Dirty Harry þótt meðöl þeirra og aðferðir eigi kannski ekki margt sameiginlegt og fjársjóðir þeirra ólíkir.

Tíunda sætið er hins vegar öruggt í höndunum á Neo sem reif niður veggi Matrix-forritsins í fyrstu kvikmyndinni. Ef Wachowski-bræðurnir Andy og Larry hefðu ekki verið svona vitlausir þá væri Neo eflaust ofar á lista en framhaldsmyndirnar tvær eru einfaldlega svo vondar að Neo og Keanu Reeves geta unað sáttir við sitt.

**Kona meðal þriggja efstu**

Topp þrjú sætin koma eflaust mörgum kvikmyndaáhugamanninum á óvart. Enda væru sennilega margir búnir að gera sér upp fyrirfram ákveðna skoðun á því að einhver ofurhetjan ætti nafnbótina skilið fyrir fórnfúst starf í dulargervi. En svo er nú aldeilis ekki. Í þriðja sætinu situr geimfarinn Ellen Ripley, einhver mesta kvenhetja kvikmyndasögunnar sem slökkti allar vonir geimvera um að ná yfirráðum yfir mannkyninu með hinni ódauðlegu setningu: „Get a away from her, you bitch." Sigourney Weaver tók með þessu hlutverki sínu af allan vafa að hún væri fremst meðal jafningja á níunda áratugnum en því miður hefur Weaver, líkt og svo margar konur í Hollywood, mátt þola öll þau innihaldsrýru hlutverk sem til eru handa miðaldra konum og nær sér í salt í grautinn með fremur lélegum myndum.

Annað sætið er frátekið af sjálfum Atticus Finch, lögfræðinginum réttsýna, sem neitaði að hlusta á háværa meirihlutann og varði svarta manninn, sem múgurinn vildi hengja án dóms og laga. Þessi aðalpersóna myndarinnar To Kill a Mockingbird í meðförum Gregory Peck er einhver áhrifamesta persóna kvikmyndasögunnar og ósjaldan er vitnað til afreka Finch í öðrum bíómyndum sem fæstar komast þó með tærnar þar sem meistaraverk Roberts Mulligan hefur hælana.

Sigurvegari þessarar kosningar CNN er hins vegar verksmiðjueigandinn Oscar Schindler úr magnaðri kvikmynd Stevens Spielberg, Schindler's List. Liam Neeson er hreint út sagt magnaður í hlutverki Schindlers sem sér að þriðja ríkið er bæði ómannúðlegt og dýrslegt og leggur sig í mikla hættu til að koma í veg fyrir að þúsundir gyðinga verði sendir í útrýmingarbúðir nasista. Þrátt fyrir að Schindler hafi verið drykkfelldur stríðsmangari sem var veikur fyrir konum og háum fjárhæðum þá lét hann lesti sína ekki aftra því að gera allt sem í hans valdi stæði til að láta ekki starfsfólk sitt lenda í höndunum a nasistunum.



**MESTA HETJAN** Liam Neeson hefur sennilega ekki búist við því að Oscar Schindler yrði valin mesta hetja kvikmyndasögunnar

**MESTA KVENHETJAN** Ellen Ripley er mesta kvenhetja kvikmyndasögunnar samkvæmt óvísindalegum lista CNN. Hún skýtur Indiana Jones, James Bond og Jason Bourne ref fyrir rass.

# LOTR snúa aftur

Allt útlit er fyrir að þeir Viggo Mortensen, Andy Serkis og Ian McKellen endurtaki hlutverk sín frá hinum vinsæla þríleik Peters Jackson eftir Hringadróttinssögu Tolkiens. Nú stendur fyrir dyrum að gera tvær kvikmyndir, eina eftir Hobbitanum, og eina sem tengir saman Hobbitann og Hringadróttinssögu. Mortensen mun væntanlega bara koma fram í seinni myndinni því eins og kunnugt er þá kemur persóna hans, Aragorn, ekki fyrir í Hobbitanum. Mexíkóski leikstjórinn Guillermo del Toro heldur um stjórnartaumana. Peter Jackson er að sjálfsögðu í framleiðendateyminu og nú er verið að leggja lokahönd á handritin.

Þremenningarnir Mortensen, Serkis og McKellen voru ákaflega eftirminnilegir sem Aragorn, Gollum og Gandálfur og væntanlega eiga margir erfitt með að ímynda sér einhverja aðra í hlutverki þeirra.



**SNÝR AFTUR** Viggo Mortensen gæti snúið aftur í hlutverk Aragorns í Hobbita-kvikmyndum del Toro.




Allur hörfatnaður með 20% afslætti
dagana 29. maí til 1. júní!

NOA NOA®

Kringlunni · Sími 553 3536

**Fátt er...**

*...sumarlegra en að borða fersk kirsuber. Auk þess að vera unaðslega bragðgóð innihalda berin litarefnið antósýanín, en rannsóknir sýna að það dregur bæði úr sársauka og bólgum. Sem sagt: kirsuber eru bæði holl og góð!*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN INGIBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR, EINSÖNGVARI OG SÖNGKENNARI

# Borðaði humarpitsu á Höfn í Hornafirði



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Kjötsúpunnar hennar mömmu.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Hvítlaukshumarinn hans Andra, mannsins míns, sem er borinn fram með fersku salati og hvítvíni, til dæmis frá Chile. Andri hefur þetta „touch" til að halda humrinum safaríkum þegar hann eldar. Annars fæ ég hinar mestu veislumáltíðir hjá systkinum mínum sem eru allt listakokkar frá náttúrunnar hendi.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Slepjulegur fiskur. Ég get samt alveg hugsað mér skötusel og lúðu þótt þeir fiskar séu ófríðir ásýndar.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Eiginmaðurinn er leyndamálið því hann matreiðir hina girnilegustu rétti úr því sem er til í eldhússkápunum! En mitt hlutverk er að versla inn í eldhússkápana.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Ekta dökkt súkkulaði og mjólk.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, mjólk og meiri mjólk.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Lifrarpylsu, núðlur og súkkulaðikökuna hans Andra – allt orkurík fæða.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Humarpitsa hjá Óðni frænda á Hótel Höfn. Hún er alveg hrikalega góð, enda er landsfrægt að Hornfirðingar eiga besta humarinn. Svo er ekki verra að láta svo góðan kokk eins og Óðin móðurbróður minn elda ofan í sig svona gott hráefni.

# Grillsósan mikilvæga

Nú er grilltíminn runninn upp. Unaðsleg lykt af steiktu kjöti líður yfir bæi og búsældarlegur landinn stendur yfir teinunum. Góð grillsósa fylgir góðum grillmat eins og nótt fylgir degi. Það þarf enga snilldarkokka til að búa til góða grillsósu. Hér til hliðar er ein sú einfaldasta og önnur aðeins flóknari, en svo má bara prófa sig áfram eða hreinlega kaupa grillsósu úti í næstu búð, þar sem þær fást í miklu úrvali. Í guðanna bænum, gleymið bara ekki grillsósunni!

**EINFÖLD GRILLSÓSA**
**Hrærið saman:**
1 dós af sýrðum rjóma (tíu prósent)
2-3 msk. af Sharwood's mango chutney bengal spice.
Úr þessu fæst sósa sem er góð með öllum grillmat.

**FLÓKNARI GRILLSÓSA**
**Hráefni:**
½ rauðlaukur
3-5 sveppir
1/3 paprika
hvítlauksrif (pressað)
örlítið smjör
örlítill rjómi
½ dós rjómaostur með hvítlauk
½ dós rjómaostur með sólþurrkuðum tómötum
1 dós sýrður rjómi
sítróna



**GOTT KJÖT Á GRILLI** Enn betra með góðri grillsósu.

Aðferð: Skerið grænmetið mjög smátt niður og steikið upp úr smjörinu. Kryddið með smá salti og svörtum pipar. Hellið pínulitlum rjóma saman við. Bíðið þar til suðan kemur upp og setjið þá rjómaostinn út í og látið hann bráðna alveg.

Hrærið svo blöndunni saman við sýrða rjóman og endið svo á að kreista sítrónusafa út í eftir smekk.

# Guacamole með öllum mat

**Svavar Knútur Kristinsson segist vera alæta á mat. Hann hefur þó ekki mikinn tíma fyrir eldamennsku.**

„Ég er svo mikið á þeytingi að ég hef sjaldan tíma til að elda. Það er samt eitt það skemmtilegasta sem ég geri og þegar ég hef tíma til reyni ég að gera eitthvað gott og hafa það notalegt heima hjá mér," segir tónlistarmaðurinn og heimspekingurinn Svavar Knútur Kristinsson sem hefur heldur betur í mörgu að snúast þessa dagana. „Ég er búinn að vera að undirbúa mig undir Steins Steinarr-tónleikana sem verða í Íslensku óperunni í kvöld og annað kvöld á dagskrá Listahátíðar og svo erum við í hljómsveitinni minni, Hraun, að gefa út plötu 10. júní og undirbúa útgáfutónleika," segir Svavar Knútur sem vinnur einnig fullt starf sem frístundaráðgjafi.

Spurður um hvaða matur sé í uppáhaldi segist Svavar ekki vera mikið fyrir flókinn mat. „Ég er alinn upp í sveit í Skagafirði og þar var alltaf mjög hefðbundinn íslenskur heimilismatur, eins og grjónagrautur, slátur, ýsa og soðnar kartöflur. Ég er í raun mikil alæta og alls ekki mikið fyrir „fancy" mat, en þegar ég elda ræðst ég í það af áfergju og nota oft mikið af grænmeti og fersku hráefni."

„Mér finnst guacamole alveg æðislegt og er gjarn á að hafa það með öllu sem ég elda. Vinir mínir kalla mig „guacamole-kónginn" því ég borða það með öllum mat, enda finnst mér það virka með bæði með fisk og kjöti. Það er svo ferskt og suðrænt," segir Svavar en bendir jafnframt á hversu erfitt það sé að fá mátulega þroskað avocado í matvöruverslunum hérlendis. „Ég skora bara á íslenskar matvörubúðir að fara að hugsa sinn gang hvað varðar ferskleika á grænmeti. Mér finnst skrítið að maður skuli helst finna mátulega þroskað avocado í Bónus, en yfirleitt þarf maður að láta það standa á borði í viku áður en það er tilbúið til matreiðslu," segir Svavar sem gaf okkur uppskrift að sínu heimatilbúna guacamole. „Ég geri þetta alltaf eftir tilfinningunni, enda á uppskrift bara að vera beinagrind." alma@frettabladid.is



**AVOCADO ÞARF AÐ VERA MÁTULEGA ÞROSKAÐ** Svavar Knútur segir að það geti verið erfitt að fá avocado í matvöruverslunum, sem er tilbúið til matreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GUACAMOLE AÐ HÆTTI SVAVARS KNÚTS**
**Fyrir fjóra**
2 avocado – þroskuð
8 kirsuberjatómatar
1 vænn rauðlaukur
1 rautt chilli (til að gefa smá ferskleika)
safi úr einu lime og/eða sítrónu
góður hnefi af fersku kóríander
ferskur hvítlaukur og engifer eftir smekk
Maldon-salt og pipar eftir smekk

Avocado afhýdd og stöppuð eins og kartöflumús. Tómatar og laukur skornir í miðlungsstóra bita og chilli fínt saxað. Öllu blandað saman og kóríander tætt út í með höndunum. Lime og/eða sítróna kreist yfir. Hrært saman. Hvítlaukur, engifer, salt og pipar sett út í eftir smekk.

Dagur án tóbaks 2008
Tóbakslaus framtíð
Í tilefni af alþjóðlega tóbakslausa deginum býður Lýðheilsustöð til málþings á Grand hóteli föstudaginn 30. maí kl. 8:15-10

Á þinginu mun heilbrigðisráðherra afhenda þeim viðurkenningu sem þykja hafa skarað fram úr í tóbaksvörnum og tóbaksmeðferð á Íslandi.




DAGSKRÁ
Ávarp heilbrigðisráðherra
Guðlaugur Þór Þórðarson
Staða tóbaksvarna á Íslandi
Þórólfur Þórlindsson, forstjóri Lýðheilsustöðvar
Heilbrigðisstarfsfólk og tóbaksmeðferð
Guðrún Árný Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Reyksímans
Afhending viðurkenninga
Guðlaugur Þór Þórðarson
Hlé -Morgunverðarhlaðborð
Dagskrá eftir hlé
Kristín Hulda Guðmundsdóttir, markaðsstjóri frá Samtökum verslunarinnar
Lilja Dögg Jónsdóttir, nemi í Kvennaskólanum í Reykjavík
Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar
Fundarstjóri: Bára Sigurjónsdóttir
LÝÐHEILSUSTÖÐ
Lýðheilsustöð/Hugtök Maí 08.



**GOSDRYKKJATEGUNDIR SKIPTA ÞÚSUNDUM Í HEIMINUM** En hér fást 57 tegundir. Áhugaleysi eða sóknarfæri?

# Fátæklegt drykkjarúrval

Í nýrri skýrslu viðskiptaráðuneytisins, „Ný sókn í neytendamálum", eru ýmsar merkilegar niðurstöður. Þrátt fyrir smæð og einangrun er Ísland ekki aftarlega á merinni miðað við hin Norðurlöndin og Frakkland í fjölbreytileika vöruúrvals. Við stöndumst þeim snúning í úrvali á mjólkur- og kjötvörum, en erum reyndar langt á eftir á einu sviði: Í úrvali á drykkjarvörum. Samkvæmt skýrslunni bjóðast okkur 57 tegundir af drykkjum á meðan í Noregi eru 71 tegundir í boði og allt upp í 142 tegundir af drykkjum í Frakklandi.

Annaðhvort eru Íslendingar svona íhaldssamir og áhugalausir um nýjar drykkjarvörur, eða að hér eru gríðarleg sóknarfæri í nýjum drykkjum. Heimurinn er fullur af alls konar gosdrykkjum. Hvað með steinabláberja-rjómasóda, kaffikóla, rótarbjór eða engiferöl? Möguleikarnir eru endalausir. Nú er bara að sjá hvort fátæklega íslenska úrvalið tekur stakkaskiptum – eða ekki.

KJARNAFÆÐI

vörurnar fást í Bónus!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus býður betur!

## Einiberjakryddað lúxus lambalæri

frá Kjarnafæði

**1.199** kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg




**Mexico-pylsur**
frá Kjarnafæði.
**649** kr./kg.
Merkt verð 928 kr./kg.




**Sveitabjúgu kofareykt**
frá Kjarnafæði.
**299** kr./kg.
Merkt verð 398 kr./kg.




**Bayonneskinka**
frá Kjarnafæði.
**959** kr./kg.
Merkt verð 1.598 kr./kg.




**Villibráðakryddaðar Grill-lambalærissn.**
frá Kjarnafæði.
**1.398** kr./kg.
Merkt verð 1.998 kr./kg.




BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

### > STONE VEKUR REIÐI

Leikkonan Sharon Stone hefur vakið mikla reiði í Kína fyrir að gefa í skyn að ástæðan fyrir jarðskjálftunum í landinu hafi hugsanlega verið slæmt karma. Tengdi hún skjálftana við stefnu Kínverja í málefnum Tíbet. „Ég hugsaði með mér: „Er þetta karma?“ Þegar þú ert ekki góður við aðra lendir þú sjálfur í vandræðum,“ sagði Stone.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Ekki kúkur og piss í símaskránni

Í seinni tíð hefur notkun símaskrárinnar minnkað til muna, enda Netið komið til sögunnar og 118. Nú er heldur betur komin góð ástæða til að ná sér í eintak af hinum þykka doðranti því Hugleikur Dagsson myndskreytir nýju símaskrána sem kom á götuna í gær.

„Þegar ég tók þetta verkefni að mér var mér bent á að gamlar ömmur fletta í gegnum skrána og ég gæti því ekki verið með líkamsvessa á hverri blaðsíðu,“ segir listamaðurinn. „Ég leit nú bara á það sem áskorun því áður fyrr hef ég oft bjargað mér með því að fara út í kúk og piss-grín þegar ég er kominn í þrot.“

Útkoman er heljarlöng saga, einn rammi á hverri opnu nánast út alla símaskrána. „Fyrstu níu rammarnir eru nú bara fjöll, svona til að gefa tóninn, en svo spinnst sagan áfram,“



**HUGLEIKUR SÝNIR NÝJUSTU BÓKINA SÍNA** Á bak við hann glittir í Sigríði Margréti Oddsdóttur, framkvæmdastjóra Já.

segir Hugleikur. „Strákur er sendur í sveit, sveitastelpa fer til borgarinnar og svo verður þetta smám saman Lord of the Rings-legur ópus. Það er gott grín inn á milli en aðallega er þetta falleg saga og íslensk. Ég tók inn alíslenska hluti eins og jólasveinana og Húsdýragarðinn.“

Hugleikur hefur búið í Hollandi síðasta veturinn og kláraði nýja bók meðfram símaskránni. „Það er Ókei bæ 2 sem kemur vonandi út eftir viku. Þar fékk ég góða útrás fyrir kúk og piss-grínið. Ég er orðinn pínu tómur núna – kominn í listrænt gjaldþrot, getum við sagt – og ætla í gott sumarfrí. Þegar ég er hættur að vera tómur fer ég svo líklega að teikna þriðju bókina um köttinn Kisa.“

Hefðbundin símaskrá er ókeypis en harðspjalda kostar sjö hundruð krónur. Hægt er að nálgast hana í verslunum Bónuss, Símans, Vodafone og á bensínstöðvum Olís og Skeljungs á höfuðborgarsvæðinu og hjá Símanum, Vodafone og á afgreiðslustöðvum Póstsins á landsbyggðinni. **- glh**

# Þráðlausar gítarhetjur í haust

Nýjasti tölvuleikurinn í Guitar Hero-seríunni, Guitar Hero World Tour, kemur út í haust. Í leiknum verður blandað saman gítarspilinu úr Guitar Hero- leikjunum við hljómsveitarupplifun þar sem leikmenn geta keppt saman og notað til þess þráðlaus hljóðfæri. Leikurinn mun innihalda nýja tegund af gítar, trommusett og hljóðnema. Þar fyrir utan verður hljóðver í leiknum þar sem leikmenn geta samið, tekið upp og leyft öðrum að hlusta á eigin tónlist. Í leiknum verður einnig hægt að taka þátt í Battle of the Bands þar sem átta leikmenn geta keppt saman í gegnum netið eða eina tölvu.



**GUITAR HERO** Nýjasti Guitar Hero-leikurinn kemur í búðir í haust.

# Idolstjarna tekur upp Idolstjörnu

„Nú er ég á fullu að pródúsera plötuna,“ segir Snorri Snorrason sem stjórnar upptökum á sólóplötu Alexanders Arons. Þeir Snorri og Alexander þekkjast úr Idol Stjörnuleit 3, þar sem þeir tóku báðir þátt og Snorri sigraði. „Þetta er allt frumsamið hjá honum, mega stykki. Ég stjórna upptökunum og útset lögin,“ segir Snorri. Margir velta fyrir sér hvað varð af Snorra eftir að hann gaf út plötuna Allt sem ég á, sumarið 2006. „Ég er kominn með helvíti góða aðstöðu hérna heima. Ég er eiginlega með aukaíbúð hérna í kjallaranum og þar hef ég innréttað hljóðver,“ segir Snorri sem hefur nóg að gera. Viðamesta verkefni hans þessa dagana er plata Alexanders Arons, en einnig vinnur hann náið með kántrísveitinni Klaufum. Hvað hans söngferil varðar segir hann: „Maður er voða mikið að semja. Ég er bara alltaf á kafi í því



**SNORRI** Tekur upp plötu með Alexander Aroni.

að reyna að ná mér í pening með því að vinna fyrir aðra,“ segir hann. Þótt Snorri hafi haft hægt um sig kom hann engu síður fram með Sverri Stormsker á Broadway á föstudaginn, þar sem þeir félagar hituðu upp fyrir Johnny Logan. „Hann hringdi bara í mig og bað mig um að redda þessu fyrir sig,“ segir Snorri um Sverri. Landsmenn þurfa þó ekki að bíða lengi eftir því að fá að heyra meira í Snorra á öldum ljósvakans. Sjálfur stefnir hann á að gefa út eigið efni sem nóg er til af, en einnig tekur hann upp og flytur lag eftir Kristinn Kristinsson í Sjómannalagakeppni Rásar 2. „Lilli popp er hann reyndar kallaður,“ segir Snorri kátur. **- shs**



# Frá toppi til táar

Allt fyrir sumarsveifluna – mikið úrval af flottum merkjum



redherring
Sólgleraugu 1.990 kr.



PILGRIM
Hálsmen 4.990 kr.



redherring
Taska 4.990 kr.



Tamaris®
Skór 9.995 kr.



BETTY JACKSON. BLACK
Kjóll 16.990 kr.

Red Herring
Maine
J.Taylor
Babbleboom
Ted Baker
Ticket to Heaven
66°N
Tigerlilly
Collection
Collection Petite
Casual Club
John Rocha
Jasper Conran
Julian Mc Donald
Betty Jackson
Mexx
Esprit
Cottonfield
Jackpot
Pilgrim
Part Two
Gerry Weber
Turnover
Solid
Tamaris
Bruuns Bazaar
Imperial
InWear
Deca
BZR
IKKS
Matinique
Gardeur
Finucci
Polo Ralph Lauren
BOSS
Sand
Eterna
Oasis
Jane Norman
Sisley
Wallis
Park
Friis & Company
Femilet
Triumph
Mac
Estee Lauder
Clinique
Shiseido
Lancome
Helena Rubenstein
Biotherm
Origins
Kanebo
Clarins

fókus

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 - POWER | kl. 4.30, 7 og 10 | 12 |
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10.10 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 6 og 11 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 | 7 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN THE TIME OF... | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 5:30 | L |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:30 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 | 16 |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 DIGITAL | kl. 6:30D - 9D - 10D | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 11:30 | 14 |
| U2 3D | kl. 11:40/3D | L |
| IRON MAN 3-D DIGITAL | kl. 6:30 - 9 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 8 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:40 | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 | 12 |
| NIM´S ISLAND | kl. 6 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MADE OF HONOR | kl. 8 | L |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:10 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| INDIANA JONES 4 LÚXUS DOLBY D | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10.15 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 3.50 | |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| KICKIN'IT OLD SKOOL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 10.30 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |
| BEYOND THE VOID | kl. 6 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 6 - 8* | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10* | |

* SÍÐASTA SÝNING

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Spila hlutverkaleiki í 36 tíma

Á þriðja tug manns hefur skráð sig á ráðstefnu verslunarinnar Nexus um hlutverkjaleiki sem verður haldin í Hellinum, Tónlistarþróunarmiðstöðinni, helgina 7.-8. júní.

„Það er ekki beint keppt í þessu heldur er þetta meira svona hittingur. Þarna koma menn saman og spila með þeim sem þeir spila ekki með venjulega. Þetta er „convention" eins og það er kallað úti í Bandaríkjunum þar sem menn kynnast hver öðrum í hobbíinu," segir Helgi Már Friðgeirsson hjá Nexus. „Þetta var mjög reglulegt í gamla daga en er búið að missa aðeins kraftinn og þess vegna ætlum við að reyna að byrja með þetta aftur."

Á ráðstefnunni geta menn tekið



**HELGI MÁR FRIÐGEIRSSON** Helgi segir að hlutverkaleikir séu mjög jákvætt frístundagaman og hvetur alla til að prófa þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þátt í þremur mismunandi tímabilum. Á laugardeginum spila menn vísindaskáldsöguspil á borð við Star Wars en um nóttina taka hryllingsspilin við. Á sunnudeginum er síðan röðin komin að Dungeons and Dragons og álíka fantasíuspilum. „Þeir hörðustu spila í hverju einasta tímabili þótt það séu 36 tímar í einu. Menn sofa þá á sunnudagskvöldinu þegar þeir koma heim," segir Helgi Már, sem hefur sjálfur reynslu af slíkri maraþonspilamennsku.

Helgi segir að hlutverkaleikir séu mjög jákvætt frístundagaman og hafi til að mynda reynst vel í baráttunni gegn vímuefnanotkun. „Í síðustu viku komu félagslega einangraðir krakkar í kynningu til okkar og þeir voru ótrúlega ánægðir. Þetta er mjög hentugt áhugamál því þetta er ekki eins og að spila tölvuleiki þar sem maður er alltaf einn. Í þessu þarf að eiga samskipti við hóp og það er mjög þroskandi." - fb

# Fyrirsætur á færiböndum

**NTC og Nova efndu til tískusýningar á Nasa síðastliðið föstudagskvöld, þar sem gestir gátu kynnt sér nýjustu línu Dieselmerkisins víðfræga. Sýningin var glæsileg í alla staði og vakti ekki síst athygli fyrir umgjörðina. Fyrirsætur gengu eftir færiböndum og risastór ljósveggur og diskókúla settu svip sinn á kvöldið.**



SARA, ELÍN OG ANNA.



HEIÐRÚN OG HELENA.



## NÝ LÍNA DIESEL FÆR GÓÐAR VIÐTÖKUR

Tískusýning NTC og Nova á Nasa á föstudagskvöldið var hin glæsilegasta, eins og sjá má á myndunum. Ný lína Diesel-merkisins virtist falla vel í kramið hjá gestum, sem skemmtu sér hið besta. Að sýningu lokinni tróð hljómsveitin Bloodgroup upp, við ekki síðri undirtektir.







# Hittu lögfræðinga í Bretlandi

„Þetta var mjög góður fundur. Við vorum með tvær möppur af gögnum," segir tónlistarmaðurinn Jóhann Helgason, sem hitti lögfræðing sinn í Bretlandi í síðasta mánuði.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu ætlar Jóhann að höfða mál gegn norska lagahöfundinum Rolf Løvland vegna líkinda með lagi sínu Söknuði og lagi Rolfs, You Raise Me Up, sem Bandaríkjamaðurinn Josh Groban gerði vinsælt. Með Jóhanni í för til Bretlands var Jon Kjell, sem hefur aðstoðað hann í undirbúningi málsins. Kjell tók einmitt upp plötu með Løvland og hljómsveit hans Secret Garden hér á landi á síðasta áratug.

„Við förum yfir þetta frá a til ö og erum á mjög góðri leið með þetta," segir Jóhann. „Breska lagaumhverfið er frábrugðið því íslenska. Þarna er lögð áhersla á alla undirbúningsþætti málsins og að allir þættir málsins séu innan ramma fyrningartíma. Það verður ekki fyrr en seinna í sumar sem fer að draga til tíðinda."

Að sögn Jóhanns hafa fleiri vitni komið fram í málinu sem geta styrkt málsstað hans. Telja lögfræðingar hans, sem starfa hjá hinu gamalgróna fyrirtæki Knight & Sons, að þeir séu með mjög gott mál í höndunum. „Í svona málum hefur höfundarrétti stundum verið skipt, en í þessu tilfelli er lögin mjög lík. Það



**Í BRETLANDI** Jóhann Helgason og Jon Kjell fyrir utan lögfræðistofuna Knigth & Sons í Bretlandi.

má ekkert taka lag og setja bara annan texta við það. Maður hefur séð lög í Idol sem eru útsett upp á nýtt en í raun er miklu meiri munur þar en á milli þessara tveggja laga."

Jóhann lét á sínum tíma bera You Raise Me Up saman við Söknuð og miðað við laglínuna og hljómana eru þau 97 prósent eins. - fb

# Hafnarfjörður er Memphis

**Stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson fagnar afmæli Hafnarfjarðarbæjar um helgina.**

„Ég er alveg óþolandi Hafnfirðingur. Alltaf talandi um hvað Hafnarfjörður sé æðislegur,“ segir Björgvin Halldórsson, gaflari með meiru. Hundrað ára afmælishátíð Hafnarfjarðar gengur í garð í dag og stendur yfir um helgina. Dagskrá hátíðarinnar er íburðarmikil og kemur Björgvin þar fram á tvennum tónleikum. Fyrst á á djasstónleikum í Hafnarborg ásamt Birni Thoroddsen á föstudagskvöldið. „Síðan verð ég með stórsveit á tónleikunum á Víðistaðatúni á laugardagskvöldið og loka því kvöldi,“ segir Björgvin.

Afmælishátíðin hefur verið mikið auglýst að undanförnu með myndum af þekktum Hafnfirðingum. Meðal þeirra eru Keflvíkingurinn Magnús Kjartansson og Þorgerður Katrín sem er fædd í Reykjavík. „Maggi er nú búinn að vera hérna svo lengi að hann er kominn með ríkisborgararétt. Þorgerður er gift Hafnfirðingi og svo spilaði hún minnir mig handbolta með FH,“ segir Björgvin og bendir á að til séu þrenns konar Hafnfirðingar. „Það eru þeir sem eru aðfluttir, ekki fæddir hérna en hafa búið hér lengi. Svo eru það þeir sem eru fæddir á sjúkrahúsi í Hafnarfirði. Síðan er það þriðja gerðin; þeir sem eru bara fæddir heima hjá sér með aðstoð ljósmóður og bala af heitu vatni,“ segir Björgvin en hann fellur einmitt undir síðustu skilgreininguna og því alveg hreinræktaður gaflari.

Björgvin hefur búið um allt höfuðborgarsvæðið en segist hvergi líða betur en í Hafnarfirði. Hann segir mikilvægt, nú þegar höfuðborgarsvæðið er nánast allt farið að tengjast, að bæjarfélögin haldi sérkennum sínum. „Við höfum reynt að gera það. Í miðbænum er mikil uppbygging þar sem gamli og nýi tíminn mætast. Litlir þröngir stígar í gamla stílnum sem setja svip á miðbæinn,“ segir Björgvin.

Meðal tónlistarmanna hefur Hafnarfjörður hlotið áhugavert gælunafn. „Keflavík er Liverpool en Hafnarfjörður er Memphis, þaðan er Elvis,“ segir Björgvin en bendir á að hann sé ekki að líkja sjálfum sér við Elvis. „Þetta er svona grín í tónlistarheiminum. Reykjavík er þá London og Akureyri Bournemouth.“

Björgvin segir að öllum landsmönnum sé boðið í afmælið en dagskrána má finna á www.hafnarfjordur.is.

soli@frettabladid.is



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** Fagnar 100 ára afmæli Hafnarfjarðar ásamt einvala liði listamanna.



**KYLIE MINOGUE** Ástralska söngkonan hélt upp á fertugsafmælið sitt í gær.

# Kylie fertug

Söngkonan Kylie Minogue hélt upp á fertugsafmælið sitt í gær. Hún er um þessar mundir á tónleikaferð um Evrópu og hélt hún upp á þetta stórafmæli í Þýskalandi.

Á meðal þeirra sem fögnuðu með henni voru systir hennar Dannii og foreldrar þeirra sem flugu þangað frá Ástralíu. Kylie þjófstartaði afmælisveislu sinni í Grikklandi í síðustu viku. Þar tók hún þriggja hæða hótel á leigu fyrir gesti sína sem voru um eitt hundrað talsins. Skemmtu þau sér vel langt fram á nótt.




Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is

Pósthúsið



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



BAÐHÚSIÐ
býður öllum konum sem eiga *Sumarkort* eða kort í klúbbinn *ISF97* á sérstaka frumsýningu á **Sex and the City** fimmtudaginn 29. maí kl. 20.00

Miðar afhentir í móttöku Baðhússins.

BAÐHÚSIÐ
heilsulind fyrir konur
Brautarholt 20 105 Reykjavík s. 561 5100
mottaka@badhusid.is www.badhusid.is

Sumarkort einnig til sölu í Þrekhúsinu.
*Sumarkort gildir í báðar stöðvar.*



**Sumarkort gildir til 24. ágúst nk.**
Frjáls mæting í alla opna tíma og glænýjan tækjasal. Einnig fylgir aðgangur að heitri laug, vatnsgufu og hvíldarhreiðri þar sem gott er að koma og slaka á frá amstri dagsins við notalegt gjálfur gosbrunnsins.

Því fyrr sem þú kemur því lengur gildir kortið. Komdu og fjárfestu í heilsunni og gerðu góð kaup í leiðinni.

Sumarkort tilboðsverð kr. **14.990**



## > Sverre líklega ekki með í Póllandi

Enn er óvíst með þátttöku varnartröllsins Sverre Andreasar Jakobssonar í leikjum Íslands í forkeppni Ólympíuleikanna sem hefst í Póllandi á morgun en hann er staddur í Þýskalandi ásamt unnustu sinni þar sem þau eiga von á barni. Guðmundur Þórður Guðmundsson, landsliðsþjálfari Íslands, á síður von á því að Sverre verði með í verkefninu. „Það verður að teljast ólíklegt eins og staðan er núna og ég reikna síður með því að hann spili eitthvað í Póllandi," sagði Guðmundur sem kvað ástandið gott á öðrum leikmönnum liðsins sem hafa verið að æfa í Þýskalandi undanfarna daga. Landsliðið keyrir til Póllands í dag og mætir svo Argentínu á morgun.



# sport

sport@frettabladid.is

**PÉTUR PÉTURSSON AÐSTOÐARLANDSLIÐSÞJÁLFARI:** VIÐBRÖGÐ EFTIR LEIKINN VIÐ WALES Í GÆR

## *Ekki sanngjart að við töpuðum leiknum*

Pétur Pétursson, aðstoðarþjálfari Íslands, var nokkuð sáttur með spilamennsku íslenska liðsins þrátt fyrir 0-1 tap gegn Wales. „Mér fannst við ekki gefa mörg færi á okkur og fengum í það minnsta þrjú ágæt marktækifæri þannig að mér finnst í raun ekki sanngjarnt að við höfum tapað leiknum," sagði Pétur sem kvað íslensku leikmennina vera að gera vel þá hluti sem upp var lagt fyrir þá. „Við erum að reyna að leggja það upp með að menn haldi boltanum innan liðsins og þori og vilji fá boltann og mér fannst við vera að gera það. Miðjumennirnir Aron Einar og Eggert Gunnþór leystu til að mynda sín hlutverk mjög vel í leiknum. Eins fannst mér Arnór Smárason koma vel inn í leikinn og hann er annar af þessum ungu leikmönnum sem eru að taka miklum framförum," sagði Pétur að lokum.



Aron Einar Gunnarsson, maður leiksins, var þokkalega sáttur í leikslok. „Ég er ánægður með hversu vel stemmdir til leiks við mættum. Við unnum mjög vel og við vorum þéttir varnarlega. Svo fáum við á okkur algjörlega óþarft mark sem á ekkert að gerast. Það var skandall. En við lærum bara af þessu, þetta er jú bara æfingaleikur. Það þýðir ekki að vera værukærir undir lokin og fá á sig mark, við getum lært það af þessum leik," sagði Aron sem var sáttur með sinn leik.

„Þetta var allt í lagi, ég var að stjórna miðjunni vel. Ég klikkaði samt á nokkrum sendingum sem ég á ekki að klikka á. En ég reyndi mitt besta en ég er aðeins meiddur í hnénu, það háði mér aðeins."

Fyrirliði Íslands, Kristján Örn Sigurðsson, benti réttilega á að Ísland hefði skapað sér fleiri færi. „Við gerðum margt mjög vel í þessum leik. Það jákvæðasta var líklega að við reyndum að setja á þá allan tímann, við vorum duglegir að halda boltanum og gerðum hvað við gátum og hættum ekkert þrátt fyrir að lenda undir. Það vantaði herslumuninn að við fengjum einhver dauðafæri en okkur gekk þó betur en þeim," sagði Kristján.

## LIÐ ÍSLANDS

**BYRJUNARLIÐIÐ:**

| | |
|---|---|
| Kjartan Sturluson | 5 |
| Reyndi nákvæmlega ekkert á hann þær mínútur sem hann spilaði og gat lítið gert við markinu. | |
| Birkir Már Sævarsson | 6 |
| Ágætur leikur hjá Birki. Varðist vel og lengi, var duglegur að sækja fram og átti nokkrar þokkalegar rispur. | |
| Kristján Örn Sigurðsson | 6 |
| Varðist vel en virkaði á stundum tæpur en slapp fyrir horn. Oft verið betri. | |
| Atli Sveinn Þórarinsson | 6 |
| Skilaði sínu þokkalega, gerði engin stór mistök en hafa verður í huga að lítið reyndi á vörn Íslands í leiknum. | |
| Indriði Sigurðsson | 6 |
| Ágæt endurkoma hjá honum. Varðist vel og var duglegur að sækja. Átti nokkrar ágætar sendingar. | |
| Eggert Gunnþór Jónsson | 6 |
| Hélt sinni stöðu, gerði hlutina einfalt og vann vel með Aroni. | |
| Aron Einar Gunnarsson | 7 |
| Besti maður íslenska liðsins. Sívinnandi, stýrði og dreifði spilinu vel og lengi vel sá eini með lífsmarki í síðari hálfleik. | |
| Gunnar Heiðar Þorvaldsson | 4 |
| Fann sig engan veginn. Duglegur í fyrri hálfleik en kom lítið út úr því sem hann var að gera. Ekki með í síðari hálfleik. | |
| Emil Hallfreðsson | 6 |
| Átti sinn skásta leik í langan tíma. Líflegur framan af, tók menn á en gekk ekkert sérstaklega að finna samherja sína. Fjaraði undan honum líkt og flestum. | |
| Stefán Þór Þórðarson | 6 |
| Byrjaði leikinn frábærlega, mikið líf í Stefáni sem hélt bolta vel og bjó til fyrir félaga sína. Um miðjan fyrri hálfleik var svo allur vindur úr Stefáni sem sást ekki meir. | |

**VARAMENN:**

| | |
|---|---|
| 46., Fjalar Þorgeirsson fyrir Kjartan | 5 |
| Reyndi aðeins meira á hann en Kjartan en samt nánast sama og ekkert. Gerði engin mistök. | |
| 60., Hannes Sigurðsson fyrir Stefán | 4 |
| Bætti engu við og var lítt sjáanlegur. | |
| 60., Helgi Valur fyrir Eggert Gunnþór | 5 |
| Kom ákveðinn inn, átti tvö skot að marki en gerði þess utan lítið. | |
| 70., Theodór Elmar fyrir Emil | 5 |
| Náði ekki að kveikja líf í íslenska liðinu frekar en aðrir. | |
| 77., Jónas Guðni fyrir Aron Einar | - |
| 82., Arnór Smára fyrir Gunnar Heiðar | - |

**Ísland 0-1 Wales**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 5322 Adrian McCourt (x)

*0-1 Ched Evans (45.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–5 (4–1) |
| Varin skot | Kjartan 0 – Hennessey 4 |
| Horn | 6–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–22 |
| Rangstöður | 1–4 |

# Óþarfa tap gegn slöku Walesliði

**Slakt lið Wales lagði Ísland, 1-0, í vináttulandsleik í Laugardal í gær. Ísland var talsvert sterkari aðilinn en skapaði sér nánast engin færi. Wales skoraði úr sínu eina færi.**

**FÓTBOLTI** Fótbolti er einföld íþrótt. Hún snýst um að skora mörk. Það gerði Wales úr eina færi sínu í gær og það dugði afspyrnuslöku velsku liði til sigurs í Dalnum í gær. Þrátt fyrir að vera talsvert sterkari aðilinn mátti íslenska liðið sætta sig við tap.

Það var aðeins eitt lið á vellinum í fyrri hálfleik í gær og það lið var í bláum búningum. Það verður að segjast eins og er að Walesverjar voru engan veginn að nenna því að spila leikinn. Það tók íslenska liðið nokkrar mínútur að átta sig á þeirri staðreynd en um leið og strákarnir gerðu það tóku þeir öll völd á vellinum.

Það var verulega gaman að fylgjast með íslenska liðinu í fyrri hálfleik. Það hélt boltanum vel innan liðsins, leikmenn höfðu sjálfstraust til þess að halda boltanum sem þeir spiluðu stutt með jörðinni og alltaf komu menn hlaupandi í eyðurnar. Það var leikgleði í íslenska liðinu og ólíkt gestunum höfðu þeir áhuga og ánægju af því sem þeir voru að gera.

Besta færi fyrri hálfleiks fékk Pálmi Rafn á 12. mínútu er hann stóð einn gegn markverði Wales eftir frábæran undirbúning Stefáns Þórs. Hennessey gerði vel í að loka markinu og varði í horn. Þetta reyndist vera besta mark Íslands í leiknum.

Leikmenn Wales voru afspyrnuslakir, alltaf skrefi á eftir og það segir sína sögu um baráttuleysið í þeirra herbúðum að þeir brutu ekki einu sinni á íslenska liðinu í fyrri hálfleik. Þeir virtust ekki einu sinni nenna því. Ísland fékk eina aukaspyrnu í fyrri hálfleik en þá hafði boltinn farið í hendi varnarmanns Wales.

Þrátt fyrir gríðarlega yfirburði úti á vellinum gekk íslensku strákunum afar illa að skapa sér góð færi fyrir utan færi Pálma Rafns. Það vantaði drápseðlið í teignum og að reka endahnútinn á sóknirnar.

Það var svo algerlega gegn gangi leiksins þegar varamaðurinn Ched Evans kom Walesverjum yfir á lokamínútu fyrri hálfleiks með frábærri hælspyrnu. Gestirnir því yfir í hálfleik þrátt fyrir að hafa ekki getað neitt allan hálfleikinn.



**BESTUR** Aron Einar Gunnarsson átti góðan leik á miðju íslenska liðsins gegn Wales í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Á ÖÐRUM FÆTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari og aðstoðarmaður hans, Pétur Pétursson, fylgjast hér með leiknum við Wales í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síðari hálfleik verður aðeins lýst með einu orði – dauði! Það gerðist ekkert í síðari hálfleik og þá meina ég nákvæmlega ekki neitt. Velska liðið hélt áfram áhugaleysi sínu, lá til baka og hafði lítið fyrir því að verjast máttlausum sóknum íslenska liðsins.

Það var gjörsamlega allur vindur úr íslenska liðinu og spilamennskan í síðari hálfleik var ekki til útflutnings. Greddan alveg úr leikmönnum sem voru staðir og unnu ekki af sama krafti og í fyrri hálfleik.

Jákvæðasta við leikinn var að miðjuparið unga náði ágætlega saman, ánægjulegt var að sjá liðið halda bolta innan liðsins og spila honum í fyrri hálfleik. Leikskipulagið gekk nokkurn veginn upp fyrir utan að liðið skoraði ekki. Það er ekki ásættanlegt að liðið skapi sér ekki fleiri og betri færi gegn eins slöku liði og Wales var í gær. Ólafur getur þó tekið margt jákvætt úr þessum leik og kannski er það jákvæðasta að hópurinn er að stækka og fleiri menn virðast vera tilbúnir í baráttuna.

**henry@frettabladid.is**


## Þjálfararáðstefna KÞÍ
### um barna- og unglingaþjálfun

Verður haldin laugardaginn 31 Maí í fræðslusetri KSÍ á Laugardalsvelli.

**Dagskrá:**
**10:00 - 12:10** Þjálfun barna og unglinga
*- Kasper Hjulmand þjálfari hjá Lyngby í Danmörku.*
**12:40 - 14:00** KnattspyrnuÞjálfarinn sem stjórnandi og leiðtogi
*- Vilmar Pétursson stjórnendaþjálfari hjá Capacent.*

Aðgangur er ókeypis fyrir félagsmenn í KÞÍ en kr.1000.- fyrir ófélagsbundna.

Skráning á kthi@isl.is


England vann 2-0 sigur á Bandaríkjamönnum í vináttulandsleik á Wembley:

# Smá sárabót fyrir John Terry

**FÓTBOLTI** John Terry steig fyrsta skrefið í átt að því að komast yfir vítaspyrnuklúðrið sitt í úrslitaleik Meistaradeildarinnar, þegar hann skoraði fyrra mark Englands í 2-0 sigri á Bandaríkjunum á Wembley í gær.

Markið skoraði Terry með skalla eftir fyrirgjöf frá David Beckham. Terry fékk auk þess að bera fyrirliðabandið í leiknum og það var því nokkur annar bragur á þessu miðvikudagskvöldi í samanburði við martröð hans í Moskvu fyrir viku.

Seinna mark Englendinga skoraði Liverpool-maðurinn Steven Gerrard eftir flottan undirbúning frá Gareth Barry en miklar líkur eru taldar á því að þeir spili hlið við hlið á miðju Liverpool næsta vetur. Barry var nýkominn inn á sem varamaður fyrir Frank Lampard þegar hann lagði upp markið en enn á ný náðu þeir Lampard og Gerrard engan veginn saman á miðjunni.

Þetta var þriðji leikur Englands undir stjórn Fabio Capello og hann á enn mikið verk fyrir höndum að rífa upp enska landsliðið og það var frekar slakur mótherji en góður leikur sem tryggði þennan sigur í gær. **- óój**



**FÖGNUÐUR** John Terry var sáttur með það að skora í gær. NORDICPHOTOS/GETTY


ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42579 05/08
Göngudagar
20%
afsláttur af öllum gönguskóm
frá fimmtudegi til sunnudags.
Öll helstu merkin í gönguskóm.
MEINDL
THE NORTH FACE
SCARPA
LOWA
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500




Hitinn gerði leikinn í gær að einum erfiðasta leik fyrirliðans Katrínar Jónsdóttur:

# Brosandi og svolítið brúnar



**FÓTBOLTI** Katrín Jónsdóttir lék sinn 73. landsleik í gær og hún segir hitann hafa gert þennan leik af einum þeim erfiðasta af þessum leikjum.

„Ég er mjög ánægð með þennan leik. Við skorum fjögur mörk, höldum hreinu og tökum þrjú stig á útivelli í Serbíu. Það er mjög góður árangur og við erum mjög sáttar við það,“ sagði Katrín. „Auðvitað eru ýmis atriði sem við getum lagfært í okkar leik og betri andstæðingur hefði refsað okkur fyrir. Ég held að hitastigið hafi spilað þar inn í því þetta gekk mjög vel í seinni hálfleik eftir að hitastigið datt aðeins niður,“ segir Katrín.

„Fyrri hálfleikur, og þá sérstaklega lok hans, gerði þetta klárlega að einum erfiðasta leik sem ég hefur spilað. Hitinn var gríðarlegur og hann tók úr manni þrótt og kraft. Við vorum heldur ekki alveg nógu skynsamar í lok fyrri hálfleiks enda var kannski rökhugsunin ekki alveg í lagi í þessum hita. Það hjálpaði okkur samt mikið að hitastigið var aðeins skárra í seinni hálfleik,“ sagði Katrín.

„Við mundum allar eftir Slóveníuleiknum og það vildi engin í liðinu upplifa sömu stemningu og eftir þann leik. Við höfum lært af þeim mistökum og horfum bara fram á við. Það voru allar í liðinu með 150 prósent einbeitingu á þennan leik,“ sagði Katrín sem var kát með leikinn eins og aðrar í liðinu. „Við komum heim brosandi og svolítið brúnar enda búnar að fá smá sól,“ sagði Katrín í léttum tón að lokum.

Fram undan eru tveir heimaleikir og hún segir stelpurnar ætla sér að taka þrjú stig í þeim báðum. **- óój**

# Stórsigur í sjóðandi hita

**Þóra Björg Helgadóttir hélt hreinu í endurkomu sinni í íslenska kvennalandsliðinu þegar íslenska liðið vann öruggan 4-0 sigur í 35 stiga hita í Serbíu í gær.**



**FJÖGUR MÖRK** Margrét Lára Viðarsdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir fagna einu af mörkunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ ALEKSANDAR DJOROVIC

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta er aftur komið á sigurbraut í undankeppni EM eftir flottan 4-0 sigur á Serbum í 35 stiga hita í Serbíu í gær. Íslenska liðið komst yfir strax í upphafi leiksins en þurfti að bíða fram í seinni hálfleik eftir fleiri mörkum.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk og hin 18 ára Sara Björk Gunnarsdóttir og varamaðurinn Katrín Ómarsdóttir skoruðu hin mörkin. Þóra Björg Helgadóttir hélt hreinu í sínum fyrsta leik eftir að hún gaf aftur kost á sér í landsliðið. Ísland er nú í öðru sæti riðilsins, sex stigum á eftir Frökkum og þremur stigum á undan Slóveníu sem er næsti mótherji liðsins á Laugardalsvellinum 21. júní.

„Við pressuðum þær framarlega og þær náðu aldrei almennilega að spila í gegnum okkur. Við vorum síðan mjög beittar, sköpuðum okkur fullt af færum og skoruðum fjögur mörk. Við hefðum getað skorað fleiri mörk en það er mjög jákvætt að halda hreinu og skora fjögur mörk á útivelli og ég er því mjög ánægður,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari.

Ísland tapaði óvænt fyrir Slóveníu í síðasta leik sínum í undankeppninni og það var ljóst að íslensku stelpurnar ætluðu ekki að láta slíkt „slys“ koma fyrir aftur. „Við lærðum mikið af úrslitunum í Slóveníu og ég held að sú reynsla hafi hjálpað okkur mikið í þessum leik. Stelpurnar voru einbeittar frá byrjun,“ sagði Sigurður.

Leikurinn fór fram við mjög erfiðar aðstæður og þjálfarinn játar að hafa haft smá áhyggjur af því. „Við sáum það strax í upphituninni að hitinn var gríðarlega mikill og það er erfitt að spila hápressu í svona miklum hita. Það kólnaði aðeins í seinni hálfleik sem betur fer og þá gekk okkur betur. Seinni hálfleikurinn var mjög góður. Ég vil hrósa stelpunum fyrir að vera mjög einbeittar og einnig að halda út allan leikinn. Við héldum áfram að skapa okkur færi fram á síðustu mínútu,“ sagði Sigurður Ragnar.



**MIKILVÆGT MARK** Sara Björk Gunnarsdóttir stóð sig vel í gær og kom Íslandi í 2-0. FRÉTTABLAÐIÐ/ ALEKSANDAR DJOROVIC

Árangur íslenska liðsins undir stjórn Sigurðar hefur verið frábær og þá fer það ekki milli mála að undir hans stjórn er varnarleikurinn mjög sterkur. „Varnarleikur liðsins er til fyrirmyndar. Það er metnaðarmál hjá liðinu að halda hreinu í hverjum einasta leik,“ sagði Sigurður.

„Slóvenía vann sinn leik á móti Grikklandi 3-1 og er núna orðinn aðalkeppinautur okkar í riðlinum fyrir utan Frakkana. Við eigum þær í næsta leik og það verður hörkuleikur. Við eigum harma að hefna á móti þeim og ég vona að við fáum góðan stuðning frá áhorfendunum heima. Stelpurnar töluðum um það eftir leikinn við Serbíu í fyrra að það væri eins og að hafa tvo aukamenn að fá svona góðan stuðning.“ **ooj@frettabladid.is**

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði í sjötta „alvöru“ landsleiknum í röð í gær:

# Hún skorar bara endalaust

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir hélt áfram uppteknum hætti í undankeppninni og skoraði tvö mörk í gær.

Margrét Lára hefur skorað í öllum fimm leikjum Íslands í undankeppninni og er markahæsti leikmaður riðilsins með sex mörk, einu meira en franska stúlkan Camille Abily.

„Við höfum frábæra leikmenn fram á við eins og Margréti Láru sem skorar endalaust. Hún er að spila frábærlega vel fyrir liðið líka og leggur upp færi fyrir leikmennina í kringum sig,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari eftir leikinn í gær en Margrét spilaði þrátt fyrir að finna til aftan í læri.



**MARKAHÆST** Margrét Lára hefur skorað mest allra í riðli Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

„Hún fann fyrir sársauka og þjösnaðist aðeins á þessu en ég ræddi við hana í seinni hálfleik um það hvort hún vildi klára dæmið og hún vildi gera það,“ sagði Sigurður Ragnar.

Margrét Lára skoraði fernu í síðasta leik Íslands í síðustu undankeppni og hefur þar með skorað í sex „alvöru“ landsleikjum í röð og alls 23 mörk í 23 leikjum í undankeppni HM eða EM. Alls hefur þessi mikla markadrottning skorað 37 mörk fyrir A-landsliðið í aðeins 41 leik. **- óój**


3 DAGA
TILBOÐ
Á ÖLLUM PACKARD BELL FARTÖLVUM
ÞÚ SPARAR
20.000
20.000 KR AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL FARTÖLVUM
Tilboð gilda dagana 29-31 maí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
AÐEINS 3 DAGAR
FIMMTUDAG
10:00 - 18:30
FÖSTUDAG
10:00 - 18:30
LAUGARDAG
11:00 - 16:00

## > Joaquin Phoenix

Phoenix er grænmetisæta og gengur alls ekki í fötum úr dýraskinni. Fyrir kvikmyndirnar Gladiator, Quills og Walk the Line setti hann það sem skilyrði að hann þyrfti ekki að klæðast leðri heldur að búningar hans væru úr gerviefnum. Þar sem hægt var að koma til móts hann er hægt að sjá hann í öllum þessum myndum en Walk the Line er einmitt sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ HEIMILDARMYND UM BOB DYLAN

# *Snillingur sem fer sínar eigin leiðir*

Heimildarmynd meistarans Martins Scorsese um Bob Dylan, No Direction Home, var góð upphitun fyrir tónleika kappans hér á landi. Í myndinni, sem var sýnd á RÚV, var ferill Dylans rakinn allt frá því að hann ólst upp í smábæ í Bandaríkjunum, fluttist til New York og varð stórstjarna. Í myndinni kom glögglega í ljós að Dylan hefur alla tíð farið sínar eigin leiðir á ferli sínum og honum er nákvæmlega sama um hvað öðrum finnst. Hann er einnig lítið fyrir allar skilgreiningar á sinni tónlist og textum og leiðist mjög þegar blaðamenn eða almenningur reyna að setja hann í einhvern bás.

Segja má að tónleikarnir í nýju Laugardalshöllinni hafi borið sterkan keim af þessu því Dylan gerði þar nákvæmlega það sem honum sýndist og lagði sig engan veginn fram um að þóknast íslenskum áheyrendum með því að spila öll sín frægustu lög í sömu, gömlu útsetningunum. Þrátt fyrir að átján ár hafi verið liðin síðan Dylan spilaði hér síðast og ný kynslóð Dylanaðdáenda sprottin upp hér á landi, sem hefur aldrei séð hann á tónleikum, skipti það okkar mann ekki máli. Hann hélt einfaldlega sínu striki, var trúr sjálfum sér og spilaði aðeins örfá gömul og góð lög, og þá í gjörbreyttum útsetningum. Einnig hélt hann sig til hlés, ávarpaði varla áhorfendur og horfði varla á þá.

Hafi tónleikagestir horft á heimildarmyndina eða kynnt sér feril Dylans hefði þeim ekki átt að koma á óvart að hann er ómannblendinn og sérlundaður snillingur sem lætur verkin tala umfram allt annað.



**BOB DYLAN** Tónlistarmanninum Bob Dylan voru gerð góð skil í heimildarmyndinni No Direction Home.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.20** F1: Við endamarkið
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20** The New Adventures of Old Christine
STÖÐ 2



▶ **20.30** Talk Show With Spike Feresten
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.30** The Office
SKJÁREINN



▶ **22.25** Fé og freistingar (Dirty Sexy Money) Lokaþáttur
SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Börnin í Mandarínuskólanum**
**17.58 Litli draugurinn Laban**
**18.05 Krakkar á ferð og flugi**
**18.30 Einn af hverjum 19** Þáttur um fótboltabæinn Akranes eftir Gísla Einarsson og Óskar Þ. Nikulásson.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Skyndiréttir Nigellu** Nigella sýnir hvernig matreiða má girnilega rétti með hraði og lítilli fyrirhöfn.
**20.45 Hvað um Brian?** (What about Brian?) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
**21.30 Trúður** (Klovn)(5:5) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Fé og freistingar** (Dirty Sexy Money) (10:10) Bandarísk þáttaröð um ungan mann sem tekur við af föður sínum sem lögmaður auðugrar fjölskyldu og þarf að vera á vakt allan sólarhringinn.
**23.10 Draugasveitin** (The Ghost Squad) (4:8) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar. (e)
**00.00 EM 2008** (e)
**00.30 Kastljós**
**01.00 Dagskrárlok**

**06.00 Treed Murray**
**08.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**10.00 Must Love Dogs**
**12.00 Just My Luck**
**14.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**16.00 Must Love Dogs**
**18.00 Just My Luck**
**20.00 Treed Murray**
**22.00 Walk the Line** Mynd um lífsbaráttu söngvarans Johnny Cash.
**00.15 Pieces of April**
**02.00 The Cooler**
**04.00 Walk the Line**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Homefront**
**10.55 Matur og lífsstíll**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.40 Amazing Race** (10:13)
**15.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (5:10)
**15.55 Tutenstein**
**16.18 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.43 Nornafélagið**
**17.08 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.30 The Simpsons** (12:22)
**19.55 Friends** (3:23)
▶**20.20 The New Adventures of Old Christine** (11:22) Christina er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem sá fyrrverandi er kominn með nýja og miklu yngri konu.
**20.45 Notes From the Underbelly** (4.13) Ný gamanþáttaröð um spaugilegur hliðarnar á barneignum.
**21.10 Bones** (9:15) Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**21.55 Moonlight** (2:16) Mick St. John er „ódauðlegur" einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann notar yfirnáttúrulega hæfileika til að hjálpa hinum dauðlegu.
**22.40 ReGenesis** (13:13)
**23.30 Around the Bend**
**00.50 Cold Case** (16:18)
**01.35 Big Shots** (10:11)
**02.20 Mrs. Harris**
**03.55 The Legend of Johnny Lingo**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag** (e)
**06.20 Myndbönd frá Popp TíVí**

**07.00 England - USA** Vináttulandsleikur
**14.20 England - USA** Vináttulandsleikur
**16.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**16.55 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
▶**19.20 F1: Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.
**20.15 Formula 3** Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum sem fram fór í Monza á Ítalíu en þar áttu Íslendingar tvo fulltrúa.
**20.45 The Science of Golf** Farið yfir hvernig kylfingar nú til dags eiga að æfa til að halda sér í góðri þjálfun. Farið yfir allt nútímaþjálfun í golfinu.
**21.15 World´s Strongest Man** Nú er röðin komin að keppninni 1986. Jón Páll var sterkastur 1984 en varð að sætta sig við annað sæti árið eftir. Hann mætti öflugur til leiks, staðráðinn í að endurheimta titilinn.
**22.15 World Series of Poker 2007** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

**18.00 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
**19.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.30 EM 2008 - Upphitun** Ítalía - Frakkland
**20.00 EM 2008 - Upphitun** Holland - Rúmenía
**20.30 PL Classic Matches** Tottenham - Man. Utd., 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.00 PL Classic** Matches Arsenal - Leeds, 02/03.
**22.30 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**23.30 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 How to Look Good Naked** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Age of Love** (e)
**19.30 Game tíví - Lokaþáttur** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Everybody Hates Chris** (15:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.
▶**20.30 The Office** (23:25) Bandarísk gamansería. Michael býst við að verða hækkaður í tign og færður í höfuðstöðvar fyrirtækisins en þarf fyrst að finna einhvern til að taka við af sér. Hann ákveður að halda keppni til að finna besta eftirmanninn.
**21.00 Jekyll** (4:6) Þáttaröð frá BBC þar sem klassísk saga um doktor Jekyll og herra Hyde er sett í nútímabúning. Horfið er til fortíðar og séð hvernig Tom og Claire kynntust og hvernig herra Hyde kom fyrst fram á sjónarsviðið.
**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (6:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York. Fjórtán ára gamalt morðmál er grafið upp eftir að óvænt játning liggur fyrir. En fórnarlambið var dóttir fyrrum feguðardrottningar. Barnaníðingur sem handtekinn var í Víetnam játar á sig morðið en Goren og Eames eru ekki sannfærð um að hann segi satt og rétt frá.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 America's Next Top Model Exposed** (e)
**00.20 Cane** (e)
**01.10 C.S.I.**
**01.50 Vörutorg**
**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 EXTRA KL. 17.00 OG 20.00
### Seinfeld



Jerry Seinfeld er farsæll uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkáralegum aðstæðum og taka upp á afar fáránlegum tiltækjum. Þess má geta að höfundur þáttanna ásamt Jerry Seinfeld er Larry David úr Curb Your Enthusiasm.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Skyndiréttir Nigellu
### SJÓNVARPIÐ kl. 20.10

Í þessari þáttaröð sýnir Nigella Lawson hvernig matreiða má girnilega rétti með hraði og lítilli fyrirhöfn. Hinn önnum kafni kokkur getur stytt sér leið og sparað tíma en engu að síður töfrað fram krásir sem enginn matgæðingur fær staðist. Í þessum þætti eldar Nigella meðal annars sesamnúðlusalat, baunapestósúpu og kjúklingaleggi í súrmjólk.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Smásaga: Langferðamaður í Róm
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Með á nótunum
**21.05** Í fáum dráttum
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Söngvaleikurinn Járnhausinn
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld**
**17.30 Talk Show With Spike Feresten** (12:22)
**18.00 Live From Abbey Road** (5:12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. (e)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (8:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
▶**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (12:22) Spike Feresten er einn höfunda Seinfeld og Simpson. Þessi frábæri þáttastjórnandi fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
**21.00 Live From Abbey Road** (5:12) (e)
**22.00 Grey´s Anatomy** (14:16) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi.
**22.45 Medium** (10:16) Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson og heimastjórn stöðvarinnar skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, tekur fyrir málefni neytenda.
**21.30 Hvernig er heilsan?** Guðjón Bergmann ræðir við Ágústu Ernu Hilmarsdóttur framkvæmdastjóra Hrifa um heilsueflingu á vinnustöðum.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge 10.35 Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Opsynsmand i fjeldet **11.50** Forandring på vej **12.20** Ønskehaven **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Væddemålet **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Hammerslag **18.30** Elsker dig for evigt? **19.00** TV Avisen **19.25** Ærlig talt **19.50** SportNyt **20.00** Little Nicky **21.25** Anklaget **22.05** Naruto Uncut **22.30** Ung svensk soldat

## NRK 1

**7.15** I kveld **7.45** Forbrukerinspektørene **8.10** Redaksjon EN **8.40** Hagen i Hune **9.10** Naboer **9.35** Naboer **10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis **10.40** Min mann, Andréj Sakharov **11.35** 'Allo, 'Allo! **12.10** Landsbylegane **13.00** Giro d'Italia direkte: 18. etappe **15.25** Oddasat - Nyheter på samisk **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bjørnen i det blå huset **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Höök **20.30** Omid Djalilishow **21.00** Kveldsnytt **21.15** Snakk til henne **23.05** Kulturnytt **23.15** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**8.00** Mitt släktträd **8.15** Hälsning från Malawi **8.20** Sura laxar och glada taxar **8.30** Runt i naturen - hamburgare **8.35** Grej och Mojäng **8.45** Ett med mobilen **8.55** Banderoll **9.10** Banderoll - debatt **9.25** Katten, musen, tiotusen - sydkurdiska **9.35** Bibliska berättelser - spanska **10.00** Rapport **10.05** Retreat - den raka vägen **11.00** Lantz i P4 **11.30** Flyttlasset går **12.05** Var fan är mitt band? **12.35** Big Love **13.30** Morgonsoffan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.10** The Monkees **16.00** Bolibompa **16.20** Dagens visa **16.25** Simskola **16.30** Mamma Spindels alla små kryp **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Brottet **20.00** Che Guevaras liv och död **21.35** Rapport **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Það er bara kaffi, það er eiginlega kokkamorgunmaturinn. Þegar maður er erlendis fer maður í morgunverðarhlaðborð en að öðru leyti er morgunmaturinn ekki merkilegri en þetta. Þeir kokkar sem eru grand á því fá sér mjólk út í kaffið en upp til hópa erum við svolítið sérstakir.“*

Þráinn Júlíusson matreiðslumaður.

# Simon vill syngja með Eurobandinu

„Þetta er allt í vinnslu. Eina vandamálið er að umboðsmaðurinn hans, sem er jafnframt bróðir Simons, býr í Ástralíu þannig að tölvupóstsskeytin eru ekki alveg að berast á svipuðum tíma dags,“ segir Grétar Örvarsson, guðfaðir og umboðsmaður Eurobandsins. Danski Eurovisionfarinn Simon Mathew er ákaflega áhugasamur um að koma til Íslands og syngja með Eurobandinu á tónleikum hér á landi. Eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir skömmu þá snæddi Eurobandið og Simon hádegisverð í Kaupmannahöfn rétt áður en hersingin lenti á Keflavíkurflugvelli. Norðurlandabúunum varð flestum vel til vina í Serbíu og nú virðist fyrsti ávöxturinn af þeirri frændsemi vera að líta dagsins ljós. Íslenska þjóðin var ákaflega hrifin af danska laginu og gaf því tólf stig, rétt eins og Danir hrifust af þeim Friðriki og Regínu og splæstu á þau tólf stigum.

Grétar segir að ef af verður þá er ljóst að þarna sé um mikinn hvalreka að ræða fyrir aðdáendur Eurovision og Eurobandsins sem fjölgar stöðugt dag frá degi eftir glæsilega frammistöðu í Belgrad. Grétar viðurkennir jafnframt að mikill tími hafi farið í undirbúning fyrir keppnina og æfingar og því hafi gefist lítill tími til að skipuleggja framtíðina. „En við höfum nóg fyrir stafni og maður verður jú að hafa tíma fyrir eitthvað annað.“

- fgg



**SAMEINUÐ Á ÍSLANDI?** Eurobandið og Simon eru orðnir góðir vinir og eftir hádegisverðarfund í Kaupmannahöfn er unnið að því að þau sameini krafta sína á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
2. fangi, 6. ógrynni, 8. forsögn, 9. samstæða, 11. í röð, 12. óbundið mál, 14. hund, 16. ung, 17. fiskur, 18. tunna, 20. verkfæri, 21. horfðu.

**LÓÐRÉTT**
1. stökk, 3. klaki, 4. brölta, 5. loka, 7. farþegarúm, 10. kyrra, 13. hallandi, 15. heila, 16. til sauma, 19. bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gísl, 6. of, 8. spá, 9. par, 11. rs, 12. prósi, 14. rakka, 16. ný, 17. áll, 18. ama, 20. al, 21. litu.

**LÓÐRÉTT:** 1. hopp, 3. ís, 4. sprikla, 5. lás, 7. farrými, 10. róa, 13. ská, 15. alla, 16. nál, 19. at.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson
2. London
3. 43






**JÓNAS ANTÍKSALI** Gerbreyttur svo fólk úr fortíð þekkir hann ekki lengur. Hann verður með athyglisvert antíkuppboð í Hafnarfirði á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓNAS RAGNAR HALLDÓRSSON: 73 KÍLÓ OG ALSKEGG FENGU AÐ FJÚKA

# Óþekkjanlegur antíksali

Jónas Ragnar Halldórsson antíksali gengst fyrir antíkuppboði við Thorsplan, fyrsta antíkuppboðinu undir berum himni og verður þar margt skrautlegra og sögulegra muna slegið. Uppboðið er liður í afmælisdagskrá Hafnarfjarðarbæjar sem nú er 100 ára.

„Sko, þarna verða til dæmis boðin upp tvö mjög fræg ljón. Einstök, tvö hundruð ára, austurlensk að uppruna og er mikill áhugi fyrir þeim,“ segir Jónas Ragnar Halldórsson antíksali. Hann gengst fyrir uppboðinu klukkan tvö á laugardag í hjarta Hafnarfjarðar, við Thorsplan, en þá er afmælishátíð Hafnarfjarðar í fullum gangi.

Jónas rekur antíkbúð við Strandgötu. Hann segist aðfluttur andskoti, eða skrabblari eins og Jónas segir það kallað, en sér ekki eftir því að hafa flutt til Hafnarfjarðar. Jónas hafði áður rekið antíkbúðir í Reykjavík, en venti sínu kvæði í kross og breytti jafnframt algjörlega um lífsstíl. Svo mjög að fólk úr fortíðinni er hætt að þekkja hann á götu. Enda hefur hann losað sig við 73 kíló og skegg sem hann skartaði fauk líka. Hann var 165 kíló. „Já, fólk segir að menn tapi húmornum með kílóunum en það á ekki við um mig. Ég þakka það meðal annars Hafnarfirði,“ segir Jónas alsæll í Firðinum. Segir til dæmis að þar skipti engu þó hann gleymi að loka búðinni yfir nóttina. Í mesta lagi komi fyrir að menn líti inn, skoði sig um og loki svo á eftir sér. „Ég hef gleymt að loka og ekkert mál með það.“

Ljónin sem áður voru nefnd komust í fréttir fyrir margt löngu, en þá var þeim stolið frá Jónasi sem hafði keypt þau á uppboði erlendis. Ljónin birtust svo á uppboði í útlöndum eftir þjófnaðinn og Jónas gerði sér lítið fyrir og eignaðist þau aftur. Svo verður stóllinn sem Bubbi sat í þegar Bandið hans Bubba var sýnt boðinn upp. „Það er ekkert venjulegur maður sem hefur látið allt vaða í þessum stól.“

Jónas segir tímabært að hefja uppboð til vegs og virðingar á Íslandi. Uppboð séu veigamikill liður í menningu margra þjóða, en hér á Íslandi hafi ekki borið eins mikið á þeim og efni standi kannski til. En það er að breytast.

jakob@frettabladid.is



**73 KÍLÓ FOKIN** Jónas flutti í Fjörðinn, breytti um lífsstíl og nú eru kílóin aðeins um 90 en ekki 165. Þessi mynd er tekin fyrir um tveimur árum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Bubbi Morthens** hefur birt alla textana af plötu sinni „Fjórir naglar“ á heimasíðunni Bubbi.is. Alls verða þrettán lög á plötunni sem er væntanleg á afmælisdegi rokkarans, sjötta júní. Útgáfudagurinn gæti þó tafist um einhverja daga, meðal annars vegna þess að til stendur að gefa út þrjú hundruð eintök af plötunni í vinyl-útgáfu. Þetta verður í fyrsta sinn sem Bubbi gefur plötu út á vínyl síðan „Ég er“ kom út fyrir sautján árum.



Langt er síðan fullbókað var í pílagrímsför FTT til Liverpool sem farin verður á föstudag meðal annars til að sjá Paul McCartney og Hljóma í Cavern. Óvænt hafa losnað fimm miðar í ferðina miklu. **Hrafn Gunnlaugsson** er með bronkítis og þar losnuðu tveir miðar og Skarphéðinn Guðmundsson sjónvarpsstjóri, sem ætlaði ekki að láta þetta happ sér úr hendi sleppa, þurfti vegna anna að fórna sínum miðum. Félagar í FTT fengu um þetta póst í gær en íslenskir bítlageggjarar ættu að athuga málin. **Jakob Frímann Magnússon** er sem kunnugt er aðalskipuleggjandi ferðarinnar miklu.



Mikil gleði ríkir nú í Efstaleiti eftir að niðurstöður bárust úr áhorfskönnun Capacent í síðustu viku. Eurovisionkeppnin naut mikilla vinsælda meðal sjónvarpsáhorfenda og sátu landsmenn bókstaflega límdir við skjáinn þegar þau **Friðrik Ómar** og **Regína Ósk** stigu á svið í Serbíu á laugardagskvöldið. Uppsafnað áhorf á úrslitakvöldið var hvorki meira né minna en 91,4 prósent. Slíkar tölur hafa bara sést í kringum áramótaskaupið áður.



-fb/jbg/hdm




# Þekktir Íslendingar verða englar

Þjónustumiðstöð engla er á Íslandi og þaðan fá allir englar alheimsins sín verkefni. Eða þannig virka hlutirnir í sjónvarpsmyndinni Hringfararnir eftir Ólaf „Poppola“ Jóhannsson sem nú er verið að taka upp í Reykjavík. Fréttablaðið hefur greint frá New York-hluta myndarinnar en þar fóru Sopranos-leikararnir Steve Schirripa og Sharon Angela með hlutverk engla sem voru frekar mislagðar hendur í verkum sínum. Hringfarar er heiti yfir engla sem neðstir eru í goggunarröð englahírakíunnar og fá lítið af „bitastæðum“ englaverkum.

Sagan af Hringförunum er nú komin til Íslands og að sögn Kristínu Andreu Þórðardóttur, framleiðanda hjá Poppola, þá er ekki alveg ljóst hvenær og hvar myndin verður frumsýnd. Hugsanlega verði það þó um jólin á RÚV. Hins vegar sé staðfest að fjöldinn allur af þjóðþekktum Íslendingum muni bregða sér í hlutverk engla og nægir þar að nefna Hilmi Snæ Guðnason, Hörpu Arnardóttur, Benedikt Erlingsson, Örn Árnason auk þess sem sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir birtist sem engill í mýflugumynd í myndinni.

- fgg



**ENGLAR** Þau Hilmir Snær, Benedikt Erlingsson, Jóhann G. Jóhannsson og hin unga Kolbrún María Másdóttir á tökustað Hringfara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# LOVELY OG COVET ILMIR
## frá Sarah J. Parker

### Glæsilegur kaupauki í Hagkaupum Holtagörðum

Bíómiði fylgir hverjum keyptum hlut í ilmum frá Sarah J. Parker*







*Gildir til 1. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## Að stimpla sig út

Í viku átti ég þess kost að lifa lífinu án þess að þurfa svo mikið sem einu sinni að leiða hugann að ruglinu í borgarstjórn, Ingibjörgu og Geir, sem eru ægilega sár að Stöð 2 skuli minna þau á gömul loforð, og öllu íslenska rausinu, tuðinu og vælinu sem hér flýtur hvarvetna um eins og notaðir smokkar í skítalæk.

**AÐ** stimpla sig út úr íslenskri þjóðmálaumræðu og stimpla sig inn í annað land og annan veruleika, er unaðsleg tilfinning. Ég endurfæddist þegar íslensk „vandamál“ voru sem órafjarlægt kusk í sólarlaginu, fann mig sjálfan og kjarna minn. Allt sem hér fer fram og fyllir dálksentimetra blaða, fréttatíma og blogg skiptir akkúrat engu máli í hinu stóra samhengi hlutanna. Það að fólk skuli yfirleitt nenna að velta sér upp úr þessu er bæði sorglegt og fyndið.

**ÞEGAR** ég kom aftur heim byrjaði gamla vindmyllan að snúast. Eins og skilyrtur læmingi fór ég strax að leggja eyrun við fréttatímana. Byrgið, Björn Bjarnason, brjálaðar löggur takandi krakka kverkataki, bla bla bla. Ég fann að ég var að sogast aftur inn í gamla andlausa lofthjúpinn. Bráðum færi ég að hafa skoðanir. Bráðum færi ég að æsa mig. Bráðum færi ég eyða umtalsverðum tíma og orku í fullkomið tilgangsleysi í stað þess að njóta lífsins og vera ég sjálfur eins og ég hafði gert í útlöndum.

**STAÐREYNDIR** eru einfaldar á Íslandi. Sjálfstæðisflokkurinn er stærstur og verður það líklega alltaf. Þótt helstu forkólfar flokksins yrðu upplýsir að mannáti í Valhöll – og sláandi myndir myndu birtast í blöðum af veisluhöldunum – myndu að minnsta kosti 33 prósent landsmanna kjósa flokkinn eftir sem áður. Aðrir flokkar skiptast svo á um að vera hækjur Sjálfstæðisflokksins þar sem það þarf. Þegar þeir fá ekki að vera hækjur eru þeir ægilega harðir og bölsótast út í Flokkinn og hækjuna, komist þeir þar að sem hækjur halda þeir auðmjúkir kjafti og tala um málamiðlanir og samkomulag. Á fjögurra ára fresti fáum við að velja hver verður næsta hækja Sjálfstæðisflokksins. Rosalega sniðugt þetta lýðræði.

**SVO** til hvers að æsa sig? Þeir sem ráða, ráða, og þeir sem ráða ekki, ráða ekki. Í sumar ætla ég í algjört fréttabindindi. Ég mun upplifa sælu fáfræðinnar. Ég held það verði unaðslegt.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 29. maí, 151. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.30 | 13.25 | 23.23 |
| Akureyri | 2.44 | 13.10 | 23.39 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


